Ríkisféhirðir tekur við peningabréfssendingum og ábyrgðarpóstsendingum stíluðum til ríkisféhirðis eða ríkissjóðs og ber einn ábyrgð á því, að öll þau bréf komi til skila. Peninga og bankaávisanir, sem fylgja slíkum bréfum, skal strax leggja í sjóð og gefa kvittun fyrir. Aðrar ávisanir frá innheimtumönnum ríkissjóðs skráir ríkisféhirðir hjá sér og innheimtir andvirði þeirra og greiðir það í sjóð svo fljótt,

sem kostur er á. Tilkynna skal innheimtumönnum skriflega, ef ávísun frá þeim 3
fæst eigi greidd eða greiðsla hennar dregst. 4. jan.

6. gr.

Allar inn- og útborganir skulu færðar í sjóðbók áður en þær eru framkvæmdar og er féhirði óheimilt að taka við innborgun eða greiða fé nema bókunin hafi farið fram. Ríkisbókari eða aðstoðarmaður hans annast færslu sjóðbókarinnar. Í sjóðbókina skulu einnig færðar innborganir í bankareikninginn og útborganir úr honum. Fylgiskjölín skulu merkt tölum í framhaldsröð, og tala þeirra færð í sjóðbókina. Sá, sem sjóðbókina færir, skal einnig meðundirrita kvittanir fyrir innborgunum og ávísanir á bankareikning, sbr. 2. gr.

Niðurstaða sjóðbókarinnar sýnir hve mikið á að vera í sjóði í lok hvers dags.

7. gr.

Afgreiðsla ríkisféhirðis skal vera opin fyrir almenning kl. 10—12 og kl. 13—15 daglega nema á laugardögum kl. 10—12.

8. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 15 22. janúar 1919, um framkvæmd á störfum ríkisféhirðis.

Fjármálaráðuneytið, 4. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

um framkvæmd líkbrennslu.

4

9. jan.

Samkvæmt lögum um líkbrennslu nr. 41 frá 3. nóv. 1915, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um bálstofur.

1. gr.

Líkbrennslu má aðeins framkvæma í bálstofum, sem viðurkenndar hafa verið af kirkjumálaráðuneytinu.

Eigi má hefja byggingu bálstofu, nema fyrir liggja samþykki ráðuneytisins um staðsetningu og fyrirkomulag í aðalatriðum.

Eigi má hefja starfrækslu bálstofu fyrr en ráðuneytinu hefur verið tilkynnt, hverjir séu stjórnendur hennar og ábyrgir fyrir því, að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Bálstofum skal ávallt haldið í góðu lagi. Tæki öll skulu vera vel nothæf, starfslið nægjanlegt og starfshættir hreinlegir, skipulegir og viðfelldnir.

Ráðuneytið og heilbrigðisstjórnin skulu ávallt eiga þess kost að hafa eftirlit með rekstri bálstofanna.

4
9. jan.

3. gr.

Ef brotin eru fyrirmæli laga eða reglugerðar um líkbrennslu og framkvæmd hennar svo og fyrirmæli stjórnarvalda samkvæmt þeim, má svipta bálstofu viðurkenningu ráðuneytisins, unz tryggt er, að úr sé bætt því, er áfátt var.

II. KAFLI

Um skilyrði fyrir framkvæmd líkbrennslu.

4. gr.

Við hverja bálstofu skal halda bálfarabók, sem skal vera löggilt af ráðuneytinu, og skal þar innfært í samfelldri töluröð, við hvert lík sem brennt er, fullt nafn hins látna, dánarstaður, dánardægur og brennsludagur, svo skal og skráð með hverjum hætti öskunni er fyrir komið.

5. gr.

Eigi má brenna lík nema fengið sé vottorð dánarvottorðsgefanda eða læknis þess, sem stundað hefur hinn látna, um að þeir álíti engan grun vera fyrir hendi um, að glæpsamlegt verk hafi valdið dauða hins látna. Lögreglustjóri á andlátsstaðnum skal rita á vottorð þetta yfirlýsingu um, að ekkert sé því til fyrirstöðu frá hans hendi, að líkið verði brennt. Skal lögreglustjóri, áður en hann gefur vottorð þetta, fullvissa sig um, að uppfyllt séu skilyrði laga um löglega ákvörðun líkbrennslu, samkvæmt 2. gr. laga um líkbrennslu. Þá skal lögreglustjóri og ganga úr skugga um, að andlátið hafi verið tilkynnt skiptaráðanda og til færslu í kirkjubók.

Nú hefur andlát borið að erlendis, og skal þá fengin yfirlýsing frá lögreglustjóra þar, sem hinn látni var búsettur, en hann hafði eigi átt búsetu hér á landi, skal lögreglustjóri þar, sem líkbrennslan er framkvæmd, gefa yfirlýsingu um efni það, sem að ofan greinir.

6. gr.

Vottorð samkvæmt 5. gr. skulu merkt með innfærzlutölu líkbrennslu í bálfarabók, og skulu geymd í skjalasafni bálstofu.

Beiðnir aðstandenda um líkbrennslu samkvæmt síðari hluta 1. mgr. og samkvæmt 2. mgr. 2. greinar laga um líkbrennslu, skulu vera skriflegar og geymast með sama hætti.

III. KAFLI

Um framkvæmd líkbrennslu og meðferð ösku.

7. gr.

Stjórnendum bálstofu og starfsmönnum ber að sjá um, að gætt sé góðra háttá við meðferð líks og framkvæmd brennslu.

8. gr.

Þegar að lokinni brennslu skal öskunni vandlega safnað saman og hún látin í lokað hylki eða ker, sem til þess er sérstaklega ætlað. Skulu ílát þessi gerð úr haldgóðu efni, brenndum leir, steini, málmí eða öðru jafngildu efni. Þó má notast við ílát úr haldminna efni, ef jarðsetja skal öskuna þegar í stað í kirkjugarði eða duftreiti við bálstofuna.

Ef eigi skal jarðsetja ösku þegar að lokinni bálför, skulu hylkin eða kerin merkt með einkenni bálstofunnar og nafni hins látna. Skal þá, eftir löglegri ákvörðun hlutaðeigandi aðstandenda, koma hylkjunum eða kerunum fyrir í kapellu eða grafhýsum kirkjugarðs eða geymsluhvelfingum við bálstofuna. Ef senda þarf öskuna

til annarra staða, annast forráðamenn bálstofu einir um sendinguna, og skulu þeir 4
aðeins senda öskuna hlutaðeigandi sóknarprestum eða kirkjugarðsvörðum, eða eftir 9. jan.
atvikum forráðamönnum bálstofu, er skulu sjá um jarðsetningu öskunnar.

9. gr.

Ef brennsla fer fram utan heimilssóknar hins látna, ber forráðamönnum bál-
stofu að tilkynna sóknarpresti í heimilissókn hins látna brennsludag og stað.

Ef ösku er komið fyrir utan heimilissóknar hins látna, ber þeim, er annast um
jarðsetningu, eða aðra geymslu öskunnar, að tilkynna sóknarpresti í heimilissókn
hvar öskunni hefur verið fenginn staður.

10. gr.

Eigi skal heimilt nema með leyfi ráðuneytisins að flytja ösku frá þeim stað,
er henni hefur verið valinn samkvæmt ofansögðu.

11. gr.

Um duftreiti og kapellur innan kirkjugarða fer eftir þeim reglum, er settar
eru af lögskipuðum forráðamönnum kirkjugarðanna, og skulu þeir um þessi efni
hafa samráð við forráðamenn bálstofu, er að kirkjugarði liggur.

12. gr.

Ef forráðamenn bálstofu vilja koma upp duftreiti eða geymsluhvelfingum utan
kirkjugarða og í sambandi við bálstofuna, skulu um þetta settar reglur, er ráðu-
neytið samþykkir.

13. gr.

Ef bálstofa er lögð niður, skulu öll skjöl og bálfarabækur afhentar ráðuneyt-
inu. Ráðuneytið skal ávallt eiga aðgang að öllum bókum og skjölum bálstofu.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

5

10. jan.

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt samkvæmt

12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts og
má áfrýja úrskurði hans til ríkisskattaneftndar Íslands.

Kærufrestur til skattstjóra er í Reykjavík til 15. febrúar og annars staðar á
landinu til 28. febrúar 1951.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í síðasta lagi 15. apríl 1951.

Kærufrestur til ríkisskattaneftndar er til 15. maí 1951, og skal hún hafa lokið
kæruúrskurðum í síðasta lagi 30. júní 1951.

5 Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði
10. jan. ríkisskattanevndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 15.
ágúst 1951.

2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar
komi: 15. júlí 1951.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22 1950 og breytingum á
þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

6

12. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 162/1949, um Þjóðleikhús.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri leikhúss-
ins. Leita skal samþykkis þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er
stofnunina varða, svo sem fjárhagsáætlun leikhússins ár hvert, fjölda fastráðinna
leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra, verð á aðgöngumiðum,
meiri háttar breytingar á rekstri leikhússins og enn fremur þau undir það þau
málefni, er formaður ráðsins eða þjóðleikhússtjóri æskja að það fjalli um.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra ræður skrifstofustjóra Þjóðleikhúss að fengnum tillögum
þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra. Skrifstofustjóri hefur á hendi reikningshald
stofnunarinnar, fjárreiður og önnur störf, er varða daglegan rekstur, undir stjórn
þjóðleikhússtjóra. Skrifstofustjóri getur gert tillögur um allt, sem lýtur að bættri
fjárhagsafkomu stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart þjóð-
leikhússtjóra og þjóðleikhúsráði.

Reglugerð þess, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um
Þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. janúar 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Vestmannaeyja,
nr. 116 22. ágúst 1949.

7

15. jan.

Auk heimildar til hækkunar í V. kafla gjaldskrárinnar skal heimilt að hækka gjöld samkvæmt I. kafla um allt að 30%, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni.

8

16. jan.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða.

2. gr.

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

Þeir, sem hafa notað að minnsta kosti 250 lítra af benzíni á undanfögnu ári til annars en bifreiða, eiga rétt til endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni. Þeir, sem minna hafa notað, eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

3. gr.

Hver notandi um sig sækir um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en bifreiða, til hverra nytja það hefur farið, og ef um notkun til fleira en eins er að ræða, hve mikið af benzíni hafi farið til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verksmiðjunafn) og hestaf, svo og notkunartíma. Beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur, og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzínið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverðið.
2. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því.

- 8 3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi þar sem benzínið hefur
16. jan. verið notað, um að notkunin hafi farið þar fram og hve langan tíma af endur-
greiðsluárinu, sbr. 2. gr.
Ef vísitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer
um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur
má og senda lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi býr, og afgreiðir
lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endur-
greiðsluna til útborgunar þeim, sem í hlut á.

Ef umsækjandi óskar eftir að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd
öðrum en honum sjálfum ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn
og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni,
svo greinilega, að ekki verði um villt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzíni fyrir undanfarið
endurgreiðsluár skulu vera komin til hlutaðeigandi lögreglustjóra fyrir 15. febrúar
ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15.
marz ár hvert.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og öðlast þegar
gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kristján Thorlacius.

9

19. jan.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók,
nr. 67 14. maí 1949.

1. gr.

Síðasti málsliður c-liðs 29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:
Innlend strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó
lestagjald ekki oftár en einu sinni í mánuði hverjum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl
1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1951.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1951.

Auglýsing um bókun um viðskipti milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. janúar 1951, nr. 1.

Lög um breyting á lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, undirskrifuð af forsetanum 24. janúar 1951, nr. 2.

Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabífreidda til landbúnaðarþarfa o. fl., undirskrifuð af forsetanum 27. janúar 1951, nr. 3.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fjórar jarðir og landspildu í opinberri eigu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af forsetanum 29. janúar 1951, nr. 5.

Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 6.

Auglýsing um loftflutningasamning milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. janúar 1951, nr. 7.

Ábúðarlög, undirskrifuð af forsetanum 5. febrúar 1951, nr. 8.

Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 6. febrúar 1951, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt, undirskrifuð af forsetanum 9. febrúar 1951, nr. 11.

Lög um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 12.

Lög um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 13.

Fjárukalög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

Lög um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

Lög um mælingu og skrásetningu löða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 16.

Lög um Náttúrugripasafn Íslands, undirskrifuð af forsetanum 10. febrúar 1951, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1951, nr. 18.

Lög um sveitarstjóra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1951, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verk-svið landlæknis og störf héraðslækna, undirskrifuð af forsetanum 19. febrúar 1951, nr. 21.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um breyting á lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum 22. febrúar 1951, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1951, nr. 25.

Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Lög um meðferð opinberra mála, undirskrifuð af forsetanum 5. marz 1951, nr. 27.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 6. marz 1951, nr. 28.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 7. marz 1951, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit, og verðlagsdóm, og lögum nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtiðarráðstafanir, vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Lög um loðdýrarækt, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1951, nr. 32.

Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 33.

Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 17 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1951, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátáutvegsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, undirskrifuð af forsetanum 15. marz 1951, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 122 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um vinnumiðlun, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 16. marz 1951, nr. 42.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnhússins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 45.

Fjáraukalög fyrir árið 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 46.

Lög um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 47.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til

útgerðarmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.

Lög um sölu lögveða án undangengins lögtaks, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1951, nr. 51.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 6. marz 1951, nr. 52.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 53.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Dalvíkur.

10

18. jan.

I. RAFORKA

Rafveita Dalvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Suða.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Vélar.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

10

18. jan.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafkerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 760.00
2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 1140.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppt í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Húseigandi greiðir grunn gjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meira en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3 sinnum 70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 20.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Dalvíkur, nr. 55 frá 6. apríl 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

11

22. jan.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um söluskatt frá 13. júlí 1950.

Aftan við 6. gr. C. komi nýr töluliður, sem verður nr. 14, svo hljóðandi:
Flutningar á sjó á innlendum afurðum.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

GJALDSKRÁ

HÉRAÐSRAFMAGNSVEITNA RÍKISINS

fyrir Árnes-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Skagafjarðar-,
Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur.

12

23. jan.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku í ofangreindum sýslum á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 auru hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 7.00 á m² á ári.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 2.00 á m² á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
 - a. Grunnjald (mælisteiga o. fl.)

— af einfasa mælingu	kr. 4.00 á mánuði.
— af þrífasa mælingu	— 8.00 á mánuði.
 - b. Orkugjald

— af allri notkun	kr. 0.40 á kwst.
-------------------------	------------------
 - c. Fastagjald

— af hverri fastagjaldseiningu	kr. 4.00 á mánuði.
--------------------------------------	--------------------

Fastagjaldseiningar reiknast sem hér segir:

(1) Fyrir fjölskylduheimili

— ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 m² telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

(2) Fyrir félagsheimili, (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)

— ein eining fyrir hverja 20 m² gólfflatar.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlíð. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalda af slíkum húsum.

2. Raforku til suðu og hitunar má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða:

12
23. jan.

Um sérmæli á 37 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur heimilisnotkun seld eftir A-lið.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 aura hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw, um kwst.mæli:
 - a. Á 40 aura hverja kwst.
 - b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst í senn.
3. Um mæla á kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 12 aura fyrir hverja notaða kwst.
4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 300.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafl.
5. Sumarnotkun til súgurrkunar og hliðstæðra nota má selja eftir lið C-4 með 50% afslætti á fastagjaldinu, gegn því skilyrði, að kaupandinn skuldbindi sig til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spenna og annarra aðstæðna samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju einstöku tilfalli.

Almenn skilyrði fyrir orkusölu til vélanotkunar.

Útiloka skal stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 f. h., og enn fremur ber að útiloka allar aðrar vélar eftir því sem unnt er, þegar spenna er lág og aðrar aðstæður gera það nauðsynlegt að dómi rafmagnsveitustjóra.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst.
2. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., ef

straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 85 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22. 23. jan. 12

3. Þar sem aðstæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimili að selja rafmagn til útlýsingar á 55 aura hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda og endurnýjun ljóskúlna sé einnig kostuð af honum.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 20 króna gjald. Gjaldið skal greitt í aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið gjaldskrárinnar breytast með kolaverði, þannig að gjaldskrárverðið teljist svara til 400 króna útsöluverðs á kolum í Reykjavík og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola þar.

Frá því, er gjaldskrá þessi kemur til framkvæmda, falla úr gildi eftirfarandi gjaldskrár:

Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, nr. 53 1. apríl 1948, ásamt breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 10 20. janúar 1949.

Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Staðaveitu í Suður-Þingeyjar-sýslu, nr. 54 1. apríl 1948.

Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur, nr. 89 30. júní 1949.

12 Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Skagafjarðarsýslu, nr. 78 26. apríl
23. jan. 1950.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

13 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Guðmundssonar
25 jan. og Elísabetar Engilbertsdóttur á Flateyri í Önundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt
ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Guðmundssonar og Elísabetar Engilbertsdóttur
á Flateyri í Önundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sonum nefndra hjóna, Guðjóni E. Jónssyni, Ísafirði, og Guðmundi M. Jónssyni, Flateyri, á aldarfæðingarárstíð Jóns Guðmundssonar, sem er 14. ágúst 1950. Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbanka Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjárins og minningargjöfum eða öðrum gjöfum, sem honum kunna að berast.

3. gr.

Fé sjóðsins skal jafnan geymt í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum veðvaxtabréfum jafntryggum. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxtabréfafúlgju sjóðsins á hverjum tíma, geymast í Sparisjóði Önfirðinga.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun og námsstyrki stúlkum eða piltum úr barnaskóla á Flateyri, eftir ákvörðunum sjóðstjórnar. Til styrkveitinga má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna skal lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 25000 krónur. Úr því má verja $\frac{1}{10}$ hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en $\frac{9}{10}$ hluti leggist jafnan við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: skólastjóri barnaskóla Flateyrar, og er hann formaður, oddviti hreppsnefndar Flateyrarhrepps og einhver ættingi greindra hjóna, en ef hann getur ekki tekið sæti í stjórn sjóðsins, þá skipar hreppsnefnd Flateyrarhrepps mann í hans stað.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar birtir í Lögbirtinga-
blaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsreikninga Flateyrahrepps.

13

25. jan.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 14. ágúst 1950.

Guðjón E. Jónsson.

Guðmundur M. Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Björgunarverðlaunasjóð Kristjönu 14
Salómonsdóttur og Kristjáns Marínós Sölvasonar“, útgefin á venjulegan hátt ad 26. jan.
mandatum af dómsmálaráðherra 26. jan. 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunarverðlaunasjóð Kristjönu Salómonsdóttur og
Kristjáns Marínós Sölvasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Björgunarverðlaunasjóður Kristjönu Salómonsdóttur og Marínós
Sölvasonar frá Litla Árskógssandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigurvin Edílónssyni á Litla Árskógssandi, til minn-
ingar um konu hans, Kristjönu Salómonsdóttur, sem lézt 30. desember 1942, og fóstur-
son hans, Marínó Sölvason, sem lézt 22. febrúar 1943.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og halda við slysavörnum með því, að hvetja
menn til hjálpar og björgunar manna úr sjávarháska.

4. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 10 000.00. Hann skal jafnan vera undir umsjón og
varðveizlu Slysavarnafélags Íslands, enda verður sjóðurinn afhentur stjórn Slys-
varnafélagsins ásamt skipulagsskrá þessari.

5. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands ber að sjá um að sjóðurinn verði ávaxtaður á
sem tryggastan hátt, og jafnframt að hann gefi sem beztan arð. Þó skal höfuðstóll
aldrei lagður í neina áhættu. Stjórn Slysavarnafélagsins annast annar útborganir úr
sjóðnum, sér um allar fjárreiður hans og gerir reikningsskil fyrir honum. Skal sjóð-
urinn vera notaður á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

6. gr.

Vextir skulu lagðir óskertir við höfuðstól næstu 3 ár. Eftir þann tíma skal verja
 $\frac{3}{5}$ vaxtanna til verðlauna fyrir björgunarafrek manna úr sjávarháska. Þó skulu
verðlaunin eigi veitt fyrr en ári síðar en björgunarafrekið var framkvæmt, til þess

14 að full sönnun sé fengin fyrir öllum tildrögum og aðstæðum við björgunina. $\frac{2}{5}$ vaxt-
26. jan. anna skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur. Eftir það má verja $\frac{1}{10}$ vaxtanna samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Úthlutun verðlauna úr sjóði þessum sé á valdi þriggja manna nefndar, er þessir menn skipa:

1. Forseti Slysavarnafélags Íslands.
2. Víglubiskup Hólabiskupsdæmis.
3. Útibússtjóri Landsbanka Íslands, Akureyri.

Ef svo færi að eitthvert þessara embætta eða starfa legðist niður eða breyttist verulega frá því, sem nú er, skal leitað úrskurðar dómsmálaráðherra Íslands um skipun þessarar nefndar. En ætíð skal hafa í huga það markmið, er skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

8. gr.

Nú eru verðlaun veitt úr sjóðnum samkvæmt framansögðu, og skulu þau að öðru jöfnu veitt fyrir björgunarafrek, unnin á Norðurlandi. Að öðru leyti er það á valdi téðrar úthlutunarnefndar hversu oft verður úthlutað verðlaunum úr sjóðnum og hversu háum hverju sinni, innan þeirra takmarka, sem felast í 6. gr.

9. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á móti gjöfum og fjárframlögum af öðrum, og er það von stofnanda hans, að einstaklingar og félag, sem unna slysavarnamálum — einkum á Norðurlandi — telji tilgang sjóðsins þess verðan, að hann sé efldur með fjárframlögum stærri eða minni, eftir vilja og getu hvers eins. Þau fjárframlög, sem á þann hátt kynnu að berast sjóðnum, verða þó því aðeins þegin, að þau á engan hátt breyti tilgangi og markmiði sjóðsins, samkvæmt því sem að ofan greinir í skipulagsskrá þessari.

15

29. jan.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-
samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

1. gr.

Í stað orðanna „kl. 10 og kl. 12“ í 20. gr. í lögreglusamþykkt fyrir Vestmanna-
eyjar 31. marz 1928, komi: kl. 8 og kl. 10.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1951.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Skútu“ í Mývatnssveit, 16
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. janúar 1951. 30. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Skútu í Mývatnssveit.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skúta. Starfssvið hans er Skútustaðahreppur.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er síra Hermann Hjartarson, skólastjóri að Laugum, prestur að Skútustöðum 1916—1944. Stofnfé sjóðsins er 15 000.00 — fimmtán þúsund — krónur, sem stofnandi lagði á vöxtu í árslok 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja lið bændum og öðrum í Mývatnssveit, er byggja á jörðum sínum íbúðar- eða peningshús. Skulu slíkir menn eiga kost á að fá lán af sjóðnum um tiltekið árabíll, án vaxtagreiðslu.

4. gr.

Samkvæmt fyrirmælum stofnanda sjóðsins fer sveitarstjórn Skútustaðahrepps með fjárhald hans og stjórnar honum, og ábyrgist fyrir sveitarsjóðsins hönd, að fé sjóðsins glattist ekki í útlánnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hverjum skuli veitt lán úr sjóðnum, til hve langs tíma og gegn hvaða tryggingum. Útlán úr sjóðnum og endurgreiðslur skulu fara fram um áramót. Stjórn sjóðsins tilkynnir með nægum fyrirvara, hvenær umsóknir um lán úr sjóðnum skulu komnar henni í hendur.

Fé sjóðsins má ekki skipta í meira en tvö lán, nema fjárhæð sjóðsins aukist um 50% eða meira frá því, sem stofnfé hans nam í upphafi.

Reikningur sjóðsins skal yfirfarinn af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga á ári hverju.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af þeim hluta hans, sem ekki er í útlánnum, gjafir, áheit, samskot og hvers konar önnur fjáröflun, sem stjórn sjóðsins þykir vel við eiga að stofna til hans vegna.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, samkvæmt frumdrögum, er stofnandi sjóðsins lagði henni í hendur við afhendingu stofnfjárins. Gengst sveitarstjórnin, fyrir hönd Skútustaðahrepps, undir þær skuldbindingar, sem í henni felast.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps

Jón Gauti Pétursson.

17

AUGLÝSING

30. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 64 24. apríl 1946.

1. gr.

43. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:
Saumur alls konar, stál og stálvörur, stálvír.
2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskbein.
3. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg:
Sement, kol og koks, salt.
4. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskur ísvarinn, fiskur hraðfrystur.
5. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskinjöl, fóðurmjöl, garðávéxtir, korn og mjölvara, kartöflur, kálmeti, síldarmjöl, saltfiskur verkaður og óverkaður.
6. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Áburður, tilbúinn, hey, kjöt alls konar, lýsi, múrhúðunarefni, mör, mór, olía (fuel), sykur alls konar, tólg, vikursteinn, þakhellur.
7. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
Steinolía, hráolía.
8. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
Beita alls konar, freðsild.
9. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
Benzín, fiskilínur, fiskumbúðir, gærur, garnir, gashylki, hvalfeiti, hessian, hampgarn, hrogn, járn alls konar, járnþipur, jurtafeiti, smurningsolíur, reiðingur, smjörlikisolíur, skinn (hörð), strigapokar, tvistur, ull, ullarballar.
10. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:
Akkeri, bárujárn, blý, brauðvörur, bækur, hevinnsluvélar, kaðlar, kitti, kalk, korkur, kex, krossviður, linoleum, miðstöðvarkatlar, miðstöðvarofnar, miðstöðvarvarahlutir, menja, málning alls konar, net og nætur, plógar, pappír, smjör, smjörliki, timbur (eftir þyngd), tjara, vír, vírnet, vélar alls konar, vara-hluti til véla, þakpappi, önglar, þvottapottar með eldstó.
11. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hver 100 kg:
Eldavélar og tilheyrandi, gólf og veggflísar, gúmmi, gúmmískótau, herfi, olíufatnaður, veggfóður.
12. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 10 kg:
Grænsápa, járnkeðjur, lakk, lím, leður og leðurvörur (algengar), litarvörur þungar, meðalálýsi, tin, zink, öl og gosdrykkir, ölgerðarvörur.
13. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 10 kg:
Ávéxtir þurrkaðir, ávéxtir nýir, barnakerrur, blek, blikkvörur, baðlyf, bök-unardropar, brýni, burstavörur, essensar, eldhúsáhöld, fuglar, gips, gerduft, ger-efni, gólfklútar, glervörur alg., handkerrur, hestakerrur, hjólbörur, hverfi-steinar, iðnaðarvörur smærri, járnvörur smærri (skrár, lamir etc.), krydd alls konar, kaffi, kaffibætir, krít, leirvörur alg., lyfjavörur, niðursuðuvörur, ný-lenduvörur, prjónavélar, rúðugler, rúsínur, sýrur, sóði og aðrar hreinlætisvörur,

saumavélar, skilvindur, sveskjur, segldúkur, sundmagi hertur, skó- og gólf-
áburður, prentsverta, tómatar, verkfæri alls konar.

17
30. jan.

14. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:

Bolstrunarefni, eldspýtur, húsgögn, húsgagnaáburður, jólatré, rafgeymar.

15. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 10 kg:

Fatnaður alls konar, glervörur til skrauts, grammófónar, hljóðfæri smærri, hljómplötur, kakaó, leirvörur til skrauts, leðurvörur til skrauts, ljósmynda-
vélar, ljósmyndavörur, leikföng, mælar, mjólkurduft, peningaskápar, rafmagns-
vörur, rafmagnsáhöld, skrifstofuáhöld, skótau (ekki gúmmi), símaáhöld, sport-
vörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkkulaði, sýnishorn o. þ. h., te, viðtæki og
hátalarar, viðtækjaefni, vefnaðarvörur, úr og klukkur.

16. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 10 kg:

Dúnn, fiður, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, spíritus, tóbak og tóbaks-
vörur, vínföng, ilmvötn.

Ýmislegt:

Dráttarvélar (Tractors)	hver	kr.	50.00
Flygel (1.50 pr. 10 kg)	teningsfet	—	0.50
Geitur	hver	—	2.00
Húsgögn (1.00 pr. 10 kg)	teningsfet	—	0.30
Hestar	hver	—	5.00
Herpinótabátar	—	—	50.00
Jeppar og fólksbifreiðar	—	—	30—45.00
Kindur	—	—	2.00
Loðdýr	hvert	—	5.00
Mótorhjól	—	—	5.00
Oliugeymar	teningsfet	—	0.30
Orgel og Harmonium (1.50 hver 10 kg)	—	—	0.50
Piano	—	—	0.50
Reiðhjól venjuleg	hvert	—	2.00
Stórgripir	hver	—	5.00
Skip (smærri bátar)	hvert	—	15—25.00
Sild krydduð, söltuð, ný	tunna	—	1.00
Sild til bræðslu	mál	—	0.50
Vörubifreiðar	hver	—	35—50.00
Timbur	teningsfet	—	0.30

Þótt vörur, flokkaðar undir brottfluttar vörur, flytjist til staðarins, eða vörur,
flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vöru-
gjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli,
ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 1.50.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl
1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1951.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

18
31. jan

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hríseyjar.

I. RAFORKA

Rafveita Hríseyjar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 3.00 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., fyrir alla notkun á heimilinu, auk fasta-gjalds, er nemi kr. 1.25 á hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélar.

Orka til vélareksturs skal seld um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00 á hvert kw. vélanna.

D. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, getur rafveitunefnd selt raforku með sérstökum samningi með því skilyrði, að stöðva megi þá orkusölu, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi nefndarinnar.

E. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Enn fremur er rafveitunni heimilt að selja raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlið eftir samningi, ef þörf gerist.

II. MÆLALEIGA

Rafveitunefnd ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.75 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 8.75 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 12.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

18

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: 31. jan.

1. Grunn gjald af hverri loftlínuheimtaug kr. 600.00
2. Grunn gjald af hverri jarðlínuheimtaug — 900.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitunefnd samrýmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það mat.

Sé lengd jarðstrengsheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun 20 krónur.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald til gjaldkera rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hriseyjar, nr. 102 9. ágúst 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

19

8. febr.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat og fleira.

76. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Kjöt af algeldum kvígum 6 mánaða til 2½ árs, uxum á sama aldri og nautkálfum 6 mánaða til 2 ára skal merkja AK I, séu skrokkarnir holdgóðir og vel útlítandi, en AK II, séu þeir lakari.

Kjöt af nautum frá 2—4 ára skal merkja N I, séu skrokkarnir holdmiklir og vel útlítandi, en N II af 4—6 ára og lakara kjöt af 2—4 ára.

Kjöt af kálfum 2—6 mánaða skal merkja UK I, séu skrokkarnir vel útlítandi og holdgóðir.

Kjöt af holdgóðum kálfum ½—2 mán. og lakara kjöt af kálfum 2—6 mánaða skal merkja UK II.

Kjöt af kálfum ½ mánaðar og yngri skal merkja UK II, séu skrokkarnir söluhæfir, og lakara kjöt af kálfum ½—2 mánaða.

Kjöt af kúm 5 vetra og yngri skal merkja K I, séu skrokkarnir holdgóðir og vel útlítandi.

Kjöt af kúm 5—10 vetra, nautum 6—10 vetra og lakara kjöt af yngri gripum skal merkja K II, enda séu skrokkarnir vel útlítandi.

Kjöt af kúm 10 vetra og eldri og lakara kjöt af yngri kúm, skal merkja K III, ef skrokkarnir eru sæmilega útlítandi.

Kjöt af rýrum kúm, gömlum nautum og annað nautgripakjöt, teljist það söluhæft, skal merkja K IV.

Ákvæði þessi eru sett samkv. lögum nr. 5 23 febrúar 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtast hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

20

13. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 5 1951, um breyting á reglugerð nr. 133 1950, um stóreignaskatt samkvæmt 12. gr. laga nr. 22 1950.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Kærufrestur til skattstjóra er í Reykjavík til 22. febrúar og annars staðar á landinu til 28. febrúar 1951.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22/1950, öðlist þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðfinnu Einars- 21 dóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1951. 1. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðfinnu Einarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðfinnu Einarsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Páli Magnússyni járnsmíðameistara, Bergstaðastræti 4, Reykjavík, til minningar um konu hans, Guðfinnu Einarsdóttur, Bergstaðastræti 4, Reykjavík, sem fædd var í Hafnarfirði 2. febrúar 1888, en andaðist í Reykjavík 4. marz 1950.

Stofndagur sjóðsins er 2. febrúar 1951.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er í upphafi stofnfé hans, kr. 38000.00 — þrjátíu og átta þúsund krónur — og hefur það verið lagt inn í sérstaka sparisjóðsbók í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Verður sparisjóðsbókin afhent formanni sjóðstjórnarinnar, þegar að skipulagsskrá þessari staðfestri. Höfuðstóllinn vex á þann hátt, er segir í 4. gr., og má aldrei skerða hann né vöxt hans. Skal hann ávaxtast í tryggum verðbréfum, t. d. í skuldabréfum ríkis eða bæjar, öruggum skuldabréfum, eða á annan hátt, jafntryggan og arðbæran.

4. gr.

Við hinn óskerðanlega höfuðstól sjóðsins skal árlega leggja helming allra tekna sjóðsins, hverju nafni sem nefnast, svo sem t. d. vaxta, gjafa, áheita, ágóða af sölu minningarspjalda, ákveði stjórnin útgáfu þeirra, o. s. frv. Sá helmingur tekna sjóðsins, er þannig leggst við höfuðstólinn, skal um allt lúta sömu reglum og hann.

5. gr.

Þeim helmingi tekna sjóðsins, er ekki leggst við höfuðstól hans, skal árlega verja í samræmi við tilgang sjóðsins, en hann er: Að búa sem bezt í haginn fyrir þau börn, sem verða sjúklingar í væntanlegum barnaspítala, sem Kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík gengst fyrir að koma á fót. Skal það gert fyrst og fremst með þeim styrkveitingum til þeirra barna, sem þess eru mest þurfandi, en auk þess má sjóðstjórnin veita fé úr sjóðnum, er að hennar álitu má verða til þess að bæta kjör og aðbúð barnanna almennt á spítalanum með ráðstöfunum, sem ekki teljast til venjulegrar hjúkrunar eða læknishjálpar, en miða t. d. að því að börnin geti fengið eitt-hvað að starfa í spítalanum sér til dægrastyttingar eða heilsubótar.

Ef tekjum þeim, sem verja á samkvæmt þessari grein, er ekki öllum úthlutað á árinu, flyzt afgangurinn yfir til næsta árs til ráðstöfunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: Formaður Kvenfélagsins Hringurinn, yfirhjúkrunarkona væntanlegs barnaspítala og einhver nánustu ættingja Guðfinnu sál. Einarsdóttur, eftir ákvörðun sjóðstofnanda, meðan hans nýtur við, en síðar eftir ákvörðun

21 skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins, nema nánustu ættingjar Guðfinnu sálugu 1. febr. komi sér saman um ákvörðun manns úr sínum hópi í stjórnina.

Skal stjórnin sjálf skipta verkum með sér og hafa á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald.

7. gr.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, aðalefni úr erindum til stjórnar sjóðsins og svörum hennar við þeim, svo og samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Enn fremur ber stjórn sjóðsins að halda bók yfir eignir hans, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikningana og skulu þeir undirritaðir af henni.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Nú þykja einhverjar breytingar óhjákvæmilegar á skipulagsskrá þessari og er sjóðstofnanda þá heimilt að gera þær, meðan hans nýtur, en sjóðstjórninni að honum látnum. Engar breytingar má þó gera, er brjóti í bág við tilgang sjóðsins, eins og honum er lýst í 5. gr.

Engin breyting á skipulagsskránni öðlast gildi, nema forseti Íslands staðfesti hana á sama hátt og skipulagsskrá þessa.

10. gr.

Greiðslur úr sjóðnum skulu heimilar, þegar er barnaspítalinn verður stofnaður, en þó ekki fyrr en 2. febrúar 1958. Þann dag skal fyrst heimil greiðsla af fé sjóðsins, enda hafi spítalinn þá tekið til starfa.

Styrkir úr sjóðnum til einstakra barna skulu árlega inntir af hendi á afmælisdegi Guðfinnu sál., 2. febrúar, en aðrar greiðslur þegar sjóðstjórninni þykir bezt henta.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, er á henni kunna að verða gerðar samkvæmt ákvæðum 9. gr.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða og sérstök fyrirsmáli eru þessi:

1. Unz væntanlegur barnaspítali verður stofnaður, skulu formaður og gjaldkeri Kvenfélagsins Hringurinn í Reykjavík skipa stjórn sjóðsins, ásamt þeim nánasta ættingja Guðfinnu Einarsdóttur, er sjóðstofnandi tilnefnir.
2. Verði barnaspítalinn tekinn til starfa 2. febrúar 1958, skal þann dag fara fram fyrsta greiðsla úr sjóðnum og vera kr. 10000.00. Verði spítalinn þá ekki tekinn til starfa skal engin sérregla gilda um fyrstu greiðslu úr sjóðnum.
3. Hinn 2. febrúar 1988 skal úthlutað fjárhæð vera minnst kr. 20000.00, verði ekkert því til fyrirstöðu.

Reykjavík, 30. janúar 1951.

Páll Magnússon.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.

22

2. febr.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmark samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir öll hreppabúnaðarfélag í Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, að undanskildu Búnaðarfélagi Húsavíkurkaupstaðar.

2. gr.

Búnaðarsambandið tekur að sér byggingaframkvæmdir á sambandssvæðinu á þann hátt, að ráða til sín flokka byggingamanna. Sambandið leggi þeim til fullkomnar vélar og tæki við vinnuna. Stefnt skal að því, að hraða húsabótum og öðrum byggingum í sveitum, og að byggingarnar verði vandaðar, hagkvæmar og smekklegar og svo ódýrar, sem kostur er á. Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til, eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður fyrir þurrhey og vothey, þvaggryfjur og safnþrær.
4. Geymsluhús.

Húsin afhendist að minnsta kosti fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

II. KAFLI

Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga hefur á hendi yfirstjórn allra byggingaframkvæmda, er sambandið tekur að sér. Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á þessu sviði. Hann skal hafa tekið próf í húsasmiði og hafa full réttindi byggingameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann, þrátt fyrir það, telst fullfær til að taka starfið að sér að dómi stjórnar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, Búnaðarfélags Íslands og Teiknistofu landbúnaðarins. Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins.

Stjórnin getur falið tveimur mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um ræðir í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins.

Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingaframkvæmdum sambandsins. Skylt er henni, samkvæmt 20. grein laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðar-

22 ins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær 2. febr. styrk til að kaupa, samkvæmt 21. gr. laga nr. 29 1. apríl 1948.

5. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt skilyrðum þeim, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður, í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún, ásamt framkvæmdastjóra, staðsetningu bygginga í samráði við jarðeiganda, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni Teiknistofu landbúnaðarins, sbr. 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirstjórn allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingaframkvæmdir, nema annað þyki hentara. Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni, og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum.

8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þau horið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um, að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Teiknistofu landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Jafnframt sé fram tekið, hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Enn fremur sé tekið fram, að hve miklu leyti hann óski að verkið sé unnið af sambandinu.

Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir þann tíma, sem hún ákveður ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, sem um getur í 9. gr, ber stjórn sambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnarinnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta hafa þörf fyrir byggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

12. gr.

22

2. febr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum atriðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til þess að ljúka verkinu eða þeim hluta þess, sem því er falið að annast. Heimilt er verkkaupa, að leggja fram sem greiðslutryggingu ávisun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir upplýsingar frá viðkomandi stofnun um lágmarksupphæðir á láni og styrk, sem veitt yrði, og samþykki þeirra.

Nú hefur verkkaupi fullnægt, að dómi framkvæmdastjórnar, framangreindum skilyrðum, og skal hún þá gera við hann verktökusamning.

Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi, enn fremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt sér nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við framkvæmdastjórn að annast það.

13. gr.

Byggingaframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að unnið sé að því að steypa húsin yfir sumarmánuðina. Þó má einnig, ef svo stendur á, að það hentar betur vegna vinnunnar, þekja húsin og gera fokheld. Önnur vinna en steypuvinna fari fram að haustinu og vetrinum, og þá leitast við að dreifa mönnum sem haganlegast til verka. Utanhúshúðun skal ávallt fara fram að sumrinu.

14. gr.

Unnið skal í flokkum, trésmiðir sér, er fara á undan og ganga frá veggjamótum, og svo steypuverkamenn. Í þeim flokki skal vera einn maður, er fær sé um að fara með steypuvél, og járnlagningamaður. Flokkur steypumanna framkvæmir alla steypu- og járnvinnu, enn fremur undirbúning steypu, flutning véla og áhalda milli vinnustöðva og hirðing þeirra. Í hverjum flokki skal vera að minnsta kosti einn hæfur maður til að vinna á eigin ábyrgð, og skal hann hafa flokksstjórn á hendi. Ráðning flokksstjóra fer fram í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins.

Vinnunni sé hagað þannig, að steypa geti gengið sem greiðlegast, og ber flokksstjórum að hafa samvinnu við framkvæmdastjóra um alla verkstjórn.

15. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins, og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu, og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

16. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupa, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar.

Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra, að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðslu skal miða við kostnaðarverð samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Teiknistofu landbúnaðarins, og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

Nú telur stjórn búnaðarsambandsins, að áætlaðir verktaxtar séu of lágir, og er henni þá heimilt að hækka þá um allt að 10%. En verði byggingarkostnaður lægri

22 en áætlun framkvæmdarstjórnar, er henni skylt að endurgreiða það sem fyrirfram-
2. febr. greiðslan var of há.

17. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningagjalds af áhöldum og veggjamótum, kostnaður við flutning á milli vinnustöðva, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxta-greiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Stjórninni er heimilt að hafa fyrningargjald áhalda og veggjamóta það hátt, að unnt sé að leggja nokkra upphæð í varasjóð til þess að mæta ófyrirsjáanlegum óhöpp-um, sem trygging nær ekki til, að svo miklu leyti, sem það brýtur ekki í bága við lög og reglugerð.

18. gr.

Rekstursafgangur af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn, skal leggjast í byggingarsjóð búnaðarsambandsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

19. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingavélasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggmótum við byggingaframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er 200 þúsund krónur.

Stofnfjár sjóðsins skal aflað þannig:

1. Tveir þriðju stofnfjárins er framlag ríkissjóðs, er rennur í sjóðinn jafnóðum og það greiðist, sem styrkur til kaupa á vélum og mótum, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 1. apríl 1948.
2. Þriðjungur stofnfjárins skal lagður fram af Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga sem óafturkræft framlag.
3. Auk þess leggjast í byggingavélasjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 18. gr.

20. gr.

Framlag búnaðarsambandsins til byggingavélasjóðs greiðist til sambandsstjórnar, er samþykkt þessi hefur öðlast gildi.

21. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að álitu búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingavélasjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins, og senda öllum hreppabúnaðarfélögum til athugunar áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingavélasjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir hreppa-búnaðarfélögin.

22. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr., miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fari fram samkvæmt ákvæðum verktökusamnings.

23. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka reksturslán gegn tryggingum í ávísun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22

2. febr.

24. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningunum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

25. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

26. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

27. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma frá hreppabúnaðarfélögum um breytingar á samþykkt þessari, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkvæmt 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst ásamt umsögn búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins.

28. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og að lögmaður aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

29. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

30. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, lögum nr. 29 1. apríl 1948 og lögum nr. 62 25. maí 1950, um breyting á þeim, og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

23
5. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsstöðina í Vík.

I. RAFORKA

Rafmagnsstöðin í Vík selur raforku við því verði og á þann hátt, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hverja kwst, og auk þess fastagjald, er nemi kr. 3.00 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki baðherbergi, gangar eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

2. Um hemla á kr. 400.00 hvert árskw. Hemilstillingin skal ávallt standa á heilum hundruðum watta.

Stjórn rafmagnsveitunnar er heimilt að takmarka raforkusölu eftir þessum gjaldskrárlíð, ef nauðsynlegt reynist til þess að draga úr orkunotkuninni. Slíka takmörkun má framkvæma með því að lækka stillingur hemlanna almennt, og synja nýjum notendum um orkukaup um hemla.

C. Vélnotkun.

Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan nýtingartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 100.00 á ári á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.
3. Til kökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 8 aura hverja kwst., enda sé straumurinn þá rofinn með klukkurofa frá kl. 8.30 til 23, eða um tvígjaldsmæli á 8 aura hverja kwst. frá kl. 23 til 8.30 og á 50 aura frá kl. 8.30 til 23.
4. Til götulýsingar á 50 aura hverja kwst., og annast rafmagnsstöðin þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A. Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum eins og hér segir:

Af kwst.mælum, 30 amper og minni kr. 2.00 á mánuði.
 — hemlum, 30 amper og minni — 2.00 — —

23

5. febr.

Af öðrum mælitækjum skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunngjald kr. 500.00 og auk þess 5 kr. af hverju þúsundi króna brunabótamats húsa og mannvirkja allt að 300 þús. kr., en 3 kr. af hverju þúsundi króna þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miða heimtaugargjaldið við það mat.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga þegar uppsetningu heimtaugar er lokið eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 m og loftlínuheimtaugar meira en 60 m, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafmagnsstöðvarinnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20 júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal, nr. 4 8. janúar 1926.

Atvinnuáráðuneytið, 5. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

24
9. febr.

SAMÞYKKT

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 148 frá 23. júní 1943.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði. Í Patrekshreppi skal þriggja manna nefnd, kosin af hreppsnefnd, hafa stjórn fjallskilamálanna á hendi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

25
14. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Egilsstaða.

I. RAFORKA

Rafveita Egilsstaða selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst.

B. Til suðu.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Til vélareksturs.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 til kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til súgurrkunar á heyi um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé heimilt að rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

D. Önnur raforkunotkun.

Aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.	25
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —	14. febr.
3. — þrífasa mælum yfir 50 amp.	— 7.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innhenmt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Egilsstaða, nr. 75 19. apríl 1950.

Atvinnuáráðuneytið, 14. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar.

26

15. febr.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafveitunnar.

Rafveita Ólafsfjarðar er fyrirtæki, sem Ólafsfjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um kaupstaðinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ólafsfjarðarkaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Ólafsfjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Ólafsfjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í kaupstaðnum með því að vinna hana í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Ólafsfjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála kaupstaðarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum kaupstaðarins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála kaupstaðarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveituvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu og kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Ólafsfjarðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða

framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Bæjarstjórn setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

26

15. febr.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Ólafsfjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar

- 26 raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í regl-
15. febr. um um raflagningar í Ólafsfirði, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notað til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnst í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Ólafsfjarðar.

14. gr.
Mælitæki.

26

15. febr.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/\div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/\div 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælr sýnt $+/\div 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lög taki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni, hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða 26 annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda. 15. febr.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögur rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunar með hálfis mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

26

15. febr.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10 000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

27

20. febr.

AUGLÝSING

um breyting á Jarðræktarsamþykkt Fljótsdalshéraðs austan Lagarfljóts
(4. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands) frá 5. marz 1948.

19. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er nemur kr. 220 000.00 — tvö hundruð og tuttugu þúsund krónum —. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Hreppabúnaðarfélögin á sambandssvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag upphæð, er nemur hið minnsta $\frac{1}{4}$ hluta alls stofnfjárins samkvæmt 1.—4. lið. Kaupi ræktunarsambandið skurðgröfu styrkir Búnaðarsamband Austurlands það með óafturkræfri upphæð, er nemur allt að $\frac{1}{4}$ hluta af kaupverði hennar, enda sé fé ætlað fyrir því í fjárhagsáætlun sambandsins.
2. Í stofnsjóð renna óafturkræf fjáls framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Með sameiginlegu stofnláni, sem tryggt sé með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins. Skulu slík stofnlán endurgreidd innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

- a. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.
- b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

Breyting þessi, sem er gerð með samþykki Búnaðarsambands Austurlands samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Súðavíkurbæturinn.

28

21. febr.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utan og norð-austan bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðsnesi yfir Álftafjörð í Rauðnef á Kambsnesi, en að innan og suð-vestan bein lína úr Þórðarsteinum yfir fjörðinn í Hamar á Sjötúnahlíð.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Súðavíkurhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofn hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúar næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Súðavíkurhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

4. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

5. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

28

21 febr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða, hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lagi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju.

8. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

9. gr.

Ef skip sekkur eða lendir á grynningum, þar sem það að álitum hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burtu á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

IV. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu, að öðru jöfnu, þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að vikja, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip, fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitum hafnarnefndar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum eða bólvirkjum, álitum hann það nauðsynlegt vegna óveðurs.

11. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipanna, sem nær liggja.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skytt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bryggju eða bólvirkis, eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz úr er bætt.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjunni né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

28

21. febr.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

14. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum, allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngumálaráðuneytisins.

15. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

16. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd samþykkir.

Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

17. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, bjarghringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

18. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

19. gr.

Öll skot við og á höfninni eru stranglega bönnuð.

28

21. febr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins eða í ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álití hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðar- ráðstafanir.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

1. Lestagjald.

21. gr.

Öll skip, 12 brúttósmálestir og stærri, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau leggjast við festar á Súðavíkurhöfn og hafa samband við land, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

22. gr.

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Súðavíkurhreppi, og gerð eru út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Súðavík a. m. k. tveggja mánaða tíma úr árinu, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 1.50 af hverri heilli brúttó smálest skips eða báts, þó eigi yfir kr. 50.00 lestagjald fyrir eitt skip eða bát. Vélbátar með þilfari, minni en 12 smálestir brúttó, skulu greiða kr. 20.00 lestagjald á ári, en opnir trillubátar undir 12 smálestum brúttó greiði kr. 10.00.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiða 20 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti sem þau koma til hafnar, þó ekki minna en kr. 5.00 í hvert sinn.
- c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma á Súðavíkurhöfn, 50 aura af hverri brúttó smálest í lestagjald, en ekkert þó þau komi oftár á því ári.
- d. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnargjöldum, greiða, ef þau hafa samband við land, 60 aura af hverri nettó smálest í hvert skipti. Hálf smálest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

23. gr.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leitað hafa hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

2. Bryggjugjald.

24. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttó smálestum, en broti skal sleppt. Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip, 12 brúttósmálestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Súðavíkurhreppi, greiði kr. 1.50 af hverri brúttósmálest á ári.
- b. Öll aðkomuskip greiða kr. 0.20 af brúttósmálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 10.00 í hvert sinn. Liggi þau skip utan á öðru skipi greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Súða-

vik, eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjöld slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 23. gr., nema ef þau flytja vörur eða farþega, er þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum. 28 21. febr.

25. gr.

Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjald af vörum, sem um þær bryggjur fara, nema hafnarsjóður eigi sambærilegt mannvirki til afgreiðslu skipa. Undanþegnar skulu þó gjaldi til hafnarsjóðs allar framleiðsluvörur fyrirtækja eigenda hafnarmannvirkja, sem farið er með um þeirra eigin bryggjur, svo og allar vörur, er lúta beint að framleiðslu slíkra fyrirtækja.

3. Vörugjald.

26. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

27. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald. Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

28. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, svo og uppsett veiðarfæri og kjölfesta, tekin úr landi og í land. Enginn má taka kjölfestu í landi hafnarinnar, né losa kjölfestu úr skipum upp á land hennar, nema leyfi hafnarnefndar komi til; enn fremur er öllum óheimilt að kasta kjölfestu fyrir borð innan takmarka hafnarinnar.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- d. Nýr fiskur slægður og óslægður, ný beitusíld fryst og ófryst, ný lifur.

29. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega; brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

30. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eftir því sem þar segir. Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

28

Vörugjaldskrá.

21. febr. A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur, 40 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt og sement.
2. flokkur, 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur.
3. flokkur, 15 aurar fyrir hvert teningsfet:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
4. flokkur, 5 krónur tonnið:
Olía og benzín, — en í fötum: 1 króna af hverju.
5. flokkur, 25 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
6. flokkur, 75 aurar fyrir hvert stykki:
Vörur alls konar undir 100 kg hvert stykki. Þó skal vörugjald af korn-
vörum og sykri undir 25 kg vera 40 aurar hvert stykki.
7. flokkur, 10 krónur tonnið:
Vörur 100 kg eða þyngri, enn fremur járnvara og önnur þungavara, sem
ekki er áður talin.

B. Brotfluttar vörur:

1. flokkur, 15 krónur tonnið:
Hertur fiskur alls konar.
2. flokkur, 6 krónur tonnið:
Hraðfrystur fiskur.
3. flokkur, 7 krónur og 50 aurar tonnið:
Saltfiskur og fiskbein.
4. flokkur, 10 krónur tonnið:
Lýsi, beita, hrogn, gærur, kjöt, beinamjöl og aðrar vörur, sem reiknast
eftir þyngd. Sé lýsi flutt út í tunnum greiðist 1 króna af hverri.
5. flokkur, 15 aurar fyrir teningsfet:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli. Minnsta vörugjald á stykki er þó
75 aurar.

Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá í smáum stíl, enn fremur aðfluttar umbúðir um frystan og saltaðan fisk. Komi skip ekki að bryggju og verði að flytja vöruna að eða frá borði á bátum, greiðist aðeins hálf vörugjald.

31. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 25 aura gjald fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan sólarhrings. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 25 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

32. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstöku mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

33. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

34. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

28

21. febr.

35. gr.

Gjald fyrir vörur sem um getur í 30. gr. greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunni, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörunar eru komnar í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

36. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þrem óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemi 10% af hinnu ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðal mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

39. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Súðavíkur.

40. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1951.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Seyðisfjarðar.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Seyðisfjarðar er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um kaupstaðinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Seyðisfjarðarkaustaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Seyðisfjarðar, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Seyðisfjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í kaupstaðnum með því að vinna hana í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Seyðisfjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála kaupstaðarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum kaupstaðarins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála kaupstaðarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum fram-

kvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitu- 29 svæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og 23. febr. sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Seyðisfjarðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarakerfi rafveitunnar. Bæjarstjórn setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagniuagar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Seyðisfjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar, sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri þennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

29 Heimtaugar með stofnvári eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið 23. febr. hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á Seyðisfirði, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar **29**
í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

23. febr.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Seyðisfjarðar.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingun.

Notandi mælitækis er sá, sem skráðum er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/\div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/\div 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $+/\div 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda, miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

- 29 4. Er notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, 23. febr. er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsingu liggi við að lögum.
- Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.
- Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafid er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðslu-skyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;

3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar. 29
23. febr.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt up notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á

29 orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmána-
23. febr. aðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlita ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10 000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 55 30. apríl 1932, ásamt breytingu á þeirri reglugerð, nr. 80 12. júlí 1935.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

30
28. febr.

I. RAFORKA

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 7.20 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.40 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

a. Grunn gjald (mælisleiga o. fl.)	kr. 4.00 á mánuði.
b. Orkugjald af allri notkun	— 0.40 — —
c. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð ...	— 4.00 — —

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fisk-, kjöt- og mjólkuriðnaðar, ef uppsett rafvélaafli fastra véla er yfir 20 kw. um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda sé rafveitunni heimilt að rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags hennar, en þó eigi lengur en eina klst. í senn.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegis og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.
2. Um kwst.mæli á 6 aura hverja kwst. til næturhitunar, enda sé þá straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
 - a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að klukkurofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
 - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

30

E. Önnur raforkunotkun.

28. febr.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 35 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 85 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 10 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8.30 og 85 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Raforku til götu- og hafnarlýsingar má selja eftir sérstökum samningi.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 25 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 25 til 50 amp.	— 5.00 — —
4. — þrífasa mælum 50 til 70 amp.	— 7.00 — —
5. — þrífasa mælum 70 amp. og yfir	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.:		Heimtaugargjald:	
Frá	0 allt að	100	kr. 500.00
—	100 — —	150	— 575.00
—	150 — —	200	— 650.00
—	200 — —	250	— 725.00
—	250 — —	300	— 800.00
—	300 — —	350	— 900.00
—	350 — —	400	— 1000.00
—	400 — —	450	— 1100.00
—	450 — —	500	— 1200.00
—	500 — —	550	— 1300.00
—	550 — —	600	— 1400.00
—	600 — —	650	— 1500.00
—	650 — —	700	— 1600.00
—	700 — —	750	— 1700.00
—	750 — —	800	— 1800.00
—	800 — —	850	— 1900.00

<i>Rúmmál húss i ten.m.:</i>		<i>Heimtaugargjald:</i>
Frá 850 allt að 900		kr. 2000.00
— 900 — — 1000		— 2200.00
— 1000 — — 1100		— 2400.00
— 1100 — — 1200		— 2600.00
— 1200 — — 1500		— 3000.00
— 1500 — — 1750		— 3500.00
— 1750 — — 2000		— 4000.00
— 2000 — — 2250		— 4500.00
— 2250 og yfir		— 5000.00

30

28. febr.

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 m³ eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en 3×70 m³ eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðarskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald þetta greiðist með jöfnum greiðslum á tólf mánuðum. Fyrsta greiðslan fari fram 1. apríl 1949 og úr því 1. hvers mánaðar, þar til gjaldið er að fullu greitt.

Bæjarstjórn lætur gera skrá yfir öll hús í bænum, er tilgreini rúmtak þeirra, þar með ris og kjallara, allt miðað við utanmál.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 69 3. apríl 1950, ásamt síðari breytingu.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

31
1. marz

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Djúpárhrepps í Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Takmörk samþykkatarsvæðisins og markmið samþykkatar.

1. gr.

Samþykkatarsvæðið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Djúpárhrepps.

2. gr.

Búnaðarfélagið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykkatarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði IV. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram lönd til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu, að opnum skurðum og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykkatarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrir-sögn hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn búnaðarfélagsins fer með öll þau mál, er samþykkt þessi fjallar um. Skal stjórnin annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við vélanefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

4. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykkatarsvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

6. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

7. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar félagsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina, án þess að þeir hafi verið sérstaklega undir hana bornir. Stjórn og framkvæmdastjórn bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarfélagsins.

31

1. marz

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

8. gr.

Skyllt er stjórn búnaðarfélagsins, fyrir febrúarlök ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig.

9. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um ræðir í 8. gr., ber stjórn búnaðarfélagsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan búnaðarfélagsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarfélagsins til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er skyllt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

10. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

- a. Að haga skurðagerð (sem verður aðalatriðið) þannig, að engjalönd á samþykktarsvæðinu komi að sem beztum notum, bæði með áveitu og framræslu.
- b. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna engja-, túna- og garðræktar.

IV. KAFLI

Um verðlagsáskvarðanir og greiðslu kostnaðar.

11. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt:

- a. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hags njóta af framkvæmdinni, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu; þó skal tekið tillit til, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Ef ágreiningur verður um þessi atriði, skal úr honum skorið með hagnaðarmati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.
- b. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiðast af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi. Heimilt er stjórn búnaðarfélagsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

12. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðsla fyrningargjalds af þeim, kostnaðar við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er búnaðarfélagsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

31

1. marz

Heimilt er búnaðarfélagisstjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni í ákvæðisvinnu eða tímavinnu fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu eða utan þess, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarfélagið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

13. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 13. gr., skal leggjast í stofnsjóð félagsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 15. gr.

14. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 13. gr., skal leggjast í stofnsjóð félagsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 15. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

15. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 260 000 — tvö hundruð og sextíu þúsund krónur —.

- a. Helmingur stofnsjóðsins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkv. ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renni framlagið í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist sem styrkur til vélakaupa félagsins.
- b. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram af búnaðarfélaginu sem óafturkræft fé.
- c. Auk þess leggist í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkv. ákvæðum 14. gr.

16. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarfélagsins greiðist þá er samþykkt þessi hefur öðlazzt gildi.

17. gr.

Komi í ljós síðar, að álitu búnaðarfélagisstjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til aðalfundar, sem ákveður stofnfjárukningu.

18. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr rikissjóði samkv. ákvæðum II. kafla jarðræktarlaga.

19. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til búnaðarfélagisstjórnar $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvar greiðast með gjalddaga, er viðtökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

20. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en hinn árlegi aðalfundur búnaðarfélagsins er haldinn eða fyrir aprílmánaðarlok. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur stjórnarinnar.

21. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu félagsins í hvívetna.

31

1. marz

22. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

23. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæða, skal stjórnin senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

24. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarfélagsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

25. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, með áorðnum breytingum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hluta eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

32

9. marz

Frá og með 15. marz 1951 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 8. þ. m.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 9. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

33

12. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps,
nr. 41 25. febr. 1947.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4% af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fer fram atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignarmatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

Vatnsnotkun véla skulu mæld, og greiðast 5 aurar fyrir hverja smálest á mánuði allt að 2000 smálestum, en 20 aurar á smálest fyrir eyðslu umfram á mánuði hverjum.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. 2. málsgrein 7. greinar, getur hreppsnefnd ákveðið, að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 5 aura fyrir allt að 2000 smálestir á mánuði, en 20 aurar á smálest fyrir eyðslu umfram á mánuði hverjum.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum heim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1951.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hallgrimur Dalberg.

34

12. marz

REGLUGERÐ

um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl. fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. KAFLI

Um upprekstur.

2. gr.

Þar í sveit, sem ágreiningur kemur upp um hvar skuli telja afréttarlönd og hvar heimalönd, skal sýslunefnd skipa þrjá kunnuga menn innan sveitar til að ákveða

slíkt. Ákvæði gerðarmanna skulu færð inn í gerðabók hlutaðeigandi hrepps og skulu vera gildandi þar í sveit, þar til öðruvísi verður ákveðið.

34
12. marz

3. gr.

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir sitt fé. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beutiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beutiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beutilandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefur þá færri í beutilandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beutilönd og afréttarlönd má ekki taka gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að segja fyrir, hvernig haga skuli rekstrum í afrétt, og um að reka það fé aftur til afréttar, sem fram rennur að sumrinu.

III. KAFLI

Um lögsöfn.

5. gr.

Þrjú skulu lögsöfn hvert haust. Þó má hreppsnefnd fækka lögsöfnum í vissum afréttarhlutum, ef ástæða þykir til. Ákveður hreppsnefnd hvenær lögsöfn skulu fara fram.

Ef veður bannar safn eða ónýtir á réttum safndögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir. Enginn fjáreigandi, sem fjallskil á að gera, getur skorast undan að inna þau af hendi, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

6. gr.

Allir búendur, húsmenn og lausamenn í hreppnum, sem hafa til umráða 10 sauðkindur eða meira, að lömbum meðtöldum, skulu skyldir að leggja til lögsöfn, eftir því sem hreppsnefnd fyrirskipar. Sömu skyldu hafa og utansveitarmenn, sem afrétt eða heimalönd nota í hreppnum, og skal það atriði framkvæmt þannig, að hreppsnefnd þess hrepps, sem afréttin tilheyrir, skal í tæka tíð tilkynna hreppsnefnd þess hrepps, þar sem fjáreigendur búa, hve marga menn skuli leggja í hvert safn, og ber þá sú hreppsnefnd ábyrgð á, að sú gerð sé haldin.

7. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd að jafna niður fjallskilum á þann hátt, að leggja tíma þann, sem venjulega gengur til lögsafna, niður í dagsverk og jafna síðan niður á fjáreigendur í réttu hlutfalli við fjártölu hvers eins eftir þörfum, svo fjárheimtum verði fullnægt eins vel og unnt er. Rétt er, eftir því sem við verður komið, að hver leggi þangað til safns, er hann helzt á fjárvon.

34

12. marz

8. gr.

Kærunum er niðurlögð fjallskila skal bera upp bréflaga við oddvita, svo fljótt sem verða má, og ekki síðar en lokið er þeim söfnun, sem kært er um. Skytt er þeim manni, sem kærna gerir, að inna af höndum safn það eða söfn þau, er kærni valda, þar til úrskurður er fallinn um málið, svo að söfn ekki hindrist, en greiða skal hlutaðeiganda fullt kaup fyrir safndaga þá, er dæmast hafa verið settir honum um of. Kaup það greiðist úr sveitarsjóði.

9. gr.

Meðferð á kærnum, sem um getur í 8. gr., skal vera sú, að um þær skulu dæma 3 menn: Oddviti hreppsnefndar, einn maður tilnefndur af kæranda og hreppstjóri í hlutaðeigandi hreppi. Úrskurður dómnefndar er bindandi fyrir málsaðila.

10. gr.

Hreppsnefnd boði með fjallskilaseðli, eða á annan hátt, með nægum fyrirvara, fyrir fyrsta lögsafn, hvernig leitum skuli haga og hverjir skulu fara í utansveitarréttir.

11. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða umsjónarmann einn eða fleiri við afréttarsmölun (fjallkóng), hefur hann eða þeir öll ráð og fyrirsögn á hendi á afréttinum, skipar í leitir og ræður sérhverju öðru, er við kemur smöluninni, allt þangað til safnið er komið til lögréttar, og leitarmönnum er skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitir gangi eigi inn í annarra afrétt. Allar leitir fari samhliða fram, svo að eigi leynist eða renni fé á milli.

12. gr.

Sérhver leitarmaður skal vera með fullri greind og heilsu, og forsvaranlega útbúinn að hestum, nesti, fötum, skóledri og tjaldrúmi. Hreppsnefndin skal haga svo til, að hinir markleggstu, sem völ er á, séu sendir í utansveitarréttir.

13. gr.

Ef fjallkóngur, með 2 tilkvöddum leitarmönnum, sem bezt eru til fallnir, gerir einhvern leitarmann afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, ber að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gert, en skjóta má hann úrskurði fjallkóngsins til hlutaðeigandi hreppsnefndar til endanlegra úrslita.

14. gr.

Haga skal fjallgöngum, þar sem því verður við komið, svo, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verður hagað.

Hver búandi og aðrir, er heimalönd nytja, er skyldur að safna heimalönd ábýlisjarðar sinnar og reka skilvíslega til lögréttar allan þann fénað, er þar finnst og hann ekki á sjálfur, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar.

IV. KAFLI

Um réttir.

15. gr.

Lögréttir og aukaréttir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður með ráði búenda. Þær réttir skulu byggja og þeim við halda þeir hreppsþúar, sem þær nota helzt og þeim eru næstir, eftir fyrirmælum hreppsnefndar. Þegar lögrétt eða aukarétt skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd með

seðli til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rétt eiga uppi að halda, og svo marga, sem ætla til þurfa. 34

12. marz

Réttarbóndi skal stýra þeim verkum, eða sá, er hreppsnefndin ákveður.

Nú vilja allir búendur heldur borga fyrir réttarhleðslu, en vinna að henni, og skal þá hreppsnefnd kaupa menn til starfa, en jafna kostnaði niður á réttarbúendur, eftir fénaðarfjölda hvers þeirra. Dilka skal byggja hjá lögréttum öllum, þar sem hreppsnefnd þykir þurfa.

16. gr.

Réttarstjóri skal vera við hverja rétt, þá dregið er, og skipar hann nægilega marga menn til að draga úr óskilafé. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipun hans, varðar það sektum. Svo skal og ætíð einn af hreppsnefndarmönnum eða valinn meður af þeim vera við réttir sveitarinnar á réttardögum, til þess að gæta nauðsynlegrar reglu með réttarstjóra og hafa gætur á, að fénaður sé eigi rangdreginn í dilkana.

V. KAFLI

Um eftirleitir.

17. gr.

Hreppsnefnd er skylt að skipa eftirleitir þá er þurfa þykir. Gildir eftirleitin um afréttarlönd, er útundan hafa orðið í lögsögnum og einnig þau afréttarlönd, er hætta er á að kindur renni til eftir lögsöfn og hlutaðeigendur ekki geta eða vilja leita. Sama gildir um afréttarlönd eyðjarða í hreppnum, er engir notfæra sér, en getur þó verið kinda von.

18. gr.

Mönnum þeim, sem ráðnir eru til eftirleitar samkvæmt 17. gr., skal greiða kaup, er miðast við tímakaup í algengri dagvinnu á hverjum tíma. Til greiðslu á því kaupi skal reikna gjald af hverri kind, er í leitinni finnst, og má vera allt að $\frac{1}{3}$ af verði kindanna eftir mati hreppsnefndar. Dugi ekki það gjald til greiðslu á kaupi manna, skal þeim greitt til viðbótar af hreppssjóði.

VI. KAFLI

Um meðferð á óskilafé.

19. gr.

Allt það fé, markað og ómarkað, sem ekki finnast eigendur að, skal reka til lögréttar, bæði í fjallasöfnum og byggðasöfnum, og skal réttarstjóri sjá um, að allt slíkt fé sé dregið í dilk sér. Síðan skal leiða ær að ómerkingum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum eða með tveimur samhljóða vottum. Enginn getur þó helgað sér kind af fjárbragði einu saman. Haldi einhver slíku fé, er hér um ræðir, án leyfis hreppsnefndar, eða dragi sér úr rétt án leyfis réttarstjóra með launung eða ofríki, hefur hann fyrirgert hinni sömu kind, þótt síðar geti sannað eignarrétt eða móðir helgi sér ómerking. Enginn má blóðmarka fé í réttum að hausti til nema í viðurvist tveggja valinkunnra manna, og skulu þeir, ef krafizt verður, geta gert grein fyrir hvaða mark hafi áður á verið.

20. gr.

Ómerkinga þá, er enginn getur helgað sér, sbr. 19. gr., skal selja að afloknum lögsöfnum, og skal andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Kalineyrt og eyrnarlaus fé, og ómarkað fé, sem ekki finnast eigendur að, skal selja hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar, ef enginn getur helgað sér það eftir brennimörkum eða hornamörkum.

34
12. marz

21. gr.

Úr fyrsta lögsafni má sleppa óskilafé í byggð, en í 2. og 3. rétt skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja féð á opinberu uppboði, eins fljótt og við verður komið.

22. gr.

Til næstu fardaga á eftir á eigandi aðgang að söluverði hveurrar kindar, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfellur andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilaféð er selt.

23. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark eða önnur óræk sönnunargögn, svo sem brennimörk.

24. gr.

Yfir höfuð skal farið eftir skrásettum eyrnamörkum og brennimörkum, en því aðeins eftir óskrásettum eyrnamörkum, brennimörkum eða hornmörkum, að auglýst hafi verið, eða eigandi færi fullar sönnur á eignarrétt sinn.

VII. KAFLI

Um fjárrekstra bæja á milli.

25. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum hjá haustréttum, skulu reka þá þangað, sem réttarstjóri mælir fyrir, og eins og hann ákveður.

26. gr.

Hverja rétt skal byrja með því að draga úr fé annarra bæja og reka það til lögrettar.

27. gr.

Þegar rekstur kemur á bæ, skal bóndi eða annar í hans stað, rannsaka kindurnar og seðla, er fylgja, og taka úr, ef rangdregið er, og stefna í rétta átt. Nú er enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ, og skal þá rekstrarmaður skilja úr fé, er eftir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta rekstrarfærs manns, það sem áfram skal halda, skal reka tafarlaust til næsta bæjar, ef féð er hvorki þreytt né hungrað, ella skal beita því eða gefa því hey. Þannig skal reka og fara með það þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er ekki skylt að reka. Skal bóndi geyma hana sem sitt fé, og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma kindinni í hann, ef þess er kostur.

28. gr.

Það skal verða aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í vondum húsum eða úti í fárviðri.

29. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim.

30. gr.

Rekstrum á utansveitarfé ráðstafar hreppsnefndin eftir málavöxtum.

31. gr.

Þegar áfelli dettur á milli lögsafna, eða eftir lögsafn, svo hýsa þurfi eða gefa utansveitarfé, sem er í hreppnum, þá skal hirða, sem það er statt, þegar áfelli dettur

á, nema hreppsnefnd skipi öðruvísi fyrir, þangað til kostur verður á að koma því 34 til eiganda. Borgun hjúkrunar þess fjár greiði eigandi við móttöku fjárens, eftir mati 12. marz hreppsnefndar.

VIII. KAFLI

Um sauðfjármörk.

32. gr.

Skytt er hverjum fjáreiganda að hafa glöggð markeinkenni á öllu sínu fé. Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 5. eða 10. hvert ár. Skal sérhver mark-eigandi skyldur að koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentkostnað, sem sýslunefndin ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis 1 eintak af markaskránni. Auk þess skal prenta allmörg eintök til útbýtingar utan sýslu.

33. gr.

Fé skal dregið eftir skrásettum eyrnamörkum og brennimörkum. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema lögfull sönnun komi fyrir að annar eigi.

Kind, sem ekki ber mark manns, brennimark eða eyrnamark, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eitt vanti á fullt mark, nema maður geti sannað eignarrétt sinn á henni með vitnum.

34. gr.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það hreppsnefndar-oddvita fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp. Einnig skal það tilkynnt oddvitum í næstu hreppum; skulu þeir þá innfæra það í markaskrár sínar. Eigi má taka upp fjármark eða nota, er annar sýslubúi hefur. Sá, sem tekur upp nýtt fjármark, greiði fyrir það auglýsingarkostnað til oddvita hreppsins, er aftur greiðir það til sýslusjóðs, með tilkynningu um, hver sé eigandi marksins. Hið sama gildir og, er mark er flutt inn í sýsluna.

35. gr.

Hafi tveir menn eða fleiri tekið upp sama mark, eða svo lík mörk, að misdráttur geti orðið af, skal markaskrásetjari tilkynna það hlutaðeigendum og, eftir því sem unnt er, rannsaka hver hefur fyrsta rétt til marksins. Skal sá fyrsta rétt, er tekið hefur upp gamalt erfðamark, þótt niður hafi fallið um hríð, þar næst sá, er keypt hefur mark. Þá sá, er búið hefur á markasvæðinu áður, en sá minnstan, sem flytur að mark sitt af öðru markasvæði.

36. gr.

Nýkjörin sýslunefnd skal kjósa einn mann í markadóm og einn til vara fyrir Austur-Skaftafellssýslu; skal hann einnig starfa með slíkum mönnum úr Múlasýslu að markadómum milli sýslna. Þóknun markadómsmanns greiðist úr sýslusjóði.

37. gr.

Önnur mörk en þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar eða auglýst og borgað fyrir samkvæmt 34. gr., er ekki leyfilegt að nota. Skal með þannig markað fé farið sem óskilafénað.

IX. KAFLI

Um vorsmölun.

38. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala heimalönd sín á vorin. Þar, sem heimalönd eru víðáttumikil og liggja þannig, að margir úr hreppnum eiga þar fjárvon, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrennar

34 og aðrir, sem þar eiga helzt fjárvon, hjálpi til við smölunina eftir því, sem hrepps-
12. marz nefndum þykir sanngjarnt.

39. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun á vorin, til rúnings, þegar henta þykir. Skal réttað, eftir því sem hægt er, á sama degi úr þeim löndum, sem fé getur gengið saman í. Einnig getur hún látið göngur fara fram í afréttum, ef þörf gerist. Að afstöðnum rýingum skulu búendur, þar sem því verður við komið, reka allt rúið fé úr heimahögum til afrétta.

40. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefur úr höndum eigenda eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur til, ef honum er unnt, að rýja það og marka ómörkuð lömb. Geri hann eiganda full skil á ullinni og greini fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, er hann rýir eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má þó fara yfir 2 kr. fyrir að rýja kind og 1 kr. fyrir að marka lamb.

X. KAFLI

Um rekstur á sölufé.

41. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal einn ávallt vera yfirmaður. Skal hann bera ábyrgð gagnvart öðrum á öllu því, er rekstrinum viðvíkur. Hann skal ætíð geta gert nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjárins.

42. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki á horn eða haus, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af þó votviðri gangi.

43. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrir en svo hjart er, að rekstrarmerki sjáist.

44. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendi saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, sem eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður, telja rekstrarféð. Yfirmanni rekstrarins ber að sjá um, að fé það, er saman við hefur komið, komist í áttaha sína eigendum kostnaðarlaust.

45. gr.

Verði rekstrarmenn sannir af því, að reka fé annarra manna heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eiganda það að fullu, eftir samkomulagi eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður til kveður, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum eftir reglugerð þessari, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

46. gr.

Yfirmaður sölufjárrekstrar skal annast um, að rekstrarreglum þessum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kærir, en á aftur aðgang að samrekstrar-
mönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

47. gr.

Gæta skal fyllstu varúðar með fjárrekstra á vegum, þar sem bílar og önnur slík farartæki fara um, að ekki verði að skaða. Er öllum aðilum skylt að sýna fyllstu tilhliðrun samkvæmt almennum umferðareglum.

Enn fremur skal hver sá, er girðingu á meðfram slíkum vegum, gæta þess, að girðingarnar séu í það góðu lagi, að fé eigi festist í vírendum, sem liggja eða láfa á girðingum og meiði fé svo að skaða verði.

48. gr.

Sölufé telst einnig það fé, sem rekið er í kaupstað til slátrunar. Sömu reglur gilda og um fé þeirra manna, er flytja búferlum.

XI. KAFLI

Um eyðing refa og grenjavinnslu.

49. gr.

Refir eru óhelgir hvarvetna, og skal eyða þeim með eitri og skotum og hverjum helzt hætti sem unnt er. Þó má ekki bræla gren né rifa nema þá er það eigi verður unnið með öðru móti.

50. gr.

Hvar sem refa verður vart, skal hreppsnefndum skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi á vetrum, þá er mest eru harðindi, og skulu 3 hinir kunnustu menn í hverjum hreppi til taka, hvar og hve víða eitra skuli. Hreppsnefndin skal sjálf velja menn þessa, og séu þeir einkum valdir, er bezt skyn bera á refaveiðar.

Hirða skal að vori leifar þess, sem eitrad hefur verið, og grafa eða urða. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stýfa af öðrum væng þeirra um miðju til auðkennis.

51. gr.

Búendur í hverjum hreppi, þar sem grenja er von, skulu skyldir að gera grenjaleitir í löndum sínum og þar, sem menn hafa upprekstur fyrir sauðfé sitt. Nú rekur einhver fjáreigandi ekki fé sitt á fjall, en á það innan sveitar, utan girðinga, skal hann þá jafn skyldur að taka þátt í grenjaleit á vori hverju, þá og þar, er hreppsnefndin álitur þess helzt þörf, og kveður þá til þessa með nægum fyrirvara milli fardaga og Jónsmessu. Skal hún fela einum manni eða fleirum að ráða yfir leitinni. Ef einhver þeirra, er kvaddur er, mætir ekki á ákveðnum tíma, verður álitnið sem hann hafi hvergi farið, og varðar það 100 kr. sekt, nema hann sanni lögleg forföll. Geti einhver bóndi eigi látið menn í leitina, verður hann að fá til mann annars staðar, en geri hann það eigi, skal leitarforingi fá þann mann á kostnað búanda.

52. gr.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hvert að hafa ráðið skotmann, einn eða fleiri, til þess að vinna greni í hreppnum. Enginn skotmaður má, án gildra orsaka, skorast undan að vinna greni innan hrepps. Hreppsnefnd skal annast um að útvega mann með skyttunni á grenið. Skotmaður skal fá 40 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur á greni, og 60 kr. fyrir það síðara, en 10 kr. fyrir hvern yrðling, er hann getur sannað að hann hafi náð á greni.

Í kaup fær skotmaður ávallt tímakaup það, er gildir fyrir dagvinnu á hverjum tíma, og greiðist fyrir 20 klukkustundir á sólarhring, meðan hann liggur á greni. Sama kaup fær viðlegumaður.

53. gr.

Hvar, sem greni finnst, skal þess gætt, þar til skotmaður kemur, annars skal þar enga umgöngu hafa og engin vegsummerki gefa, fyrr en skotmaður er kominn.

34 Nú finnast gren þó ekki sé í leit, og skal sá er finnur tafarlaust skýra hreppsnefnd 12. marz frá eða skotmanni, ef hann er nær.

54. gr.

Sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækslu um vinnslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupum eftir málavöxtum, eftir því sem hreppsnefndin ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir atkvæði sýslunefndar.

55. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr annars staðar en á greni, fær 60 kr. fyrir hvert þeirra.

56. gr.

Hverjum þeim, er elur yrðlinga eða refi heima hjá sér og sleppir þeim úr gæzlu, varðar það sekt til sýslusjóðs, ekki minni en 200 krónur fyrir hvert dýr, nema hann geti sannað, að refurinn hafi náðst aftur og verið drepinn. Skyldar eru hreppsnefndir að senda sýslunefndinni ár hvert greinilegar skýrslur um grenjaleitir, refaveiðar og eitrun, hver í sínum hreppi.

57. gr.

Um greiðslu vegna eyðingu refa og grenjavinnslu fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum.

XII. KAFLI

Um brot og ágreining.

58. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 100—500 króna sektum, nema þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum. Sektir allar renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

59. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar með reglugerð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd og skal með það farið sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum.

60. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrslita sýslunefndar.

61. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 151 frá 31. ágúst 1940, fyrir Austur-Skaftafellssýslu, um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 1927, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

35

15. marz

um viðauka við reglugerð nr. 38 16. apríl 1935, um sölu áfengis til lækninga.

Ef læknir ávísar vinanda (etanól) í lyfjablöndu til útvortis notkunar, er lyfsala skylt að láta úti í hans stað Spiritus bergamiae af samsvarandi styrkleika, nema læknir hafi tekið sérstaklega fram á lyfseðlinum, að nota skuli ómengaðan vinanda í lyfjablönduna.

Pegar Spiritus bergamiae er notaður í slíka lyfjablöndu, skal verðleggja hana í samræmi við verð á Spiritus bergamiae.

Spiritus bergamiae má einungis láta úti í slíkum blöndum og eingöngu eftir lyfseðli.

Spiritus bergamiae inniheldur: Aetheroleum bergamiae g 5, Spiritus alcoholi-satus g 995.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 15. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

GJALDSKRÁ

36

16. marz

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 1.60 á kwst., en á hinn mælinn 20 aurar á kwst. Suðu- og hitunartæki skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 amp. eldavélatengil og hafa einn tengil að auki í eldhúsinu fyrir suðutæki, strok-járn o. þ. h.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald 30 aurar á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar-herbergja. Enn fremur mælaleiga.

Pegar nægjanlegt rafmagn er fyrir hendi, er bæjarstjórn heimilt að lækka um tíma gjöld samkvæmt þessum lið, án staðfestingar ráðuneytisins, fyrir þá notkun, sem er umfram það, sem gert er ráð fyrir að fari til ljósa og suðu.

Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þvilíkt er að ræða.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., þó skal minnsta árgjald vera kr. 140.00 á hvert kw. í málraun vélanna.

- 36 2. Um mæla á kr. 480.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess
16. marz 6 aura á notaða kwst.
3. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst., á kr. 1.50 hverja kwst., af þeirri notkun, er fer fram á tímnum frá kl. 10.45 til 12, en á 36 aura á öðrum tímum. Er ársnotkun utan tímans 10.45 til 12 er meiri en 5000 kwst. um einn mæli, má veita afslátt á þeirri notkun þannig:

Fyrir fyrstu	5 000 kwst.	utan tímans	10.45 til 12	afslátt	0 %
— næstu	10 000	—	—	—	10 —
—	30 000	—	—	—	20 —
—	60 000	—	—	—	30 —
—	100 000	—	—	—	40 —
og notkun þar yfir		—	—	—	50 —

D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukku-rofa í 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- Um tvígjaldsmæli á 9 aura hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8, en á 18 aura frá kl. 8 til 23. Strauminn megi þó rjúfa á sömu tímum og við D-1.
- Um kwst.mæli á 7.5 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn með klukku-rofa frá kl. 8 til 23.00.
- Til hitunar í iðnaði, við handiðnað eða atvinnurekstur:
 - Á 12 aura hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
 - Um tvígjaldsmæli á 10 aura hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og 24 aura frá kl. 8 til kl. 23.
 - Um hemil eða hemil-mæli á kr. 550.00 árskw. og 24 aura á kwst. fyrir alla umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemils.

Við sölu samkvæmt gjaldskrárlíðum D-4 a, b og c, má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita, sem því nemi, að raforkunotkun verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandinn kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjórn, í samráði við rafveitustjóra, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

36

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

16. marz

	Upphæð að 5 amp.	Ársleiga kr.		
		5-30 amp.	35-75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa mælar	12.00	24.00	„	„
Einfasa frádráttarmælar ...	42.00	„	„	„
Þrífasa mælar	42.00	42.00	63.00	84.00
Tvígjaldsmælar	„	63.00	84.00	105.00
Lausar skiptiklukkur	24.00	„	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera að minnsta kosti 15% af verði mælitækjanna. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið gjaldskrárinnar breytast með kolaverði á Akureyri, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 360 kr. verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola í bænum á hverjum tíma. Þó skal verð á kwst. samkvæmt þessum lið ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Raforkuverð og önnur gjöld samkv. öðrum liðum gjaldskrárinnar en D-lið hækki um $\frac{3}{4}$ % fyrir hvert stig, sem kauplagsvisitala er umfram 100.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 189 29. nóvember 1940, ásamt breytingum á þeirri gjaldskrá, nr. 14 31. janúar 1947 og nr. 246 25. nóvember 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

37

20. marz

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Önglabrjótsnefi að Hraunsnesi.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 2 24. janúar 1951, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi frá línu, er hugsast dregin um Reykjanesvita og Önglabrjótsnef á haf út og fyrir framan strandlengju Hafnahrepps, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps að Hraunsnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. marz 1951.

F. h. r.

Gunnl. E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.

38

20. marz

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Eskifjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.90 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 75 aurum á mánuði á hvern m² gólfplatá í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 5 kr. á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja

ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem 38 hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi. 20. marz

C. Vélnotkun.

- Um kwst.mæli á 95 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minna árgjalds, frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
- Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl er yfir 40 kw.:

Fyrstu	50 þús. kwst. ársnotkun á 42 aura hverja kwst.					
Næstu	100 — — — —	—	—	38	—	—
—	100 — — — —	—	—	33	—	—
Umfram	250 — — — —	—	—	29	—	—

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

D. Önnur rafmagnsnotkun.

- Raforku til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða má selja eftir gjaldskrárlíð B.
- Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 75 aura hver kwst.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögu rafveitunefndar.
- Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A-1, nema rafveitustjórn semji sérstaklega um annað í hvert skipti.

II. MÆLAEIGA

Rafveitustjórn ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkv. eftirfarandi skrá:

- | | | |
|---|-----|----------------|
| 1. Af einfasa mælum allt að 30 amp. | kr. | 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — | 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — | 9.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — | 13.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, sem miðast við rúmmál húss á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húss m ³ :	Heimtaugargj. jarðstr.:
Frá 0 allt að 100	kr. 500.00
— 100 — — 150	— 575.00

38
20. marz

Rúmmál húss m ³ :		Heimtaugargj. jarðstr.:
Frá 150 allt að 200		kr. 650.00
— 200 — — 250		— 725.00
— 250 — — 300		— 800.00
— 300 — — 350		— 875.00
— 350 — — 400		— 950.00
— 400 — — 450		— 1025.00
— 450 — — 500		— 1100.00
— 500 — — 550		— 1175.00
— 550 — — 600		— 1250.00
— 600 — — 650		— 1325.00
— 650 — — 700		— 1400.00
— 700 — — 750		— 1475.00
— 750 — — 800		— 1550.00
— 800 — — 850		— 1625.00
— 850 — — 900		— 1700.00
— 900 — — 1000		— 1800.00
— 1000 — — 1200		— 2000.00
— 1200 — — 1500		— 2200.00
— 1500 og þar yfir		— 2400.00

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Standi sérstaklega á eða óvenjulegir örðugleikar eru við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar, nr. 48 23. marz 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Porv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

39

20. marz

um styrkveitingar til sjúklinga með alvarlega, langvinna sjúkdóma.

1. gr.

Auk sjúklinga, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi og geðveiki, svo og fávita, ofdrykkjumanna og eiturfjanneytenda, koma til greina við styrkveitingar samkv. 1. tölulið 1. gr. laga nr. 78 23. júní 1936:

- a. Sjúklingar, sem haldnir eru öðrum alvarlegum, langvinnum sjúkdómi, enda sé sjúkdómurinn í eðli sínu langvinnur (kroniskur) og komið hafi í ljós eða fastlega megi gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi sjúklingur þarfnist sér til lækningar sjúkrahúsvistar misserum saman, eða síendurtekinnar sjúkrahúsvistar árum saman.
- b. Sjúklingar, 67 ára og eldri, sem þarfnast sjúkrahúss- eða hælsvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi ber að greiða samkv. síðari málslið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, og skal þá Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er sjúklingurinn þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að verða samkv. 17. gr. sömu laga. Slíkur ellilífeyrir fellur til ríkissjóðs sem endurgreiddur ríkisstyrkur til sjúkrahúss- eða hælisdvalar.

Styrkur verður ekki veittur þessum sjúklingum vegna sjúkrakostnaðar, sem áfallinn er fyrir ársbyrjun 1951.

2. gr.

Sjúkdómar í eðli sínu langvinnir teljast í þessu sambandi meðal annarra:

1. Mænusótt með tilliti til eftirstöðva hennar.
2. Heilaæxli.
3. Aðrir lífshættulegir sjúkdómar, sem þarfnast aðgerða, er leita verður út úr landinu.
4. Sykursýki.
5. Mergruni (anaemia perniciososa).

3. gr.

Auk ljóslækningakostnaðar berklasjúklinga verður greiddur úr ríkissjóði $\frac{4}{5}$ hlutar nauðsynlegs lækningakostnaðar þeirra sjúklinga utan sjúkrahúss eða hælís, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem nudd og rafmagnsaðgerðir mænusóttarsjúklinga, geitnalækningar o. s. frv.

4. gr.

Nú er sjúklingur úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga nr. 78 23. júní 1936, sbr. lög nr. 92 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum og reglugerð þessari, og á þá sjúklingurinn rétt á styrk samkvæmt ákvæðum 4. gr. hinna fyrrnefndu laga, einnig til að standast kostnað af nauðsynlegri sjúkrahúss- eða hælís- vist á næstliðnum tveimur árum, sbr. þó niðurlag 1. gr., að frádregnum kostnaði af 5 fyrstu vikunum, er þeir eiga í hlut, sem skyldutryggðir eru í sjúkrasamlagi.

5. gr.

Þegar ríkissjóður greiðir þannig, samkvæmt reglugerð þessari og ríkisframfærslulögum nr. 78/1936, sbr. og lög nr. 92/1943, meðlagskostnað sjúklinga í sjúkrahúsi og hæli, eða lækningakostnað utan sjúkrahúss og hælís að $\frac{4}{5}$ hlutum,

39 ber framfærslusveit hans að greiða $\frac{1}{5}$ hluta kostnaðarins, og má ekki telja þá greiðslu 20. marz sveitarstyrk veittan sjúklingnum, enda er hún ekki afturkræf.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 19 25. febr. 1944, um styrkveitingar til sjúklinga með alvarlega, langvinna sjúkdóma.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 92 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 8.00 á ári á fermetra gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 44 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 6.00 á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Við útreikning á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 fermetrar, skal telja sem hálf, en stærra en 25 fermetrar sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 fermetrar, má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 fermetrar jafngildi einu herbergi, en 5 fermetrar hálfu herbergi.

C. Rafmagn til véla.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, enda sé uppsett vélaafl 20 kw. eða meira, á 29 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.

D. Rafmagn til hitunar.

40

1. Um kwst.mæli á 18 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum lið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.30 til 12 og frá kl. 18 til 19.30.
2. Um kwst.mæli á 6 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrár-lið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi láti á sinn kostnað setja klukkurofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, en notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum um leigu mælitækja.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulýsinga við byggingar, meðan á byggingu stendur, 90 aurar hver kwst.
2. Til súgþurrkunar á heyi, á 30 aura hver kwst.
3. Til fiskþurrkunar á 40 aura hver kwst.
4. Til götulýsingar og hafnarlýsingar á 90 aura hver kwst., enda annist rafveitan rekstur og viðhald lýsinganna.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, með samþykki rafveitustjórnar, selja raforku með sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amper ... kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum upp að 50 amper ... — 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amper — 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amper — 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunn gjald kr. 2000.00 og auk þess kr. 20.00 af hverjum hundrað krónum af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar yfir 25 m og loftlínuheimtaugar yfir 60 metrar, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. **Opnunargjald.** Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.

- 40 2. Óleyfileg vör. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 89 8. júlí 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

41

31. marz

AUGLÝSING

um reglur varðandi lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hefur ráðuneytið, eftir tillögum tryggingaráðs, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. laga nr. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.

Út af þessu og í samræmi við það hafa verið settar reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sem öðlast gildi 1. apríl 1951.

Jafnframt eru úr gildi numdar reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sem gefnar voru út árið 1945.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

42

31. marz

REGLUR

um greiðslur til opinberra starfsmanna fyrir ferðakostnað o. fl. í innanlandsferðum.

1. gr.

Fæðis- og gistipeningar.

Opinberir starfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni starfsgreinar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem gisti- húsareikningar, kvittanir frá matarfélögum o. þ. h. Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt. Ríkisendurskoðuninni er skylt

að krefjast reikninga yfir kostnaðinn, þar sem hún telur hafa verið auðvelt að afla þeirra. 42

31. marz

Ef ferðast er þar sem erfitt er að fá kvittanir fyrir fæðis- og gistikostnaði, má greiða dagpeninga sem hér segir:

- a. Þeim starfsmönnum, sem taka laun samkvæmt I.—VII. flokki launalaganna kr. 75.00
- b. Öðrum starfsmönnum — 60.00

Ef gist er í tjöldum eða skálum vinnuflokka, skal greiða fæðiskostnað eftir reikningi samkvæmt 1. málsgrein. Sama gildir, ef verið er heima um nætur, en fullur vinnudagur er unninn svo langt frá heimili, að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimils, enda sé ekki um fastan vinnustað að ræða. Ef erfitt er á slíkum stöðum að fá kvittanir fyrir fæðiskostnaði, má greiða í dagpeninga allt að ½ hluta þess, sem ákveðið er í 2. málsgrein.

2. gr.

Fargjöld.

Opinberir starfsmenn fá endurgreidd fargjöld, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn (fargjaldskvittanir). Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt.

3. gr.

Greiðsla fyrir afnot einkabíla.

Þegar hagkvæmt þykir að semja við einstaka starfsmenn um notkun einkabíla þeirra í sambandi við starf þeirra, má greiða:

- a. Fyrir bíl, sem notaður er í þágu stofnunarinnar að staðaldri allt árið krónur 7200.00 á ári. Þó má greiða allt að kr. 9600.00 á ári, ef vissa er fyrir, að aksturinn í þágu stofnunarinnar fari yfir 12 000 km á ári.
- b. Þegar greiðsla samkvæmt a-lið á ekki við, má greiða sem hér segir fyrir hvern ekinn km í þágu stofnunarinnar:

Fyrir fyrstu 5000 km á ári	kr. 1.00	hver km.
Fyrir næstu 5000 km á ári	— 0.80	— —
Fyrir umfram 10 000 km á ári	— 0.50	— —

enda sé kílómetramælir bílsins í lagi og færð dagbók um aksturinn og eftirlit með notkun bílsins í þágu stofnunarinnar framkvæmt á viðunandi hátt.

Samþykki fjármálaráðuneytisins þarf hverju sinni til þess að semja um afnot bíls samkvæmt a-lið þessarar greinar.

4. gr.

Reglur þessar gilda frá 1. apríl 1951 og þar til öðruvísi verður ákveðið. Auk ríkisstofnana ná þær til stofnana þeirra, sem ríkissjóður stendur straum af að miklu eða öllu leyti, svo sem Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

43

3. apríl

AUGLÝSING

á reglum um pappírnotkun opinberra fyrirtækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að horfið skuli að notkun ákveðinna pappírsstærða (venjulega nefndra DIN stærða) hjá ríkisstofnunum og embættum og öðrum þeim stofnunum, sem reknar eru að miklu leyti með opinberu fé. Á þetta við um bréfs-efni, umslög, eyðublöð, bókhaldsbækur, aðrar bækur og blöð, er stofnunin kynni að gefa út.

Ætlast er til, að birgðum þeim, sem nú eru fyrir hendi af áprentuðum og óáprentuðum pappír í stofnunum verði eytt áður en skipt verði um, en jafnóðum sem prenta þurfi nýtt eyðublað eða nýja bók verði stærð þeirra ákveðin eftir hinni nýju reglu.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins mun verða stofnunum til leiðbeiningar í þessu efni og til aðstoðar við ákvörðun stærðar þeirrar, sem nota skal í hverju skyni, þar til er þetta er komið í fastar skorður.

Fjármálaráðuneytið, 3. apríl 1951.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.

44

5. apríl

REGLUGERÐ

um söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1951, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1951, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

Söluskattur af innfluttum vörum.

2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, — og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrálaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsg. 10. gr. tollskrálaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrálaganna:

Tollskrá:

Kaflí Nr.

2 1—18

3 1—5

Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

- 60 Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla
4. maí þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda
sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 60 10. apríl 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um héraðsskjalasöfn.

61
5. maí

1. gr.

Héraðsskjalasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðskjalavarðar, eiga rétt á að fá til varðveislu skjöl og bækur frá embættum og stofnunum, sem hafa afmarkað starfssvið og starfa eingöngu innan þeirra sýslna eða þess kaupstaðar, sem héraðsskjalasafnið tekur til samkvæmt samþykktum, sem um það gilda og lög ákveða. Enn fremur á héraðsskjalasafn rétt á að fá með sama hætti skjallæg gögn félaga, sem njóta styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan þeirra endimarka, sem safnið tekur til.

2. gr.

Í héraðsskjalasöfnum skal geyma skjöl og bækur þeirra embætta, stofnana og félaga, er nú greinir:

1. Skjalasöfn hreppstjóra,
2. — sáttanefnda,
3. — hreppsnefnda,
4. — sýslunefnda,
5. — bæjarstjórna,
6. — bæjar-, sýslu- eða hreppsyrirtækja,
7. — forðagæzlumanna,
8. — yfirskattanefnda,
9. — undirskattanefnda,
10. — undirfasteignamatsnefnda (svo og aukamöt fasteigna),
11. — skólanefnda,
12. — barnaverndarnefnda,
13. — héraðsfunda,
14. — sóknarnefnda,
15. — sjúkrasamlaga,
16. — búnaðarsambanda,
17. — ræktunarsambanda,
18. — hreppabúnaðarféлага,
19. — búfjárræktarféлага,
20. — skógræktarféлага,
21. — ungmennafélaga og íþróttafélaga,
22. — lestrarféлага og annarra menningarféлага.

Nú skipa bæjarstjórnir, sýslunefndir, hreppsnefndir, héraðsfundir eða sóknar- 61
nefndir trúnaðarmenn eða nefndir, sem ekki er getið í þessari upptalningu, og 5. maí
eru öll skjalagögn slíkra trúnaðarmanna eða nefnda afhendingarskyld til héraðs-
skjalasafns.

Séu manntöl, sem tekin eru að tilhlutun bæjarstjórna, fjölrítuð, skal senda Þjóðskjalasafninu eitt eintak án endurgjalds.

Nú rís ágreiningur um, hvort skjalagögn embættis, stofnunar eða félags séu afhendingarskyld til héraðsskjalasafns eða eigi, og sker þá menntamálaráðuneytið úr.

Um það, hversu langt árábil afhendingarskyldir aðilar mega geyma skjalagögn í eigin vörzlu o. s. frv., gilda sömu ákvæði sem um afhendingarskyldu til Þjóðskjalasafns, sbr. reglugerð þess nr. 5/1916. Þó skal afhenda héraðsskjalasafni kirkju- og manntalsbækur sókna, þegar þær eru fullskrifaðar og aldrei síðar en 50 árum eftir löggildingu bókana.

3. gr.

Sýslunefnd (sýslunefndir) eða bæjarstjórn ræður forstöðumann héraðsskjalasafns. Hann hefur á hendi stjórn safnsins undir yfirumsjón þjóðskjalavarðar.

4. gr.

Forstöðumaður héraðsskjalasafns annast innheimtu þeirra skjalagagna, sem það á rétt á að fá til varðveislu samkvæmt þessari reglugerð og gildandi lögum.

Forstöðumaður skal gæta þess, að safnið sé jafnan í svo góðu skipulagi, sem auðið er, og semja skrár yfir skjöl og bækur, sem í því eru. Hann skal halda aðfangabók og skrá í hana öll skjalagögn jafnóðum og þau berast safninu. Um hver áramót skal hann gefa þjóðskjalaverði skýrslu um það, sem bæzt hefur í skjalasafnið á liðnu ári, svo og um skráningu skjalagagna og annað, sem þjóðskjalavörður kann að óska vitneskju um eða ástæða er til að taka fram um safnið.

5. gr.

Forstöðumaður skal gæta þess, að alls ekki sé farið með ljós eða eld um skjalageymslu né lestrarsal safnsins. Hann skal og vendilega gæta þess, að gestir safnsins fari á allan hátt vel með skjöl þau og bækur er þeir nota. Þeim er óheimilt að brjóta blað, skrifa eða strika eða gera nokkur merki í skjölin eða bækurnar. Þeim, sem brjóta þessar reglur má tafarlaust banna aðgang að safninu.

6. gr.

Forstöðumaður skal ganga ríkt eftir því, að skjölum, bókum eða öðrum munum, sem kunna að berast burt úr safninu, en eru réttmæt eign þess, verði skilað þangað aftur, sbr. 8. gr.

7. gr.

Héraðsskjalasafn skal vera opið almenningi til afnota eigi skemur en sex klukkustundir á viku.

Heimilt er forstöðumanni að banna gestum safnsins afnot skjalagagna, einkum nýrra, ef hann telur það heppilegt vegna efnis þess, er þau hafa að geyma. Sætti þeir sig ekki við slíkt bann forstöðumanns, má vísa málinu til þjóðskjalavarðar. Ekki má synja embættismönnum eða opinberum stofnunum um afnot skjala í þágu embættis eða stofnunar.

8. gr.

Óheimilt er með öllu að lána skjöl eða bækur út úr safninu, nema til afnota í öðrum skjalasöfnum landsins eða opinberum bókasöfnum, og þá gegn skriflegri

61 yfirlýsingu hlutaðeigandi forstöðumanns um það, að hann taki ábyrgð á meðferð 5. maí skjalanna og skilum þeirra innan ákveðins tíma.

9. gr.

Brot gegn fyrirmælum reglugerðar þessarar skulu sæta meðferð opinberra mála og varða allt að 10 þúsund króna sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7/1947, um héraðsskjalasöfn, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. maí 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

62
7. maí

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er í Kaldrananesi, Kaldrananeshreppi.

2. gr.

Verkefni félagsins eru að auka fiskigengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu og að leigja veiðisvæðið til stangaveiði.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Bjarnarfjarðará, en þær eru: Goðdalur, Sunddalur, Skarð, Svanshóll, Oddi, Hvammur, Bakki, Klúka, Ásmundar-nes og Kaldrananes.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röðin áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, en hinir hitt árið.

7. gr.

62

7. maí

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Aðalfund heldur félagið í maímánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Á aðalfundi ræður afl atkvæði úrslitum, nema um breytingar á samþykktum félagsins og arðskrá. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

9. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, arðskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá kr. 300.00, og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema á löglegum aðalfundi með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að slík breyting verði til umræðu.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í því augnamiði, og skal ekki liða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvöna kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar, þannig reiknað:

Fyrir notkun um ljósamælinn kr. 1.50 á kwst.

Fyrir notkun um suðumælinn — 0.40 — —

Suðu og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokjárn o. þ. h.

2. Um einn kwst. mæli fyrir alla notkun á heimilinu, þannig reiknað:

- | | |
|--|-------------------------------------|
| a. Fastagjald af gólfleti íbúðar | 30 aurar á m ² á mánuði. |
| b. Fyrir fyrstu 3 kwst. á mán. á hvern m ² gólfplatar | 40 — — kwst. |
| c. Fyrir notkun umfram það | 20 — — — |

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur eða þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þvílíkt er að ræða.

Ofangreind ákvæði um fyrstu notkun gilda fyrir allar íbúðir upp að 100 m², en fyrir íbúðir með 100 m² gólfplöt reiknast til fyrstu notkunar 2 kwst. á mánuði á hvern m² fram yfir 100 m².

Ef nægileg raforka er ekki fyrir hendi, er bæjarstjórn heimilt að fella niður 20 aura verðið fyrir umframnotkun og selja alla notkun samkvæmt þessum gjaldskrárlið á 40 aura kwst., auk fastagjaldsins.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli, þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun 35 aurar á kwst.

— næstu 30 000 — — 33 — — —

— umfram 50 000 — — 30 — — —

Verð þetta miðast við, að útsöluverð á oliu á Siglufirði sé 700 kr. tonnið, en fyrir hver full 10%, sem oliuverðið lækkar eða hækkar frá því verði, lækkar eða hækkar verð orkunnar um 10%.

D. Hitun.63
8. maí

Ef vélaafl, línur og spennar leyfa, að dómi rafveitustjóra, má selja raforku til hitunar, um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald hans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til klukkurofa, og kostar þá notandinn tengingu hans og greiðir leigu af honum samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að rafveitunni sé heimilt að rjúfa strauminn af hitalögninni, þegar það telst nauðsynlegt að dómi rafveitustjóra.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Rafveitustjóri getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst.
 3. Til lýsingar gatna, hafnar, skóla, sjúkrahúsa og kirkna um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst.
 4. Til fiskþurrkunarhúsa gildir gjaldskrárliður C-2 fyrir orkunotkun til hreyfla (flutningsbönd, viftur, lyftitæki o. fl.), en fyrir hita til þurrkunarinnar kr. 0.15 pr. kwst.
 5. Sundlaugin greiði kr. 0.10 pr. kwst. fyrir raforku þá, sem fer til hitunar. Fyrir ljós greiðist kr. 1.00 pr. kwst og fyrir hreyfla samkvæmt gjaldskrárlið C-2.
- Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum eins og hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

63
8. maíRúmmál húss í m³:

Heimtaugargjald jarðstrengs:

Allt að 200	kr. 600.00
Frá 200 allt að 300	— 700.00
— 300 — — 400	— 800.00
— 400 — — 500	— 900.00
— 500 — — 600	— 1000.00
— 600 — — 700	— 1100.00
— 700 — — 800	— 1200.00
— 800 — — 900	— 1300.00
— 900 — — 1000	— 1400.00
— 1000 — — 1200	— 1500.00
— 1200 — — 1400	— 1600.00
— 1400 og þar yfir	— 1700.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé jarðstrengsheimtaug lengri en 15 metrar og loftlínuheimtaug lengri en 40 metrar eða gildleiki víra meira en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaug eftir samningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald eftir reikningi, greiði aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En þau hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiða það, þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við endurskoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923. og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 197 12. nóv. 1945, ásamt breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 57 20. apríl 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson

REGLUGERÐ

64

9. maí

um bann við dragnótaveiði í Ísafjarðardjúpi og í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 2 24. jan. 1951, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi í Ísafjarðardjúpi og í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu frá Gelti að Straumnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um, að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937, sbr. lög nr. 31 7. marz 1951.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. maí 1951.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

65

9. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkirkauptún,
nr. 96 2. júlí 1941.

1. gr.

V. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

V. KAFLI

Um gjöld til hafnarsjóðs.

17. gr.

Lestagjald.

Hvert fljótandi far, sem leggst við festar innan takmarkalínu Bolungavíkurhafnar, skal greiða lestagjald. Lestagjald greiðist í hvert skipti, sem skip kemur í höfnina, með þeim undantekningum, er um getur síðar í þessum kafla. Þó skulu eftirtalin skip undanþegin lestagjaldi: Herskip, varðskip, vitaskip, skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi og hafa ekki samband við land, skip, sem leita þurfa læknishjálpar eða koma til þess að taka eða skila á land

65 heimilisföstum Bolvikingum, enda stundi skipin ekki strandferðir og fá ekki aðra 9. maí afgreiðslu í höfninni. Lestagjöld, sem og önnur gjöld til hafnarinnar, renna í hafnar-sjóð.

Alls staðar þar, sem miðað er við lestatölu skipa í neðanskráðum gjaldskrá, er átt við brúttórúmllestir.

18. gr.

Lestagjald.

Lestagjald skal greiða eftir neðanskráðri gjaldskrá í hvert sinn sem skip kemur inn í höfnina:

I. Skip, skrásett eða heimilisföst í Bolungavík:

a. árabátar	kr. 10.00 á ári
b. vélbátar undir 5 lestum	— 45.00 — —
c. vélbátar 5—12 lestir	— 75.00 — —
d. vélbátar 12 lestir	— 3.00 af hverri lest á ári
lágmark	— 50.00

II. Önnur skip:

1. Fiskiskip:

a. árabátar	kr. 2.50 í hvert skipti eða kr. 10.00 á ári
b. vélbátar undir 5 lestum ..	— 7.50 - — — — 45.00 - —
c. vélbátar 5—12 lestir	— 12.50 - — — — 75.00 - —
d. vélbátar og skip yfir 12 lestir	kr. 0.60 af hverri lest í hvert skipti.
Lágmark kr. 10.00 eða kr. 3.00 af hverri lest á ári. Lágmark kr. 50.00.	

2. Önnur skip:

- Skip undir 1000 lestum kr. 0.30 af hverri lest í hvert skipti.
- Skip yfir 1000 lestir kr. 300.00 og kr. 0.10 af hverri lest umfram 1000 í hvert skipti.
- Innlend strandferðaskip kr. 0.15 af hverri lest í hvert skipti eða kr. 0.50 af hverri lest á ári.

19. gr.

Ljósagjöld.

Öll skip, sem greiða lestagjald, greiði samtímis ljósagjald eftir neðanskráðri gjaldskrá:

I. Skip, skrásett eða heimilisföst í Bolungavík:

Vélbátur eða skip yfir 12 lestir kr. 15.00 á ári.

II. Önnur skip:

1. Fiskveiðaskip:

- Yfir 12 lestir en undir 50 lestum kr. 4.50 í hvert skipti eða kr. 15.00 á ári.
- Yfir 50 lestir kr. 6.00 í hvert skipti eða kr. 20.00 á ári.

2. Önnur skip:

- Skip undir 200 lestum kr. 7.50 í hvert skipti.
- Skip yfir 200 lestir en undir 400 lestum kr. 15.00 í hvert skipti.
- Skip yfir 400 lestir kr. 45.00 í hvert skipti.
- Innlend strandferðaskip undir 1000 lestum kr. 25.00 á ári.
- Innlend strandferðaskip yfir 1000 lestir kr. 40.00 á ári.

20. gr.

65

9. maí

Bryggjugjald.

Bryggjugjald skulu öll skip, sem leggjast að hafnargörðum eða hafnarbryggjum í Bolungavíkurhöfn, greiða eftir neðanskráðri gjaldskrá:

I. Skip, skrásett eða heimilisföst í Bolungavík:

Skip 12 lestir eða stærri kr. 80.00 á ári.

II. Önnur skip:

1. Fiskveiðaskip:

a. 12—60 lestir kr. 15.00 í hvert skipti eða kr. 80.00 á ári.

b. Yfir 60 lestir kr. 30.00 í hvert skipti eða kr. 80.00 á ári.

2. Innland strandferðaskip kr. 0.10 af hverri lest í hvert skipti eða kr. 3.00 af hverri lest einu sinni á ári.

3. Önnur skip, þar með talin vöruflutningaskip, þótt þau séu í strandferðum, kr. 0.30 fyrir hverja lest í hvert skipti eða kr. 1.50 af hverri lest einu sinni á ári.

21. gr.

Bryggjugjald greiðist einu sinni fyrir hvern sólarhring, sem skip liggur við bryggju, þegar greitt er fyrir hvert skipti.

22. gr.

Vatnsgjald.

Fyrir að taka neytluvatn eða vatn til véla skipa úr vatnsleiðslu hafnarinnar, skal greiða vatnsgjald samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

I. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungavík kr. 10.00 í hvert skipti.

II. Önnur skip:

1. Skip undir 150 lestum kr. 20.00 í hvert skipti.

2. Skip yfir 150 lestir kr. 40.00 í hvert skipti.

III. Sé vatn afgreitt eftir máli má taka allt að kr. 10.00 fyrir hverja smálest.

23. gr.

Skipstjóri aðkomuskips ber ábyrgð á öllum gjöldum af skipi sínu til hafnarinnar. Skip má ekki leggja úr höfn, nema gjöld þess séu greidd. Er heimilt eftir kröfu hafnarvarðar eða hafnarstjóra að stöðva för skips með fógetavaldi, ef gjöld þess hafa ekki verið greidd áður en það fer úr höfninni, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í því.

Afgreiðslumaður aðkomuskipa ber ábyrgð á gjöldum skips, sem hann annast afgreiðslu fyrir. Eigandi skips og útgerðarmaður bera einnig ábyrgð á gjöldum skipa sinna, hvort sem um aðkomuskip er að ræða eða ekki.

Gjalddagi árgjalda samkv. framanskráðum skráum er 1. febrúar fyrir hvert liðandi ár eða í fyrsta skipti, sem skip kemur á höfnina á árinu.

24. gr.

Vörugjald.

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta eða skipa, sem gerðir eru út frá Bolungavík og/eða leggja afla sinn þar á land, skal greiða vörugjald til hafnarsjóðs Bolungavíkur samkvæmt gjaldskrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1. flokkur. Aflagjald:

a. 1.00 kr. hver 100 kg: Allur fiskafli, slægður með haus, þ. á m. sild.

b. 0.50 kr. hvert mál: Skelfiskur.

- 65 2. flokkur. 0.50 kr. hver 100 kg:
9. maí Brúnkol, kol, koks, mór, salt.
3. flokkur. 75 aurar hver 100 kg:
Kalk, múrsteinn, sement, steinsteyptar vörur, steypujárn, steypustyrktar-járn, vikur, vikursteinn, þakjárn, þakplötur.
4. flokkur. 1.00 kr. hver 100 kg:
Beitusild, fiskbein (hörð), fiskilínur, fiskimjöl, fiskur nýr eða ísvarinn, slægður eða óslægður, (brottfluttur), hey, hráolia, kornvörur allar, lyf, lyfja-vörur, mjólk, sildarlýsi, sildarmjöl, smokkfiskur.
5. flokkur. 2.00 kr. hver 100 kg:
Áburðarolia, áburður (tilbúinn), asbestpípur, ávextir (nýir, niðursoðnir og þurkaðir), baðlyf, blý, blöð, brauðvörur, brýni, bækur, dráttarvélar og aðrar skyldar vélar, eldavélar, eldfastur leir og steinn, feiti, gaddavír, garnir, gólf-dúkar, grænsápa, gærur, hevvinnsluvélar, hverfisteinar, ís, jarðvinnsluvélar, járn, járnkeðjur, járnþípur, kaðlar, kaffi, kakaó, kartöflur og aðrir garðávextir, kitti, kjöt, kopar, koparvír, kork, krít, kæliskápar, leður, leirvörur, litarvörur, mör, niðursuðuvörur, nýlenduvarur, ofnar, pappi, pappir, hvers konar þokar, pokastrigi (hessian), rúðugler, saumavélar, saumur, segldúkur, seglgarn, skil-vindur, smjör, smjörliki, smjörlikisoliur, steinn, sódi, stál, stálvír, stálvörur, steiptar járnvörur, sykur, te, tjara, togleður, tólg, tvistur, ull, vaxdúkur, vélar, vélahlutar, vír, vírnet, vörubifreiðar, þvottaefni, þvottasápa, þvottavélar.
Allar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. 3.00 kr. hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvörur og þess háttar, leðurvörur, leik-föng, þrjónavörur, skinnavörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbaks-vörur, vefnaðarvörur, vín, vínandi.
7. flokkur. 4.00 kr. hver 100 kg:
Fólksflutningsbifreiðar, húsgögn, orgel, pianó. Fyrir ferðabifreiðar, hvers konar, skal aðeins greiða kr. 15.00 fyrir hverja, fyrir hvert skipti fram og aftur samanlagt. Líði meira en 6 mánuðir milli ferða reiknast gjaldið aftur. Sama gjald greiðist fyrir jarðvinnsluvélar, sem fluttar eru til vegna vinnu og um höfnina fara. Séu vélarnar yfir 6 smálestir er gjaldið kr. 50.00.
8. flokkur. 1.25 kr. hver kassi með ca. 50 flöskum, hverri á $\frac{1}{4}$ — $\frac{3}{8}$ lítra:
Gosdrykkir, svaladrykkir, öl.
Hver gripur: Sauðfé.
9. flokkur. 2.00 kr. hvert fat yfir 100 kg eða lítra; 1.00 kr. hver tunna 100 kg eða lítra eða minni:
Benzín, fernisolia, lýsi, lýsiskvoða, kjöt, sild, smurningsolia, steinolia og aðrar vörur, fastar eða fljóttandi, sem fluttar eru í þess konar ílátum, ótaldar annars staðar.
10. flokkur. 1.00 kr. hvert stykki:
Endursendar umbúðir, loðdýr, stykkjavara 10—50 kg, ótalin annars staðar, tóm föt og tunnur, vín, öl- og gosdrykkjakassar.
Fyrir stykkjavöru undir 10 tonn greiðist hálf gjald.
11. flokkur. 2.00 kr. hvert stykki:
Súr- og gashylki, full og tóm, stykkjavara 50—100 kg, ótalin annars staðar.
12. flokkur. 5.00 kr. hver gripur:
Hestar, nautgripir, svín.
13. flokkur. 20 aurar hvert teningsfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, ótaldar annars staðar.

25. gr.

65

8. maí

Vörugjald af afla greiðist að hálfu leyti af óskiptum afla, en að hálfu leyti af kaupanda aflans. Kaupandi skal innheimta aflagjald það, sem reiknast af óskiptum afla og standa skil á því til hafnarsjóðs innan viku frá gjalddaga. Kaupandi ber ábyrgð á öllu gjaldinu gagnvart hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga, þegar afla er skipt, eða hann afreiknaður hjá kaupanda.

Vörugjald af öllum aðfluttum vörum greiðir móttakandi, en sendandi af útfluttum vörum, og er það gjaldkræft, er skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina eða áður en það flytur vöru brott.

Afgreiðslumaður skips skal ávallt standa innheimtumanni skil á vörugjaldinu. Rétt á afgreiðslumaður á innheimtulaunum samkvæmt samningi við hafnarnefnd.

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil eining og lægsta vörugjald er 50 aurar. Leiki vafi á því, í hvaða gjaldaflokki skuli telja einhverja vöru, sker hafnarstjóri úr.

Skipstjóri skips, sem hefur farm sinn skráðan, skal láta hafnarstjóra eða hafnarverði í té eftirrit af farmskránni. Skipstjóri skips, sem ekki hefur farm sinn skráðan, skal gefa hafnarstjóra eða hafnarverði skýrslu um farminn, þegar er skipið kemur í höfnina og áður en það lætur úr höfn. Sama skylda hvílir á afgreiðslumanni skips. Verði ekki sannreynt, hvert vörumagn skip flytur, er hafnarstjóra heimilt að meta magnið til vörugjalds. Sá, sem lætur fyrir farast að gefa nefnda skýrslu eða gefur ranga eða villandi skýrslu um farm skips, hefur með því gerzt brotlegur við reglugerð þessa. Skipstjóri og útgerðarmaður þess skips, sem flytur óskráðar vörur, bera ábyrgð á greiðslu vörugjalds af þeim vörum, og einnig sá, sem annast afgreiðslu slíkra skipa. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz vörugjald er greitt.

26. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur, farþegaflutningur, vistir og aðrar nauðsynjar til skipa til eigin þarfa, svo og vörur, sem lagðar eru á land til umskipunar til annarra hafna.

27. gr.

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

2. gr.

VI. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

28. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil, svo nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnað við yfirmatið.

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungavíkur.

30. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

65
9. maí

3. gr.
Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi auglýsing nr. 84 26. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkurbætur og auglýsing nr. 61 15. apríl 1948, sama efnis.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

66
9. maí

HAFNARREGLUGERÐ fyrir Stykkishólmskaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr svo nefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina línu í Þórisólma, þaðan beina línu í Böllusker, og þaðan sjónhendingu í Lundaklett.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna. Hver nýkjörin hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum 3 menn í hafnarnefnd til 4 ára í senn, og ákveður jafnframt formann hennar, og skal jafnan einn nefndarmanna vera hreppsnefndarmaður. Þá kýs og hreppsnefnd 2 varamenn.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á henni, og stýrir öllum framkvæmdum, annast alla innheimtu á gjöldum til hafnarinnar, og hefur á hendi reikningshald, stjórnar sjóðnum undir eftirliti hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningar hafnarinnar skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Hafnarsjóður.

3. gr.

Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, eingöngu varið í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánnum til þeirra.

IV. KAFLI

66

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

9. maí

4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

5. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Öll skip, sem ætla að leggjast við hafnarbryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til þess að draga sig festarhringi í Stykkinu, sem til þess eru gerðir. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur til að benda skipstjóra á hringina, sem skipinu er ætlað að nota til að draga sig að bryggjunni.

7. gr.

Skip hafa rétt til að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákeðinni fyrir fram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur skip liggja við hana, og verða þau þá að vikja burt, meðan hin fá afgreiðslu.

Hafnarnefnd ákveður, hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vesturhorni Súgandiseyjar í svonefndan Fálka.

8. gr.

Sérhver skemmd, sem verður á bryggjunni, áhöldum hennar eða öðru því sem skip nota, skal að fullu bæta af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá. Aðrar skemmdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bætt fyrir af þeim, er skemmdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

Áhöld þau, er fylgja hafnarmannvirkjunum, er öllum óheimilt að nota, nema leyfi hafnarnefndar eða hafnarstjóra komi til.

9. gr.

Í öllum skipum, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklum krafti, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

66
9. maí

V. KAFLI Um almenna reglu.

11. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boðum hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

12. gr.

Öll veiði með skotum er stranglega bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skoti á innri höfninni eða á landi hennar.

13. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elda og ljóss í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu þeirra.

Áliti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik eða fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í höfninni svo og á landi hennar, nema með leyfi hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar.

14. gr.

Enginn má reisa mannvirki eða gera jarðrask með grjótnámi eða öðru meðfram strandlengju hafnarinnar, nema að fengnu leyfi hafnarnefndar.

Ekki má heldur smíða ný skip, né þetta eldri skip á landi hafnarinnar, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar, og með þeim skilmálum, er hún setur. Bannað er að leggja skip í hafnarfjöruna eða láta skip standa við bryggjurnar um fjöru nema með leyfi hafnarnefndar eða hafnarstjóra.

15. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, köðlum, virum, fiskúrgangi, fiskilóðum eða yfirleitt neinu við hafnarmannvirkin eða í innri höfnina. Skal það flutt þangað, sem hafnarnefnd eða hafnarstjóri vísar til.

VI. KAFLI Hafnargjöld.

16. gr.

Öll skip 12 smálestir eða stærri brúttó, skulu greiða hafnargjald er þau koma í Stykkishólshöfn, og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skýrteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

17. gr.

66

9. maí

- a. Öll aðkomuskip, 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða í lestagjald 60 aura af hverri nettó smálest. Lægsta gjald skal þó vera 20 krónur. Íslensk fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftast en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftast í höfnina. Innlend strandferðaskip sem sigla eftir fastri áætlan skulu einungis greiða 40 aura af hverri nettósmálest, og þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- b. Aðkomubátar minni en 12 smálestir brúttó, skulu greiða í lestagjald 10 krónur í hvert sinn.
- c. Þilskip, sem eru eign manna búsettra í Stykkishólmi, skulu greiða í lestagjald einu sinni á ári 5.00 krónur af hverri nettósmálest með gjalddaga 1. október. Minnsta gjald skal þó vera 60 krónur.
- d. Opnir vélbátar greiði 40 krónur á ári með gjalddaga 1. október. Allir aðrir bátar greiði 20 krónur á ári með sama gjalddaga.

18. gr.

Öll þilskip og bátar, önnur en þau, sem greiða vörugjald af landsettum aflu, sem lagt er við föst legugögn í Stykkishólmshöfn, skulu greiða fyrir það aukagjald kr. 260.00 á ári með gjalddaga 1. október. Opnir bátar með eða án vélar greiði fyrir það 60 krónur á ári á sama gjalddaga.

19. gr.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við báta eða skip undir 60 brúttó smálestum, sem oft eiga erindi í höfnina, að greiða hafnargjald einu sinni á ári.

VII. KAFLI

Bryggjugjöld.

20. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum sé sleppt.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring, eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri nettó smálest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

Bátar, sem eru stærri en 15 smálestir brúttó, skulu greiða bryggjugjald, 15 krónur fyrir hvern sólarhring, sem þau liggja við bátabryggjur í höfninni, eða hluta úr sólarhring, en minni bátar 6 krónur. Undanþegir þessu gjaldi eru opnir bátar, sem einöngu eru notaðir til heimilisþarfa á bændabýlum í nágrenni Stykkishólms.

Öll heimaskip og bátar, skrásett í Stykkishólmi, önnur en þau, sem greiða vörugjald af landsettum aflu, skulu greiða bryggjugjald einu sinni á ári, 10 krónur af hverri nettó smálest, með gjalddaga 1. október, þó aldrei minna en 30 kr. á ári.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við aðkomuskip, sem gerð eru út frá Stykkishólmi, um fast árgjald.

21. gr.

Ljósagjöld.

Öll skip, sem greiða lestagjald, skulu samtímis greiða ljósagjald, 5 aura fyrir hverja nettó smálest.

66
9. maí

22. gr.

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru innan hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 20 aura fyrir hverja nettó smálest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem heima eiga í Stykkishólmi.

23. gr.

Vatnsgjald greiðist samkvæmt ákvæðum hafnarnefndar.

VIII. KAFLI

Vörugjöld.

24. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út úr höfninni, eða milli skipa, með þeim undantekningum, er síðar greinir.

25. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Stykkishólms, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

26. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi og fara eiga til hafna innan Breiðafjarðar, greiðist hálf vörugjald.

27. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldur að láta hafnarnefnd eða hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða hafnarstjórn ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörur eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

Skylt er skipstjóra eða afgreiðslumanni skips að afhenda hafnarnefnd eða hafnarstjóra afrit af farmskrám skipsins innan sólarhrings eftir komu þess.

28. gr.

Hafnarnefnd hefur haldsrétt á vörum þeim, sem vörugjald skal greiðast af, unz gjaldið er greitt.

29. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- c. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

30. gr.

66

9. maí

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kíló:
Kol, salt, óverkaður og þurrkaður saltfiskur, ísvarinn fiskur slægður eða saltaður í fiskflutningaskip.
2. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kíló:
Ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakaó, leirvörur, lyf, lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursuðuvörur, nýlenduvörur alls konar, smjör, smjörliki, smjörlikisoliur, sundmagi, sykur, te, ull.
3. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kíló:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þessháttar léttar vörur, leðurvörur, leikföng, þrjónavörur, skinnavörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbaksvörur, vefnaðarvörur, vín og vínandi.
4. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kíló:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hvert stykki:
Ýmsar vörur, ef aðeins er að ræða um 1 til 5 stykki til hvers móttakanda.
6. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 stykki:
Múrsteinn og sementssteinn.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hverja tunnu:
Kjöttunnur, síldartunnur, fisktunnur, hrognatunnur, lýsistunnur, olíutunnur og aðrar tunnur, er innihalda ýmsar vörur.
8. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra:
Timbur, tunnur og þessháttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
9. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja kind.

IX. KAFLI

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

31. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og lóðum hafnarinnar, um sundarsakir, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

32. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningum við hafnarnefnd.

33. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd eða hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

34. gr.

Fyrir að taka seglfestu í landi Stykkishólmskaupþúns, skulu skip er það gera greiða í hafnarsjóð 30 aura af hverri nettó smálest skipsins, þó aldrei minna en 25 krónur.

X. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

35. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu hafnargjalda eða ræður mann til þess og skal greiða gjöldin til innheimtumanns eða á skrifstofu hafnarnefndar.

66

9. maí

Skipstjóri, formaður eða skipaafgreiðslur bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum unz hafnargjöld eru greidd, og í vörum fyrir vörugjöldum. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

Ef margir eiga vöru með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins innheimta gjaldið að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem hafnarnefnd ákveður, og standa skil á því.

Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

36. gr.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krefst yfirmats, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemi 10% af hinn ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skip úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarnefndar.

39. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

40. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

41. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og síðari breytingum á þeim, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún frá 1. apríl 1936 með síðari breytingum á henni.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1951.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING67
29. maí**um kosningu alþingismanns í Mýrasýslu.**

Með því að alþingismaður Bjarni Ásgeirsson hefur lagt niður þingmennsku-umboð sitt fyrir Mýrasýslu frá 1. júlí n. k. að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Mýrasýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 8. júlí n. k.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna, styttest þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingafresturinn skal felldur alveg niður og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. gr. styttist í 2 vikur og úrskurðir samkvæmt 21. gr. skulu ganga viku fyrir kjördag.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. maí 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT68
30. apríl**um breytingu á samþykktum fyrir Sparisjóð Húsavíkur, nr. 158 6. júlí 1943.**

1. gr.

Fjórða málsg. 4. gr. samþykktanna orðist svo:

Bæjarstjórn Húsavíkur kýs einn mann í stjórn sjóðsins og annan til vara, og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu kýs einn mann í stjórn sjóðsins og annan til vara, og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. apríl 1951.

Björn Ólafsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING69
25. maí**um nýja lyfsöluskrá II.**

Frá og með 1. júní 1951 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 23. þ. m.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1951 til jafnlengdar 1952.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	1750	00	1750	00	1458
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	204	09	1224	54	1020
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	171	36	1370	88	1142
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	91	82	918	20	765
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1120	83	1120	83	934
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	1066	67	1422	23	1185
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	6	33	759	60	633
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	4	54	544	80	454
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu pd. á	15	73	1887	60	1573
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	5	25	630	00	525
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispæysur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpæysur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	115	00	690	00	575
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
E. Lýsi.							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar	á	»	»	»
F. Skinnavara.							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	12	81	51 24 43
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10	pund	á	10	62	63 72 53
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10	pund	á	8	14	48 84 41
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit		hvert	á	»	»	»
G. Ýmislegt.							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum		pundið	á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á			88	33	» 1767
43.	— 1 lambsfóður	á			75	83	» 1517
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:							
Eftir A. eða í friðu					1301	11	1084
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg					955	50	796
Eftir C. eða í ullartóvöru					»	»	»
Eftir D. eða í fiski					690	00	575
Eftir E. eða í lýsi					»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru					54	60	46
En meðalverð allra landaura samantalið					3001	21	2501
og skipt með 4 sýnir:							
Stjórnun búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkv. jarðræktarlögum og reglugerð þessari, skal vera félagsmaður í hlutaðeigandi búnaðarfélagi. Búi sami maður á tveimur

eða fleiri jörðum sinni í hvorri sveit, þá skal hann vera félagsmaður í báðum 92
hreppabúnaðarfélögum, er í hlut eiga.

17. maí

7. gr.

Ákvæði jarðræktarlaga og reglugerðar þessarar um ríkisframlag til jarðræktar og húsbóta ná til:

1. Allra heimajarða eða hjáleigna, sem metnar eru sérstaklega til verðs samkv. fasteignamati, enda framfleyti býlið 9 kúgildum í minnsta lagi eða landverð þess að fasteignamati sé 1000 kr. hið minnsta. Undanskildar eru jarðir og jarðarhlutar, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitarþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða á hlutaðeigandi stað.
4. Félagsbundinna ræktunarfamkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi, að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst í reglugerð þessari: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltæk og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum. Lönd þessi má eigi skerða, eða taka undir annan atvinnurekstur, nema um sé að ræða:

- a. Almenna nauðsyn ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga.
- b. Nauðsynlegan atvinnurekstur, er eigandi landsins hefur með höndum eða efnir til.
- c. Sölu lands eða leigu, til þess að landið verði notað undir mannvirki vegna nauðsynlegs atvinnureksturs, er eykur verðmæti þess og ætla má, að verði til varanlegra hagsbóta fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land eða hætta að nytja það til ræktunar af þeim ástæðum, sem um getur í 8. gr., staflíð a—c, og skal þá ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, ef héraðsráðunautur er ekki starfandi á svæðinu, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðar úrskurðar.

10. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt, að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, að álit hlutaðeigandi héraðsráðunautar. Ef héraðsráðunautur er ekki starfandi á svæðinu, skal leita álits ráðunautar Búnaðarfélags Íslands.
2. Vegar- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það hindri eigi eða torveldi framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess jafnan gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við hlutaðeigandi héraðsráðunaut. Ef héraðsráðunautur er ekki starfandi á svæðinu, skal leita álits ráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

92
17. maí

Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línunum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða hreppi) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna.

3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l.

Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta.

11. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 17. gr.):

- I. Áburðargeymslur:
- | | | | | |
|---|-----|------|---|----------------|
| a. Safnþrær, alsteyptar | kr. | 9.00 | á | m ³ |
| b. Áburðarhús, alsteypt eða steyppt með járnþaki, þar með taldar steypptar áburðargeymslur undir gólfgrindum í fjárhúsum, enda sé dýpt þeirra eigi minni en 50 cm | — | 5.00 | — | — |
| c. Haugstæði, steyppt með 1 m veggjum | — | 3.00 | — | — |
- II. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):
- | | | | | |
|--|---|------|---|---|
| a. Skurðir handgrafnir | — | 1.00 | — | — |
| b. Hnausræsi | — | 0.75 | — | m |
| c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi) | — | 1.50 | — | — |
- III. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):
- Helmingur kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar, olíur og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af Vélanefnd ríkisins (sbr. 21. gr.).
- IV. Jarðrækt:
- | | | | | |
|--|---|--------|---|----|
| Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnæktar | — | 200.00 | — | ha |
|--|---|--------|---|----|
- V. Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m³ á býli á ári — 2.00 — m³
- VI. Girðingar um ræktunarlönd, með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavirsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um virnetsgirðingar er að ræða
- | | | | | |
|-------|---|------|---|---|
| | — | 0.30 | — | m |
|-------|---|------|---|---|

VII. Heyhlöður:

92

17. maí

- | | | | | |
|---|-----|------|---|----------------|
| a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru jafngóðu efni | kr. | 1.00 | á | m ³ |
| b. Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, jární eða öðru jafngildu efni | — | 0.75 | — | — |
| c. Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni | — | 5.50 | — | — |

VIII. Áveitur:

Þriðjungur kostnaðar við byggingu flóðgarða og flóðgátta, enda sé verkið unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands hefur látið gera eða samþykkt, og í sambandi við áveitu og framræsluframkvæmdir, sem unnið er að samkvæmt fullkominni heildaráætlun.

Framlag til jarðabóta greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru fullgerðar.

Framlag til haugstæðis veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

Ekki veitist framlag til að byggja minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m³.

12. gr.

Skilyrði fyrir ríkisframlagi til framangreindra mannvirkja eru meðal annars þessi:

I. Áburðargeymslur:

- Safnþrær, alsteyptar: Safnþróin sé lagar- og loftheld, afrennslisop og hreinsi- eða dæluop sé með þéttum lokunarumbúnaði.
- Áburðarhús, alsteypt eða steyppt með járnþaki: Veggir og gólf skal vera lagarhelt og tryggt að umbúnaður dyra sé þannig, að eigi komist rigningar- eða aðrennslisvatn í áburðinn.
- Haugstæði, steyppt með 1 m vegg hæð: Grunnflötur þeirra sé steypdur og steypdir veggir séu að minnsta kosti 1 metri á hæð. Tryggt sé, að grunnvatn og aðrennslisvatn komist ekki í haugstæðið.

II. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):

- Skurðir, handgrafnir: Hver einstakur skurður skal hafa þá legu og dýpt, er fullnægi hlutverki hans í framræslunni. Skurðurinn skal vera hreinn, þ. e. að ekki liggi hnausar eða stórir steinar í skurðbotninum, er geti orsakað stærri eða minni stíflur, sem leiði til þess að skurðbotninn aflagist eða grói upp um skör fram. Skurðfláinn sé aldrei minni en 1:½ og dýptin ekki minni en 1.20 m, þegar ekki er grafið niður á fastan jarðveg, nema frárennsliskurður sé. Skurðir, sem lokræst er í, séu ekki grynnri en 1.40 m, ef jarðvegur leyfir.
- Lokræsi handgrafin: Dýpt þeirra sé eigi minni en 1.20 m, þar sem jarðvegur leyfir. Ræsunum sé hagað þannig, að þau komi að sem beztum notum við þurrkun landsins.

III. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- eða hagaræktar (vélgrafnir skurðir):

Um vélgrafna skurði gilda sömu fyrirmæli og um handgrafna skurði.

Þegar mælt er fyrir þessum skurðum og grafið eftir hæðatöflum, er úttektarmönnum skurðanna heimilt að leggja hæðartöflurnar til grundvallar fyrir úttektinni þannig, að mæla yfirleitt aðeins það, sem er frávik frá hæðartöflunni. Þó skal við og við gera prófmælingar til að sannreyna rúmtak skurðanna.

Ekki er leyfilegt að víkja frá fyrirmælum þeirra, sem fyrir skurðunum mæla, nema nauðsyn sé, vegna ófyrirsjáanlegra orsaka og skal þá leita sam-

bands við hlutaðeigandi héraðsráðunaut, ef þess er kostur, svo skurðgröfuvinnan þurfi ekki að stöðvast. Þegar svo ber við, að slík frávik hafa reynzt óumflýjanleg, skulu skurðgröfumenn, að loknu verki, gefa hlutaðeigandi héraðsráðunaut eða mælingamanni skýrslu um, að hverju leyti hefur verið vikið frá hæðartöflu eða öðrum fyrirmælum um gröftinn.

IV. Jarðrækt. Ríkisframlag til jarðræktar greiðist því aðeins:

- a. Að landið sé innan löglegrar ræktunargirðingar.
- b. Að þurrkun landsins sé það fullkomin, að vænta megi fullrar eftirtækju.
- c. Að landið hafi verið unnið djúpt og vel og jafnað og valtað, svo að vatni veiti af yfirborði þess, svo sléttun landsins sem véltæks lands verði varanleg. Mýrarjarðvegur sé plægður djúpt.
- d. Að gengið sé vel frá skurðruðningum og spildurnar milli skurða séu fullunnar þannig, að ekki séu skildar eftir óunnar randir meðfram skurðum eða í hornum.
- e. Að nægilegur áburður sé horinn á landið.
- f. Að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

V. Grjótnám. Ef grjóti er ekki ekið burtu af hinu ræktaða landi né það grafið í jörðu, skal gengið snyrtilega frá því og þannig, að það hamli sem minnst allri vinnu á landinu.

VI. Girðingar um ræktunarlönd skulu í minnsta lagi samsvara 5 strengja gaddavirsgirðingu úr nýju óskemmdu efni, er sé 1 m á hæð, með 5 m bili á milli jarðfastra staura, og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Girðingin sé vel strengd. Vel séu jafnaðar allar mishæðir undir girðingunni, svo sauðkindur skriði ekki undir.
- b. Gaddavirsgirðing, 5 strengja, má vera 10 cm frá jörðu, en síðan sé millibil strengjanna, talið neðan frá: 15 cm, 20 cm, 25 cm og 30 cm. Sé girt með vírneti, skal minnst 1 gaddavirsstrengur vera ofan við netið.
- c. Þar sem staðhættir benda til, að girðing verði ekki flutt um set, er heimilt að hlaða traustan garð undir vírinn í stað eins eða fleiri strengja.
- d. Gengið skal svo traustlega frá öllum horn- og hliðstólpum, að þeir haggist ekki.

VII. Heyhlöður:

- a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu:

Hlöðurnar skulu vera alsteyptar að veggjum og byggðar á traustum og vatnspéttum grunni. Nú er hætta á, að dómi úttektarmanns, að grunnur leiði vatn til hlöðunnar, og verður hún þó því aðeins tekin út, að vatni sé ræst frá og gólfið steyp. Nú eru veggir að hlöðu steypdir að nokkru leyti, og er þá heimilt að veita ríkisframlag, samkvæmt 11. gr. jarðræktarlaga VII. a., á þann hluta hlöðunnar, sem steypdur er, þó því aðeins að helmingur hlöðunnar að minnsta kosti sé steypdur og veggirnir steypdir frá grunni.

- b. Þurrheyshlöður á steypum grunni úr timbri, asbesti, járn eða öðru jafngildu efni:

Þær skulu vera traustar að efni og frágangi. Varðandi grunnvatn og gólf gilda sömu fyrirmæli og um hlöður taldar undir staflið a.

- c. Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni:

Hringlaga votheyshlöður séu ekki minni en 3 m í þvermál. Hlöður með annarri lögun skulu ekki hafa minni grunnflöt en sem því svarar, og vel skal steyp í öll horn hlöðunnar. Hlöðurnar séu vel sléttar að innan. Frárennsli sé úr botni.

Ef ferhyrnd votheysgeymsla er steypd síðar inni í steinsteyptri þurrheyshlöðu, þannig að einn eða fleiri veggir votheyshlöðunnar sparist, lækkar

rikisframlagið hlutfallslega eftir því, enda hafi rikisframlag verið greitt til byggingar þurrheyshlöðunnar. 92
17. maí

Þannig sé gengið frá bæði þurrheys- og vottheyshlöðum að utan, að jarðvegsþungi í sambandi við frostverkanir sé ekki hættulegur fyrir veggina.

13. gr.

Skylt er héraðsráðunautum að tilkynna Búnaðarfélagi Íslands, ef jörð, um í umdæmum þeirra er skipt í fleiri blýli, eða ef tvö eða fleiri býli eru sameinuð í ábúð eins manns. Skýrslur héraðsráðunauta skulu ávallt bera með sér, hverjir séu ábúendur jarðanna.

Héraðsráðunautar og mælingamenn, er annast úttekt jarðabóta, skulu skila jarðabótaskýrslum til Búnaðarfélags Íslands svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 17. gr. reglugerðar þessarar, samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölulíð III. (vélagrafir skurðir) í 11. gr.

Af framlögum þeim til jarðabóta, sem talin eru í 11. gr., renna 5%, að viðlagðri verðlagsuppbót, til hlutaðeigandi búnaðarféлага til sameiginlegra félagsþarfa.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis og hjá hverjum jarðabótamanni. Spjaldskrá þessi skal tilgreina hverjar umbæturnar eru, svo sem rými ábúðarhúsa og heyhlaðna, lengd og rými skurða o. s. frv. Skrásettar skulu allar umbætur þær, er unnar hafa verið og ríkisframlag það sem greitt hefur verið frá því jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af framlaginu gengur til afgangsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlöðum í kaupstöðum og kaupþúnum.

16. gr.

Ekkert rikisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

17. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgangsgreiðslu 50% hærri en styrkuppþæðinni nemur.

III. KAFLI

Um Vélasjóð.

18. gr.

Framkvæmdastjóri Vélasjóðs hefur fyrir hönd Vélanefndar aðalumsjón með rekstri skurðgrafa, svo og annarra jarðræktarvéla, er sjóðurinn kann að eignast eða starfrækja.

92

17. maí

19. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og Vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög.

Leiga vélanna skal ávallt fara fram samkvæmt skriflegum leigusamningi, og sé tilgreindum leigutími, er að jafnaði skal vera 1 ár, leigugjald, gjalddagi o. fl., er varðar leigukjör og skilmála, svo og önnur atriði, er til kunna að koma.

Leigan skal miðuð við, að hægt sé að viðhalda vélakosti og endurnýja hann á eðlilegan hátt og eftir því sem þörf krefur. Leigu fyrir skurðgröfur skal miða við grafinn rúmmetra; heimilt er þó, þegar um sérstæð verkefni er að ræða, að leigja gröfuna gegn ákveðnu gjaldi á klukkustund.

20. gr.

Leiga eftir skurðgröfur Vélasjóðs skal greidd að fullu fyrir árslok árið, sem unnið er. Þó skal Vélanefnd heimilt að taka ávísanir á framlag ríkissjóðs til framræslunnar, er greiðast skal að lokinni úttekt, gíldar sem greiðslu á allt að helmingi leigunnar, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til.

Vélanefnd er heimilt að krefjast þess, að leigutaki setji tryggingu fyrir greiðslu leigugjalda eftir skurðgröfur þær, sem þeim eru seldar á leigu.

Vélanefnd getur krafizt að allt að helmingur áætlaðs leigugjalds greiðist fyrir fram, ef sérstakar ástæður þykja til, að dómi nefndarinnar.

21. gr.

Leigutaki greiðir allan kostnað við rekstur véla þeirra, er Vélasjóður selur á leigu, en hann telst:

- a. Leiga til Vélasjóðs.
- b. Laun manna þeirra, er með vélarnar vinna, slysatryggingariðgjald þeirra, svo og fæði og húsnæði, enda samþykki Vélanefnd kostnaðarliði þessa.
- c. Brennslu- og smurolíur.
- d. Vírar og flekar, sem notaðir eru við gröftinn.
- e. Aðdrættir allir til vélanna, svo og flutningur til og frá verkstæði á vélahlutum þeim, er gera þarf við.
- f. Vinna og kostnaður við að búa gröfuna í vetrarlægi.
- g. Heimilt er leigutaka að leggja á liðina b.—f. í þessari grein fyrir stjórnar- og innheimtukostnaði allt að 5%.

22. gr.

Leigutaki skal hafa eigi færri en 2 menn, sem færir eru úm að stjórna vélinni við gröft, en 3—4 menn, ef vaktaskipti eru viðhöfð, enda samþykki Vélanefnd ráðningu manna þessara. Heimilt er að láta skurðgröft fara fram í ákvæðisvinnu, sé sú ráðstöfun hagkvæm og samþykkt af Vélanefnd.

23. gr.

Leigutaki skal ávallt gæta fyllstu hagsýni við skipulagningu vinnunnar, flutning véla milli vinnustaða, svo og allt það, er hefur áhrif í þá átt, að auka afköst vélanna og gera vinnuna sem ódýrasta.

24. gr.

Leigutaki skal ávallt láta skurðgröfumenn framkvæma allar minni háttar viðgerðir eins fljótt sem frekast er unnt. Í því sambandi skal ávallt leita eftir, hvort

vélahlutir, er kunna að vanta, eru fyrir hendi í efnisgeymslu Vélasjóðs, áður en til nýsmíðis er gripið. Þegar um meiri háttar bilanir er að ræða, skal framkvæmdastjóri eða viðgerðarmenn Vélasjóðs til kvaddir og leitað álits þeirra og forsagnar. Skylt er skurðgröfustjórum að aðstoða viðgerðarmenn Vélasjóðs við viðgerðir, Vélasjóði að kostnaðarlausu. Kræfir viðgerðarreikningar leigutaka skulu úrskurðaðir af framkvæmdastjóra Vélasjóðs og endurgreiddir samkvæmt því.

Leigusali (Vélasjóður) er skyldur til að hafa skurðgröfur sínar í leigufæru standi, þegar þær eru afhentar til leigu, og hraða viðgerðum á þeim, eftir því sem unnt er. — Verði leigutaki fyrir miklu tjóni vegna vanrækslu á þessu, ber leigusala að bæta tjón það, er af slíku kann að leiða.

25. gr.

Framræsla, sem unnin er með skurðgröfum, skal ávallt framkvæmd samkvæmt áætlun, gerðri eða samþykktri af hlutaðeigandi héraðsráðunaut eða jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, ef héraðsráðunautur er ekki starfandi á svæðinu.

Við útreikning leigu eftir skurðgröfum Vélasjóðs skal úttekt héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna lögð til grundvallar.

26. gr.

Leigutaki skal mánaðarlega láta framkvæmdastjóra Vélasjóðs í té vinnuskýrslur, svo og í árslok ársskýrslu um vinnuafköst og kostnað við framkvæmdirnar, á þar til gerðum eyðublöðum, er Vélasjóður lætur í té.

Ársskýrsla skal send Vélasjóði strax, þegar vinnu er hætt og úttekt verksins hefur farið fram.

27. gr.

Vélanefnd aðstoðar ræktunarsambönd og aðra þá aðila, er eiga skurðgröfur og starfrækja þær við framræslu til ræktunarþarfa, varðandi útvegum varahluta og víra og við viðgerðir, á allan þann hátt, sem kostur er, kringumstæður leyfa og eftirlit með slíkum vélakosti á vegum Vélanefndar gefur tilefni til.

IV. KAFLI Almenn ákvæði.

28. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra jarðræktar- og húsabóta, sem framlag er greitt til samkvæmt jarðræktarlögum, eða brýtur að öðru leyti í bága við ákvæði laganna og reglugerðar þessarar að því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmunaskyni má þyngja refsinguna um helming.

29. gr.

Brjótí héraðsráðunautur, mælingamaður eða ráðunautur Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum jarðræktarlaga og reglugerðar þessarar, skal hann sæta sömu refsingu, er getur í 28. gr., nema þyngri refsing liggir við að lögum.

Með mál út af brotum á þessari grein og 28. gr., skal farið sem almenn lögreglu-mál.

30. gr.

Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli og leiðbeiningar um gerð jarða- og húsabóta, sem framlag er veitt til úr ríkissjóði, samkvæmt jarðræktarlögum og reglugerð þessari, svo og um úttekt þeirra.

92

Ákvæði til bráðabirgða.

17. maí

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna.

Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarfélaganna greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttun í túni njóta 400—500 kr. framlags á ha, að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 14. gr., enda skal framlagið bundið því skilyrði, að minnst $\frac{1}{10}$ túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945.

Eftir árslok 1952 gilda sömu ákvæði um framlag til þúfnasléttunar í túni, eins og um vinnslu og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar, sbr. 11. gr., tölulið IV., jarðrækt, enda skulu héraðsráðunautar og mælingamenn kynna sér við úttekt, að um vinnslu túnþýfis sé að ræða, en eigi sáðskipti á áður ræktuðu og vélsléttu landi.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. framlags á ha til jarðræktar, að viðbætti verðlagsuppbót, enda sé býlið í sérábúð og eigi sameinað öðru býli til ábúðar, sbr. 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 17. maí 1950 — jarðræktarlög —, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Arni G. Eylands.

93

24. maí

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Birtingur í Dalasýslu.

Kross	103	einingar.
Skarð	73	—
Giljaland	25	—
Smyrlahóll	102	—
Villingadalur	53	—
Mjóaból	42	—
Núpur	53	—
Leikskálar	53	—
Skriðukot	47	—
Hamrar	56	—
Jörvi	98	—
Stóra-Vatnshorn	166	—
Saurstaðir	54	—
Litla-Vatnshorn	75	—

Samtals 1000 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- 93 og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum 24. maí þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

94

31. maí

um sýsluvegasjóð í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Í Suður-Múlasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða kostnað við nýlagningu sýsluvega og þær umbætur á þeim, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því sem fé er veitt til á hverju ári.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. FLOKKUR

1. *Geithellnahreppur:*
Hamarsselsvegur frá Þjóðvegi hjá Hamri að Hamarsseli.
Kambsselsvegur frá Þjóðvegi við Geithellnaárbrú að Kambsseli.
Þvottárvegur frá Starmýri að Þvottá.
2. *Búlandshreppur:*
Djúpavogsvegur frá Djúpavogi á Þjóðveginn milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar.
3. *Beruneshreppur:*
Núphjáleiguvegur frá Þjóðvegi um Núp að Núphjáleigu.
Fossárdalsvegur frá Þjóðvegi að Fossárdal.
4. *Breiðdalshreppur:*
Suðurbyggðarvegur frá Breiðdalsárbrú um Suðurdal sunnan Breiðdalsár að Flögu og þaðan á Þjóðveg í Jórvíkurnesi.
Jórvíkurvegur frá Þjóðvegi að Jórvík.
Fagradalsvegur frá sýsluvegi að Fagradal.
5. *Stöðvarhreppur:*
Heyklífsvegur frá Hvalsnesi að Heyklífi.
6. *Fáskrúðsfjarðarhreppur:*
Kolfreyjustaðarvegur frá Þjóðvegi að Kolfreyjustað.
Innsveitarvegur frá Þjóðvegi að Dölum.
7. *Reyðarfjarðarhreppur:*
Selsvegur frá Þjóðvegi í Borgakrök að Eskifjarðarseli.
8. *Helgustaðahreppur:*
Karlsskálavegur frá Þjóðvegi við Teigará að Karlsskála.
Vöðlavegur frá Þjóðvegi á Vöðlavíkurheiði að Vöðlum.

- 94 9. *Norðfjarðarhreppur:*
31. maí *Fannardalsvegur* frá Þjóðvegi við Skálateig að Fannardal.
Seldalsvegur frá Þjóðvegi á Sneiðingum að Seldal.
Barðsnesvegur frá Viðfirði að Barðsnesi.
10. *Mjóafjarðarhreppur:*
Mjóafjarðarvegur frá Firði að Eldleysu.
11. *Eiðahreppur:*
Ormsstaðavegur frá Fossgerðisá um Fossgerði, Þrándarstaði, Tókastaði, Ásgeirsstaði og Ormsstaði að Gilsárbrú.
Hjartarstaðavegur frá Eiðavegi um Gilsárteig, Brennistaði og Hjartarstaði að fyrirhugaðri brú á Gilsá undan Hjartarstöðum.
Fljótsbakkavegur af Úthéraðsvegi um Breiðavað að Fljótsbakka.
12. *Vallahreppur:*
Jaðarsvegur frá Þjóðvegi að Jaðri.
Útnyrðingsstaðavegur frá Þjóðvegi utan Ketilsstaða að Útnyrðingsstöðum.
Beinárgerðisvegur frá Þjóðvegi innan Ketilsstaða að Beinárgerði.
13. *Skriðdalshreppur:*
Geitdalsvegur frá Flögu að Geitdal.
Borgarvegur frá Múlaárbrú að Borg.

II. FLOKKUR

1. *Geithellnahreppur:*
Múlavegur frá Þjóðvegi að Múla.
Flugustaðavegur frá Þjóðvegi að Flugustöðum.
Hærुकallsnesvegur frá Þjóðvegi að Hærुकollsnesi.
Rannveigarstaðavegur frá Þjóðvegi í Múlahálsi í Rannveigarstaði.
2. *Beruneshreppur:*
Urðarteigsvegur frá Þjóðvegi að Urðarteigi.
3. *Breiðdalshreppur:*
Gilsárvegur frá Þjóðvegi að Gilsá.
Gilsárstekksvegur frá Þjóðvegi að Gilsárstekk.
Skjöldólfsstaðavegur frá sýsluvegi að Skjöldólfsstöðum.
Reynistaðavegur frá Þjóðvegi að Reynistað.
Tóarselsvegur frá Þjóðvegi að Tóarseli.
Brekkuborgarvegur frá sýsluvegi að Brekkuborg.
4. *Stöðvarhreppur:*
Stöðvarvegur frá Þjóðvegi við Óseyri að Stöð.
5. *Fáskrúðsfjarðarhreppur:*
Gestsstaðavegur frá sýsluvegi að Gestsstöðum.
Brimnesgerðisvegur frá Þjóðvegi að Brimnesgerði.
Hólagerðisvegur frá sýsluvegi að Hólagerði.
6. *Reyðarfjarðarhreppur:*
Eskifjarðarvegur frá Bleiksárbrú að Eskifirði.
7. *Helgustaðahreppur:*
Kirkjubólsvvegur frá sýsluvegi hjá Karlsstöðum að Kirkjubóli.

8. *Norðfjarðarhreppur:*
Grænanesvegur frá Þjóðvegi við Hof að Norðfjarðará undan Grænanesi. 94
 31. maí
9. *Eiðahreppur:*
Hamragerðisvegur frá Hjartarstöðum að Hamragerði.
Grafarvegur frá Úthéraðsvegi að Gröf.
10. *Egilsstaðahreppur:*
Kollstaðagerðisvegur frá Þjóðvegi að Kollstaðagerði.
11. *Vallahreppur:*
Arnkelsgerðisvegur frá Þjóðvegi að Arnkelsgerði.
Víkingsstaðavegur frá Þjóðvegi á Vallaneshálsi að Víkingsstöðum.
Freyshólavegur frá Þjóðvegi að Freyshólum.

Til nýlagningar og viðhalds sýsluvega í II. flokki komi framlag frá einstaklingum eða sveitarfélögum að jöfnu móti framlagi úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar og eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum.

Sýslunefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár vegaskatturinn skuli vera, enda sá þúsundagjaldið af fasteignamatsverði bundið þeim takmörkunum um lágmark og hámark, er lög mæla fyrir á hverjum tíma. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en af löndum og lóðum.

Skatturinn skal miðaður við áætluð gjöld til vegabóta hvert ár, að viðbættu því, er umfram kann að hafa eyðzt næsta ár á undan, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs og því, er hreppsfélög eða einstaklingar hafa skuldbundið sig til að leggja fram á gjaldárinu Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og skal tilkynning um það komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er afnumin með sama hætti. Greiðir þá hreppsnefndaroddviti skattinn til sýslumanns á gjalddaga.

Nú fellur fasteign úr ábúð og eigandi hennar er ekki útsvarsskyldur í viðkomandi hreppi eða kauptúni eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn, sem þúsundagjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn í lögum.

5. gr.

Í Eskfjarðar- og Búðahreppum skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innan hrepps á því ári að minnsta kosti jafniklu fé úr sveitarsjóði sem hálfum vegaskattinum nemur auk hreppsvegagjaldsins það ár.

6. gr.

Jafnhátt þúsundagjald skal lagt á í öllum hreppum sýslunnar.

7. gr.

Undanþegin vegaskatti eru kirkjur, skólahús og þinghús.

Allir sýsluvegir skulu gerðir akfærir svo fljótt, sem ástæður leyfa og fé er fyrir hendi umfram nauðsynlegt viðhald þeirra vega, sem þegar eru akfærir.

8. gr.

Sýslunefndin skal hlutast til um, að unnið sé að vegagerðinni með vélum eftir því, sem við verður komið. Kaup eða leiga á vélum og verkfærum telst með gjöldum sýsluvegasjóðs.

9. gr.

Sýslunefndin hefur undir yfirstjórn vegamálastjóra umsjón vegagerða og viðhalds á sýsluvegum og ákveður framlag til einstakra sýsluvega.

Oddviti sýslunefndar hefur fyrir hennar hönd umsjón með öllum sýsluvegum og ræður verkstjóra til að stjórna framkvæmdum. Að öðru leyti annast hreppsnefndin vegagerð og viðhald sýsluvega hver í sínum hreppi og sér um reikningshald.

Skylt er sýslunefnd að hlýða ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða á sýsluvegum.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram endurskoðaður á sýslufundi til samþykktar. Gilda um hann sömu reglur og sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs fyrir yfirstandandi ár. Afrit af sýslusjóðsreikningnum ásamt áætluninni skal oddviti senda vegamálastjóra að afloknum sýslufundi.

11. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá framlag úr rikissjóði, svo sem mælir fyrir um í 2. gr. laga nr. 50 frá 17. maí 1947 eða öðrum lögum, er síðar kunna að verða sett um sama efni.

12. gr.

Sýslunefnd ber að hafa eftirlit með því, að sýsluvegum sé ekki ofboðið með umferð. Getur oddviti sýslunefndar í samráði við viðkomandi hreppsnefnd og að fengnu samþykki vegamálastjóra bannað umferð um vegi, ef hætta er á að þeir skemmist vegna holklaka eða bleytu.

13. gr.

Gjöld til sýsluvegasjóðs má taka lögtaki.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari og fyrirmælum sýslunefndaroddvita til verndar vegum varða sektum samkvæmt 13. gr. laga nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 14 8. marz 1948. Fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1951.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Luxembourg um afnám vegabréfs-áritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. marz 1951, nr. 54.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. marz 1951, nr. 55.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Írlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 56.

Auglýsing um vöruskiptasamkomulag við Sviss, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 57.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 9. apríl 1951, nr. 58.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. apríl 1951, nr. 59.

Auglýsing um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. maí 1951, nr. 60.

Bráðabirgðalög um hámark húsaleigu o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 5. maí 1951, nr. 61.

Auglýsing um aðild Íslands að Greiðslubandalagi Evrópu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. marz 1951, nr. 62.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 30. apríl 1951, nr. 63.

Auglýsing um varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjaanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. maí 1951, nr. 64.

Bráðabirgðalög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjaanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjaanna og eignir þess, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 24. maí 1951, nr. 65.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 66.

Bráðabirgðalög um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 67.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskípum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 68.

Auglýsing um bráðabirgðaviðskiptasamkomulag milli Íslands og Brasíliu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1951, nr. 69.

Auglýsing um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 1. júní 1951, nr. 70.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 4. júní 1951, nr. 71.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 117 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 16. júní 1951, nr. 72.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 9 6. febr. 1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 73.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna, undirskrifuð af forsetanum 30. júní 1951, nr. 74.

95
28. maí

REGLUR

um veitingu hópferðaleyfa.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um veitingu hópferðaleyfa.

1. gr.

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir og því um líkt með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema að hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi frá ráðherra.

2. gr.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga til þess.

3. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast útgáfu hópferðaleyfa f. h. ráðherra.

4. gr.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið. Binda skal hópferðaleyfi skilyrðum um notkun ákveðinna bifreiða og ákveðið gjald fyrir bifreiðina á hvern km, sbr. 5. gr.

5. gr.

Póst- og símamálastjórnin ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaakstur að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

6. gr.

Fyrir hópferðaleyfi skal greiða gjald, er að upphæð samsvari sérleyfisgjaldi því, er sérleyfishöfum ber að greiða samkvæmt 6. gr. nefndra laga.

7. gr.

Í hópferðaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfin með í bifreiðunum og skulu þau fest innan á framrúðu bifreiðarinnar. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt lögum nr. 22 30. janúar 1945. Brjótí sérleyfishafar, eða aðrir sem póst- og símamálastjórnin hefur veitt réttindi til hópferðaaksturs, reglur þessar, er heimilt að svipta þá þeim réttindum þegar í stað.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar í stað gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Póst- og símamálaráðherra, 28. maí 1951.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

um breytingar á Lyfsöluskrá I, 15. marz 1951.

Frá og með 1. júní 1951 ganga í gildi breytingar á Lyfsöluskrá I, 15. marz 1951, útgefnar af þessu ráðuneyti 1. júní 1951.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. júní 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.

96

1. júní

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hólmavíkurkaupþún.

97

1. júní

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hólmavíkurhöfn takmarkast að sunnan af línu, er hugsast dregin frá höfðanum sunnan við Kleifavör yfir fjörðinn í Viðidalsárhöfða utanverðan, og að norðaustan af Vallnesi hornrétt á fyrrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Hólmavíkurkaupþúns og skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og reksturs, viðhalds og leiðbeininga við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til fjögurra ára í senn og ákveður laun hennar, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar og undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnar-mála, og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Ef hafnarnefnd óskar eftir skal hreppsnefnd skipa bryggjuvörð eftir ábendingu hennar og gefur hafnarnefnd manni þeim erindisbréf, annars er hafnarnefnd heimilt að annast þau störf sjálf. Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hóp og er hann hafnarstjóri.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

3. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

4. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

5. gr.

Skyt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

6. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi í höfnina.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og samþykki hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps.

Sá, sem vill gera eitthvað slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með leyfi hreppsnefndar, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, en eigandi er ávallt ábyrgur fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annarra, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

7. gr.

Skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumans eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

8. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess ekki nægilega gætt má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust. Virstrengir og festar skulu klæddar þar sem þær hvíla á bryggjunni. Skylt er að hafa tryggjar hlífar milli skips og virkis eða bryggju.

97

1. júní

9. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að öþörfu.

10. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggna.

11. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, er sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau skip að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skipa ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur ber hafnarstjóra að visa skipi frá bryggjunni, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, ber hafnarstjóra að stöðva verkið, unz bætt verður úr því sem áfátt er.

Kjölfestu má ekki taka annars staðar á lóðum eða mannvirkjum hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

13. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað.

14. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki né annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnóðum og hann krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hann gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða ábyrgðarmanns hans.

97

1. júní

VI. KAFLI

Um hafnar- og bryggjugjöld.

15. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip og bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn sem þau leggjast við bryggju eða á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af nettó burðarmagni skipsins í heilum tölum, en brotum skal sleppt.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hólmavíkurhreppi og skrásett þar og eru ekki í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári, kr. 2.50 fyrir hverja brúttó smálest, þó ekki minna en kr. 60.00 árlegt gjald. Opnir vélbátar greiði kr. 20.00 ljósa- og hafnargjald á ári. Gjaldalagi er 1. október ár hvert.
- b. Skip stærri en 12 lestir brúttó, sem ganga eftir föstum, auglýstum ferðaáætlunum, greiði 20 aura fyrir hverja nettó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip stærri en 12 smálestir brúttó, sem til hafnarinnar koma, nema herskip (varðskip), björgunarskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 60 aura lestargjald fyrir hverja nettó smálest.
- d. Vélbátar minni en 12 smálestir brúttó, greiði í hafnargjald 10 krónur í hvert sinn sem þeir koma til hafnarinnar. Undanþegnir eru bátar af verzlunarsvæðinu, sem eru í kaupstaðarferð eða öðrum heimiliserindum.
- e. Liggi skip lengur við bryggju en einn sólarhring, ber því að greiða 15 aura á hverja nettó smálest í bryggjugjald fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring sem fram yfir er.

VII. KAFLI

Um ljósagjald.

16. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjöld greiða samkv. hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald sem hér segir:

- a. Skip 4—50 lesta, sem eru eign búsettra manna í Hólmavík eða gerð út þaðan til fiskiróðra og eru ekki í millilandasiglingum, greiði kr. 30.00 á ári.
- b. Innland fiskiskip greiði í hvert sinn, er þau koma til hafnar, gjald, miðað við brúttó smálest, sem hér segir:

Skip allt að 50 smálestir	kr. 10.00
Skip 50 smálestir og yfir	— 15.00

- c. Öll önnur skip greiði:

Skip undir 200 smálestir	kr. 10.00
Skip frá 200—400 smálestir	— 20.00
Skip yfir 400 smálestir	— 60.00

Þó greiði farþegaskip yfir 400 smálestir 3 aura af hverri brúttó smálest í hvert skipti.

VIII. KAFLI Um vörugjald.

97
1. júní

17. gr.

Fyrir notkun hafnarinnar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru úr landi um borð í skip á höfninni, eða úr skipi í land á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

18. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið á farmskránni, greiðist ekkert gjald.

19. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.

20. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður skips (eða báts) gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

21. gr.

Vörugjaldskrá.

1. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Kornvörur, sykur.
2. flokkur. Gjald 85 aurar hver 100 kg: Kol, fóðurvörur, áburður.
3. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg: Salt.
4. flokkur. Gjald 55 aurar hver 100 kg: Sement.
5. flokkur. Gjald 1.25 kr. hver 100 kg: Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka og greiðast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Olía og benzín. Hver tunna kr. 3.00.
7. flokkur. Gjald 25 aurar hver tunna: Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 18 aurar hvert teningsfet: Timbur.
9. flokkur. Gjald 40 aurar hvert teningsfet: Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.

- 97 10. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir stórgripi og kr. 1.50 fyrir sauðkind.
 1. júní 11. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir stykki: Stykkjavara.

2. Útfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 100 kg: Kjöt.
2. flokkur. Gjald kr. 0.50 hver tunna: Síld.
3. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Mjólk, skyr, hey.
4. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg: Hraðfrystur fiskur og saltfiskur.
5. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg: Allar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar áður.
6. flokkur. Gjald 50 aurar hvert stykki: Umbúðir og tómar tunnur.
7. flokkur. Gjald 75 aurar hvert stykki: Stykkjavara.

3. Um aflagjald.

Af heildarafla skips greiðist 6 krónur af hverri smálest fiskjar, slægðum með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist 35 aurar. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað og greiðist það af eiganda skips eða umboðsmanni hans.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skipsins í hvert sinn. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum, að fengnu leyfi hreppsnefndar.

IX. KAFLI

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

22. gr.

Verði hafskipabryggja og plön og önnur mannvirki hafnarsjóðs leigð einstökum mönnum til síldarsöltunar eða annars reksturs, skal um það gerður sérstakur samningur.

Samningur þessi skal fyrir hönd hafnarsjóðs gerður af hafnarnefnd, sem síðan ber hann undir hreppsnefnd til staðfestingar.

Nægilegt er, að formaður hafnarnefndar og oddviti hreppsnefndar undirriti samninginn sem leigusalar.

23. gr.

Legugjald í múrningum hafnarinnar skal vera:

- a. Í grynri múrningunni (fyrir opna vélbáta) kr. 150.00 á ári fyrir bátinn.
- b. Í dýpri múrningunni (fyrir stærri báta) kr. 750.00 á ári fyrir bátinn.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu hafnar- og bryggjugjalda. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu eða bátnum, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt yfir skipi eða báti unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum; skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður gjaldkeri hafnarsjóðs.

25. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í 21. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans í Hólmavík, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Leigu samkv. 22. gr. greiðir sanningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

26. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í hafnarsjóð. Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu þeirra. Fjáreignir hafnarsjóðs skal geyma og ávaxta á tryggilegan hátt, og eru hafnarnefndarmenn ábyrgir fyrir þeim. Fé sjóðsins má eingöngu verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Reikningar hafnarsjóðs endurskoðast með reikningum hreppsins.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið.

Yfirmatið skal fara fram af dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við matið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsuppkastinu verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

29. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

30. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi né umboðsmaður hans samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er eigi á skipi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

31. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hólmavíkur.

97

1. júní

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

32. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 21 8. apríl 1937 fyrir Hólmavíkurkaupþún, ásamt breytingu á henni.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1951.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

98

4. júní

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 7. nóv. 1945, um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr 33 9. jan. 1935 og lögum nr 3 4. apríl 1923.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna yfirstjórnar hins erlenda varnarliðs hér á landi.

3. gr.

Fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, greiðist framleiðslutollur af öli þessu samkvæmt 4. kafla 3. töluliðs 2. greinar laga nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og fer um innheimtu gjaldsins samkvæmt téðum lögum, sbr. reglugerð nr. 9 1935.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manning hvor til að hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

5. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum laga 24. maí 1951 og ákvæðum þessarar reglugerðar skal refsá samkvæmt 15. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935, sbr. 33. gr. sömu laga.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 67 24. maí 1951, um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 179 7. nóv. 1940 er úr gildi felld.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

S A M Þ Y K K T

99

8. júní

um veiði í Þingvallavatni.

1. gr.

Silungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangar- og dorgarveiði, frá 1. september til 31. október. Enn fremur skal silungur á svæðinu austan línu frá Langatanga að Fornaseli við Arnarfell vera friðaður fyrir allri veiði frá 1. til 31. ágúst ár hvert.

2. gr.

Óheimilt skal að hirða silung, sem veiddur er á stöng, sem minni er en 25 cm, mældur frá trjónu í sporðsýlingu. Þó skal heimilt að veiða murtu í net, sem minni er en 25 cm.

3. gr.

Óheimilt skal að nota net til silungsveiði, sem smáriðnari eru en svo, að 4.5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot og murtunet, sem hafa smærri möskva en svo, að 2.5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í tvö ár frá deginum í dag að telja.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

100

8. júní

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er að Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni.

3. gr.

Markmiði sínu hyggst félagið ná með því:

- a. Að friða ána fyrir hvers konar veiðiaðferðum til laxveiða, nema stangaveiði, samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum, er félagsstjórn eða lögmætur félagsfundur samþykkir.
- b. Að vinna að ófriðun og útrýmingu sels og annars veiðivargs.

4. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsó og Giljá og framrennsli þeirra.

- 100 Sömuleiðis hefur félagið umráð yfir allri silungsveiði á svæðinu, að því undan-
8. júní skildu, að lagnetaveiði fyrir silung er leyfileg í Vatnsdalsá, fyrir ábúendur á svæðinu frá sjó og fram á móts við bæinn Forsæludal. Þó má ekki hafa lengur net í ánni en til 31. ágúst á svæðinu frá Undirfelli til Forsæludals. Möskvastærð fari eftir gildandi lögum, en fari þó ekki fram úr $4\frac{2}{3}$ cm milli hnúta. Eigi má hafa króka eða fleygnet, er að dómi sérfróðra manna geta orðið laxgöngunni til hindrunar.

5. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða á félagssvæðinu, en þær eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda, Hnausar, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur, Eyjólsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsa, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Þingeyrar og Geirastaðir.

6. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar.

7. gr.

Félagsstjórn skal leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangaveiði. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lög-
mætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

Veiðimönnum er heimil, án sérstaks endurgjalds, umferð með ánum á veiðiferðum sínum, en gæta skulu þeir þess, að gera sem minnstan uzla og alls ekki sleppa hestum í slægjulönd manna og loka öllum hliðum, er þeir fara um.

8. gr.

Félagsstjórn skal sjá um alla veiði félagsins, gera samninga um stangaveiði, sjá um verkun og sölu afla og allt annað, er félagið varðar.

9. gr.

Kostnaði öllum, er félagið kann að hafa, skal jafnað niður á félagsmenn, eftir þeim hlutföllum, er arðskrá félagsins tiltekur.

10. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt varamönnum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið 3 undanfarandi ár í stjórninni.

11. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

12. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúar ár hvert. Aðalfundur er lögmaður, sé hann boðaður með að minnsta kosti fjögurra daga fyrirvara og fundarboði hagað svo sem tíðkazt í hlutaðeigandi sveitum.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá gerðum félagsins á liðnu starfsári og leggur

fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram 100 endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn þá. Aðal- 8. júní fundur kýs stjórn og 2 endurskoðendur, ásamt varamönnum, til þriggja ára. Aðal- fundur ákveður laun stjórnar og annarra starfsmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins, nema um breytingu á samþykktinni eða félagsslit (sbr. 15., 18. og 19. gr.).

13. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

15. gr.

Arði af veiði félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er lögmaður stofnfundur samþykkir og hlotið hefur staðfestingu Stjórnarráðsins. Arðskráin skal endurskoðuð á fimm ára fresti.

Verði félagsmenn ekki ásáttir um, að arðskráin gildi áfram óbreytt, fer um matsgerðir eftir gildandi lögum.

16. gr.

Eigi má úthluta arði að fullu, samkvæmt 14. gr. fyrri en eftir aðalfund. Aðalfundur getur ákveðið, að leggja allt að 5% — fimm af hundraði — af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja það, enda skal þá félagsstjórn á næsta aðalfundi leggja fram uppkast að reglugerð fyrir sjóðinn.

17. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar refsingu samkvæmt lögum nr. 112 frá 1941.

18. gr.

Samþykktinni má breyta, ef $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna samþykkir breytinguna og hafi hennar verið getið í fundarboði.

19. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Um leið er úr gildi numin samþykkt nr. 55 22. júlí 1936 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

101

11. júní

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 62
14. júní 1930, sbr. breytingu nr. 126 23 sept. 1946.

Upphaf 5. liðs gjaldskrárinnar orðist þannig.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 5.00 fyrir hverja smálest vatns o. s. frv.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

102

11. júní

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóv. 1947.

1. gr.

23. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Öll aðkomuskip, sem fara inn fyrir hafnargarð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir:

Innlend skip greiða hafnsögugjald aðeins einu sinni á ári, nema þau noti hafnsögumann.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip allt að 300 brúttósmálestir og 10 aura fyrir hverja smálest, sem þar er yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 300 brúttósmálestir, og 5 aura fyrir hverja smálest, sem þar er yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálf gjald samkvæmt a-lið.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 100 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, unz hafnsögumaður er aftur kominn heim. Jafnframt greiðist hafnsögugjald undir stafflið a. og b.

2. gr.

24. gr. orðist svo:

- a. Allir bátar og skip, sem heima eiga í Höfðakaupstað, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 5 krónur fyrir hverja brúttósmálest, þó aldrei minna en 100 kr.
- b. Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar héðan og liggja innan hafnargarðs, skulu greiða 1 kr. fyrir hverja brúttósmálest fyrir hvern mánuð, þó ekki minna en 75 krónur fyrir mánuð eða hluta úr mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttósmálest í hvert sinn, sem þau koma til hafnar, þó skulu innlend fiskiskip aðeins

greiða hálf gald. Strandferðaskip ríkisins skulu ekki greiða gjald þetta oftár 102
en tvisvar í mánuði. 11. júní

3. gr.

26. grein breytist þannig:

Í stað „15 kr.“ í staflíð a. komi: 25 kr.

b-liður greinarinnar og greinin til loka orðist svo:

b. Skip, sem getið er um í 24. gr., b-lið, skulu í hvert sinn og þau koma til hafnar greiða 10 kr.

c. Öll önnur skip greiði í hvert sinn, er þau koma til hafnar:

Skip undir 200 smálestum	kr. 15.00
Skip frá 200—400 smálestir	— 30.00
Skip yfir 400 smálestir	— 60.00

4. gr.

27. gr. breytist þannig:

Í stað „10 aura“ komi: 15 aura, — og í stað „kr. 5.00“ komi: kr. 10.00.

Aftan við greinina bætist:

Þeir, sem vilja hafa skip sín í skipakvinni vetrarlangt, snúi sér til hafnarnefndar fyrir 1. september ár hvert. Skipakviargjald fer eftir samningi.

5. gr.

31. grein orðist svo:

Vörukjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 65 aurar hver 100 kg:

Kol, salt, sement, brennsluolía (fuelolía).

2. flokkur. Gjald 100 aurar hver 100 kg:

Alls konar óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, steyptr steinar og garðávextir.

3. flokkur. Gjald 125 aurar hver 100 kg:

Korn, mjölvörur, sykur, kjöt, saltfiskur, sildarmjöl, lýsi, fiskimjöl, freðsild, alls konar vélar og varahlutar í vélar, alls konar vírar, kalk, fóðurbætir, áburður, olíur (þó ekki fuelolía), smurningsfeiti, benzín, strigi, vélatvistur, hessían, bindi-garn; gærur, skinn, ull og aðrar slíkar vörur.

4. flokkur. 50 aurar á hver 10 kg:

Málningarvörur og efni til málninga, lökk, lím, gips, veggfóður, hráefni til iðnaðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, línóleum, gúmmí og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósefni, olíufatnaður, útgerðarvörur (önglar, net, nætur o. s. frv.), kálmeti og plöntur.

5. flokkur. Gjald 100 aurar á 10 kg:

Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka og flutningsgjald greiðist af eftir þyngd.

6. flokkur. Gjald 25 aurar á teningsfet:

Timbur, unnið og óunnið.

7. flokkur. 50 aurar á teningsfet:

Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

8. flokkur. 15 aurar fyrir hvert stykki:

Tómar tunnur og föt, uppsett eða óuppsett.

9. flokkur. 50 aurar hver tunna:

Síld.

- 102 10. flokkur. 200 aurar hver gripur:
 11. júní Sauðkindur, geitur, kálfar, loðdýr.
 11. flokkur. 500 aurar hver gripur:
 Nautgripir og hross.

6. gr.

32. grein. Fyrri málsgrein orðist svo:
 Af heildarafla skips greiðist 8 kr. af smálest af slægðum fiski með, haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema sild.

Af hverju máli sildar greiðist 50 aurar.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað. Eigandi skips er ábyrgur fyrir greiðslunni. Nú er afli afhentur eða seldur án þess að gjald þetta hafi verið greitt og hvílir þá greiðsluskylda einnig á þeim aðila, er þá hefur umráð yfir aflanum.

7. gr.

33. grein breytist þannig:

Í stað „5 kr.“ komi: 10 kr., — og í stað „10 kr.“ komi: 20 kr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og gilda til 1. júní 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1951.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

- 103 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Guðfinnu
 11. júní Þorlákssdóttur Schram“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð-
 herra 11. júní 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Guðrúnar Guðfinnu Þorlákssdóttur Schram.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Guðrúnar Guðfinnu Þorlákssdóttur Schram.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á 75 ára afmælisdegi hennar, 25. janúar 1951, af eftirlifandi manni hennar, Gísla Björnssyni, trésmíðameistara, Hverfisgötu 86 í Reykjavík. Stofnféð er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

3. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í næstu 25 ár, og bætist allir vextir við sjóðinn þann tíma. Gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggist við höfuðstólinn. Eftir 25 ár má veita úr sjóðnum 85 af hundraði árlegra vaxta hans.

4. gr.

Vextirnir gangi til sjúkrahæla, sem reist kunna að verða fyrir dýr. Sjóðurinn er undir vernd Dýraverndunarfélags Íslands og úthlutar stjórn félagsins styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. gr. Sjóðurinn ávaxtist í Söfnunarsjóði Íslands, A-deild.

103

11. júní

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. janúar 1951.

Gísli Björnsson.

Samþykki skipulagsskrána f. h. Dýraverndunarfélags Íslands.

Sigurður E. Hlíðar,

p. t. formaður.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Columbiasjóð“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1951.

104

11. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Columbiasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Columbiasjóður, og er hann stofnaður með gjöf Steingríms Arasonar kennara árið 1939, kr. 12521.99, en aukinn síðar með gjöfum stofnanda, og er sjóðurinn í árslok 1950 kr. 91050.60.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð hafa stjórn hans með höndum. Það skal sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun, og skal höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei skerða, og skal hvert ár leggja við hann fjórða hluta vaxta. Hinum $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna skal varið sem hér segir:

1. Til þess að styrkja til utanfarar uppeldisleiðtoga, einkum æfingakennara kennaraskólans, kennara uppeldisdeildar háskólans og aðra þá, sem eru vegna áhuga og hæfileika líklegastir til þrifa í uppeldismálum. Styrkurinn skal veittur til náms og kynningar í Bandaríkjunum að öðru jöfnu, einkum við kennaraháskólann í Columbia University í New York. Þessi styrkur skal bundinn því skilyrði, að heim til Íslands sé flutt einhver nýung, er horfi til bóta í kennslu- og uppeldismálum Íslendinga.
 2. Til nemendaskipta í sambandi við utanfarir.
 3. Ef sjóðurinn eflist til muna frá því, sem nú er, má veita styrk til námsferða í öðrum greinum en uppeldismálum.
- Leggja má saman vaxtatekjur nokkurra ára og veita í einu lagi.

104 Sjóðnum skal fylgja bók, þar sem skráð séu nöfn styrkþega og helztu æviatriði, 11. júní ásamt greinargerð um það, hvernig styrkurinn hafi verið notaður.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

105 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Guðmundar Thorsteins- 11. júní sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1951. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Guðmundar Thorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar og er dánargjöf Guðmundar Thorsteinssonar, Bjarnarstíg 12, Reykjavík, er andaðist 6. júlí 1949, samkvæmt arfleiðsluskrá, dags. 24. okt. 1927, með breytingu, dags. 23. apríl 1932. Stofnfé sjóðsins, er var afhent háskólanum 30. des. 1949 og 3. jan. 1950, nam kr. 154789.14.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð hafa stjórn hans með höndum. Það skal sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun, og skal höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður í veðdeildarbréfum Landsbankans, rikisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hvert ár leggja við hann helming vaxta. Hinum helmingnum skal verja sem hér segir:

1. að styrkja efnilega, fátæka stúdenta, sem stunda læknisfræði-, lögfræði- eða verkfræðinám við Háskóla Íslands. Lægri styrk en 500 kr. má ekki veita.
2. að styrkja vísindalegar rannsóknir eða vísindastarfsemi, einkum þá, er varðar lögfræðileg efni, íslenzk náttúruvísindi og heilbrigðismál.
3. að styrkja útgáfu vísindarita eða vel saminna alþýðlegra fræðibóka.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

106

12. júní

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðis-samþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt:

Heilbrigðissamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Sauðárkrókskaupstaðar.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðji nefndarmaðurinn er kosinn af bæjarstjórn úr hópi þeirra, er bæjarstjórn skipa.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur á hendi eftirlit, að því er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, með allri þeirri starfsemi og stofnunum, sem samþykkt þessi fjallar um. Hefur nefndin gát á, að ákvæði samþykktarinnar og ákvæði almennra laga og reglugerða þar að lútandi séu haldin.

Hún ræður heilbrigðisfulltrúa og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi, enda komi samþykki bæjarstjórnar til. Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en lýtur að öðru leyti heilbrigðisnefnd og héraðslækni.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, svo oft sem honum þykir við þurfa og að jafnaði ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmaður óskar þess. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar, enda séu honum boðaðir fundirnir.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir.

Nefndin getur falið einhverjum nefndarmanna eða heilbrigðisfulltrúa að vera fundarritari. Fundargerðir skulu að jafnaði sendar bæjarstjórn (bæjarráði).

Formaður annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Nú samþykkir bæjarstjórn ályktanir nefndarinnar og ber formanni þá skylda til að láta framkvæma þær.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta bóka allar kvartanir og kærur, sem henni berast, og einnig allt það, er henni finnst athuga- og aðfinnsluvert og undir starfssvið hennar heyrir.

106

12. júní

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannaferi eða hjá einstaklingum utanhúss eða innan.

Ályktanir og fyrirskipanir nefndarinnar skulu yfirleitt tilkynntar skriflega þeim, sem þær varða, og skal greinilega mælt fyrir um, hverjar umbætur eða ráðstafanir nefndin telur nauðsynlegar.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlegar einhverjar þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstafanir, sem kosta fé úr bæjarsjóði, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn. Þó getur nefndin á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem brýna nauðsyn ber til að gera tafarlaust, en leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

Ágreiningi milli heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis annars vegar og bæjarstjórnar hins vegar um heilbrigðisráðstafanir má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað á lóðum, lendum o. fl.

9. gr.

Lóðareigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttað, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim. Lóðareigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, þ. á m. rústum.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni eftir þörfum.

Á vori hverju gengst heilbrigðisnefnd fyrir almennri vorhreinsun utan dyra í kaupstaðnum. Skal lóðareigendum þá skylt að annast á sinn kostnað eftir fyrir-mælum nefndarinnar þrif á lóðum sínum og lendum og hafa lokið því innan hæfilegs frests, er nefndin setur.

10. gr.

Eigi má fleygja ösku, sorpi, hræjum, fiskúrgangi, matarleyfum, slori, rusli eða öðru því, er valdið getur óheilnæmi, óþef, óþrifnaði eða óprýði á lóð annars manns, né í höfnina, né í fjöruna eða annars staðar á almannaferi, né skilja slíkt þar eftir eða valda því, að það berist þangað. Í ræsi má engu fleygja, er valdið getur stíflu.

11. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af eða veldur óþrifnaði, skal flytja í vel þéttum vögnum eða þannig umbúð, að það geti eigi runnið niður, hrunið, fokið eða sletzt við flutninginn.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannaferi við flutning, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

12. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannaferi, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

Í tún eða garða, sem liggja nærri almannaferi, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Bannað er að bera salernisáburð í mat-jurtagarða.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

106

12. júní

13. gr.

Öll hús innan samþykktarsvæðisins skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, enda veiti heilbrigðisnefnd meðmæli sín til þess og ráði tilhögun vatnsbólansins.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur rannsaka neyzluvatn á samþykktarsvæðinu, svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim og fylla þau upp, ef henni þykir nauðsyn til bera.

15. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem er á eignum bæjarins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykkis.

16. gr.

Þar, sem holræsi er komið í götu, skal húseigandi leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið. Skal leiða þangað allt skólþ og regnvatn frá húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu, og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

17. gr.

Þar, sem skólþi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því burt í vatns-heldum holræsum samkv. fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

18. gr.

Þar, sem því verður við komið, skal leggja öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraums fjöruborð. Þó skal forðast að leggja þau til sjávar, þar sem þau geta valdið saurgun baðstaða eða öðrum óþrifnaði.

IV. KAFLI

Um salerni, sorp, salernahreinsun o. fl.

19. gr.

Öll salerni í kaupstaðnum skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins. Þetta ákvæði tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útivinnu.

20. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorpilát úr málm. Skulu þau jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Í sorpilát þessi skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Skulu ílátin tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt. Bæjarstjórn getur látið annast burtflutninginn.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert slíkt sorp skuli flytja. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti lagt þaðan óþef eða annar óþrifnaður borizt til mannabyggða.

106

12. júní

V. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

22. gr.

Íbúð er herbergi, eitt eða fleiri, sem nýtt eru til heimilishalds við sameiginlega eldstó til matseldar.

Íbúðarherbergi eru:

1. Herbergi íbúðar, hvert um sig.
2. Herbergi, sem nýtt er til svefnvistar.
3. Herbergi, sem nýtt er til dagvistar í sambandi við svefnherbergi samkvæmt 2. tölulið.

Um stærð og loftrými íbúðarherbergja fer eftir ákvæðum byggingarsamþykktar.

23. gr.

Hverri íbúð skal fylgja:

1. Forstofa eða annað slíkt húsrými.
2. Vatnssalerni eða aðgangur að því í húsinu.
3. Þvottahús eða aðgangur að því í húsinu.

24. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllum fer eftir almennum lögum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, svo og eftir ákvæðum byggingarsamþykktar. Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallara-herbergja til íbúðar.

25. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa sérstaka gát á þeim íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ástæða er til að ætla, að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Getur heilbrigðisnefnd krafizt viðgerða á íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ábótavant er og bannað þau híbýli, sem hún telur óhæf til íbúðar að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara senda skriflega tilkynningu um bannið til húseiganda og leigjanda hvernar íbúðar (íbúðarherbergis), enda skal miðað við 14. maí eða 1. október næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast.

26. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum, og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til, ef þörf gerist.

VI. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

27. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður veggjalúsar, kakalaka eða annarra þess háttar óþrifa í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúð eða íbúðarherbergi í húsi, þar sem slíkra óþrifa verður vart, fyrr en óþrifunum hefur verið útrýmt.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr þess háttar híbýlum og í önnur híbýli, nema ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óþriffin berist ekki með honum.

Skyllt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum þess háttar óþrifum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem hon- **106**
um er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma 12. júní
ráðstafanirnar á kostnað aðilja.

Rottu- eða músagang í húsum skal ætíð tilkynna heilbrigðisnefnd, og gerir
hún þá í samráði við bæjarstjórn ráðstafanir til útrýmingar þeirra eftir því, sem
föng eru á. Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum,
er miða að því að gera þau rottuheld.

VII. KAFLI

Um gripahús, áburðargeymslur og geymslu húsdýra.

28. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur eða láta fara fram höfuð-
viðgerð á slíku mannvirki á samþykktarsvæðinu, nema samþykki heilbrigðisnefndar
komi til.

29. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúð. Ef peningshús eru byggð
áföst við íbúðarhús, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá íbúðarhúsinu, að
dómi heilbrigðisnefndar.

Húsin skulu vera rúmgóð, björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að
þrifa þau.

Gólf og flór skal gera úr steinsteypu.

30. gr.

Opnar forir og áburðarhaugar eru bönnuð á samþykktarsvæðinu. Allur áburður
skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum.

Skal þannig um þau búið, að ekki geti borizt frá þeim ódaunn eða óhreinindi
og að þau séu hættulaus mönnum og skepnum.

Bæjarstjórn lætur gera uppdrætti eða setur nánari fyrirmæli um gerð slíkrar
áburðargeymslu.

31. gr.

Sé annar búpeningur en kýr hafður í fjósi, skal hver tegund gripa vandlega
afkróuð.

Alifugla og svín má ekki hafa í fjósum.

Ekki má nota fjós fyrir salerni.

Alifuglar skulu hafðir á afgirtu svæði.

Sömuleiðis skulu svínabú vel afgirt.

Ekki má hafa loðdýrabú á samþykktarsvæðinu, nema leyfi heilbrigðisnefndar
komi til.

32. gr.

Búfé má ekki ganga laust á götum bæjarins, nema gæzlumaður fylgi því eða
það sé í öruggri vörzlu.

33. gr.

Allt hundahald er bannað í Sauðárkrókskaupstað, að undanteknum þarfahund-
um í sambandi við kvikfjárrækt.

VIII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

34. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verka-
mannaskýli o. þ. u. l. og tilhögun á þeim, að því er lýtur að þrífnaði, heilbrigði og

106 hollustuháttum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um 12. júní það efni (sbr. 4.—9. gr. laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og 3.—15. gr. tilheyrandi reglugerðar nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal þess gætt, sem greinir í 35. og 36. grein.

35. gr.

Þeir sem hafa með höndum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, iðju eða iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðvum, sem um ræðir í 34. gr., skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á hlutaðeigandi vinnustöð og allri tilhögun þar. Getur heilbrigðisnefnd krafizt lagfæringar á því, sem á skortir, að hvað eina fullnægi fyrirskipuðum reglum, og veitir til þess hæfilegan frest.

36. gr.

Á vegum heilbrigðisnefndar skal haldin skrá yfir allar vinnustöðvar, iðnaðar og verkafólks í umdæminu og skoðun gerð á þeim, þegar nefndinni þykir þurfa og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, á hverri stöð. Fulltrúi heilbrigðisnefndar skal jafnan fylgjast með skoðunarmanni ríkisins, er hann gerir aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og öðrum vinnustöðvum í umdæminu og árita skoðunargerðina ásamt honum.

IX. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

37. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota sem skrifstofu, lesstofu, afgreiðslustofu eða verzlunarbúð, nema hæð þess undir loft sé a. m. k. 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m³ loftrúm.

Þar sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd ákveðið meira loftrými.

Loftræsting skal vera í góðu lagi.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga á útvegg ekki minni en $\frac{1}{8}$ gólfplatar. Þegar unnið er við annað ljós en dagsljós, getur heilbrigðisnefnd sett sérstök ákvæði um fyrirkomulag og ljósmagn til tryggingar því, að hver starfsmaður fái hæfilega mikla holla birtu.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru því efni, sem telja má jafngilda til hreinlætis. Skulu þau þvegin daglega utan vinnutíma.

Þurrka skal iðulega af öllum húsgögnum, áhöldum, gluggakistum, búðarhillum og þess konar og ryksjúga áklæði, vefnaðarvörustranga og því um líkt.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum.

X. KAFLI

Um geymslu söluvarnings.

38. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um geymslu á vörum, einkum neytluvörum, og húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymsluhúsi og kveðið á um meðferð vörunnar, eftir því sem þurfa þykir.

39. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar, rottuheldar og þrifalega umgengnar. 12. júní

106

40. gr.

Nú verður í slíkum geymslum eða í vörum vart einhverra lifandi óþrifa, og skal þá tafarlaust tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gerir ráðstafanir til útrýmingar þeim, enda getur nefndin bannað að nota húsnæðið, þangað til óþrifum hefur verið eytt.

XI. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

41. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit með skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 55. gr. laga nr. 34 1946, um fræðslu barna, og væntanlegar reglur samkv. ákvæðum þeirrar greinar, svo og 9. gr. berklavarnalaga, nr. 66 1939).

Umfram það, sem enn er fyrir mælt í almennum lögum og reglum, skal þess gætt sem greinir í 42.—43. gr.

42. gr.

Ræsting á kennslustofum skal fara fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð, þekkir, gluggakistur o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð.

43. gr.

Skóla eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fylgt fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu eftir á.

XII. KAFLI

Um kirkjur og almenn samkomuhús.

44. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að andrúmsloftið haldist sem hreinast.

Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, svo sem henni þykir hæfa.

45. gr.

Gestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum. Séu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

XIII. KAFLI

Um meðferð matvæla og annarrar neytluvöru.

A. Almenn ákvæði.

46. gr.

Um meðferð matvæla og annarrar neytluvöru fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neytlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerðir nr. 49 15. júlí 1936, um tilbúning og dreyfingu á matvælum og öðrum neytlu- og nauðsynjavörum, og

106 nr. 17 22. febr. 1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynja-
12. júní vörum.

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

47. gr.

Um meðferð mjólkur og mjólkurvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og reglugerð nr. 136 19. okt. 1946, um mjólk og mjólkurvörur, og reglugerð nr. 57 12. marz 1941 um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, gilda ákvæði 48. gr.

48. gr.

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja í búðum, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir til þess hæfar. Í mjólkurbúðum má aðeins hafa á boðstólum og fara með gerilsneydda mjólk. Hins vegar má heilbrigðisnefnd leyfa sölu á ógerilsneyddri mjólk milliliðalaust frá framleiðendum til neytenda á samþykktarsvæðinu, enda uppfylli framleiðandi öll þau skilyrði, sem sett eru í lögum og reglum, sem vísað er til í 47. gr. Aldrei má mjólk sú, sem á þennan hátt er seld, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleirum framleiðendum (heimilum).

Einnig er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Á slíkum stöðum má þó aðeins selja gerilsneydda mjólk.

Eigi má selja mjólk og mjólkurvörur á götum úti, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

49. gr.

Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og bakstur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum gilda ákvæði 50.—53. gr.

50. gr.

Í brauðbúðir skal inngangur vera beint af götu.

Á afgreiðsluborðum má aldrei geyma umbúðarlausar vörur, nema í tilluktum skáp. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í hreinum pappír eða öðrum því líkum umbúðum. Afgreiðslufólk í brauðbúðum skal forðast að handfjalla vörurnar, enda nota við afgreiðslu á kökum og öðru þess háttar þar til gerða spaða eða tengur. Aðrar brauðvörur skulu geymdar í lokuðum skápum. Hillur, skápar og borð skulu ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til geymslu og sýningar á vörum, og skulu hillur vera eigi minna en 1 cm frá vegg.

51. gr.

Ekki má neyta vöru, sem seld er í brauðbúð þar inni, nema húsnæði og annar útbúnaður sé til þess gerður, enda komi þá sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar til.

52. gr.

Sala á heimabökuðum brauðvörum má því aðeins eiga sér stað, að heilbrigðisnefnd hafi áður veitt leyfi til þess, og hennar fyrirmælum sé hlýtt um húsakynni, þrifnað og annað, er hún telur máli skipta.

53. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum, né ganga með þær milli húsa í framboðsskyni.

D. Um meðferð og sölu kjötvöru.

54. gr.

Um slátrun og meðferð og sölu kjötvöru og sláturs fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

E. Um meðferð og sölu fisks.

55. gr.

Um meðferð og sölu fisks fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og auglýsingu nr. 186 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr fiski).

XIV. KAFLI

Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

56. gr.

Sá, sem vill fá leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. Um hvers konar veitingasölu og gistihúshald skal gætt fyrirmæla laga nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., með áorðnum breytingum samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Að öðru leyti er sú starfsemi háð fyrirmælum 57.—61. gr.

57. gr.

Herbergi, sem leigð eru til gistinga, skulu fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Gólf í gistihúsum og veitingastofum skulu lögð gólfdukk eða öðru jafngildu efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Skal rúmfatnaður ætíð vel hirtur og laus við fúkkalykt eða aðra ólykt. Skipta skal um rekkjuvoðir og koddaver a. m. k. vikulega og ávallt, er nýjum gesti er vísað til sængur.

58. gr.

Veitingastofur skulu hjartar og loftgóðar, og skal inngangur í þær greiður um anddyri.

59. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaugum, svo og fatageymslum.

60. gr.

Um meðferð matar og annarrar neyzluvöru, sem framleidd er á matsölu- og veitingarstöðum, fer eftir almennum lögum og reglum, er á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr.).

61. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi, hafi heilt hörund og sé hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

XV. KAFLI

Um baðhús og baðstöðvar, sundhús og sundstöðvar, íþróttahús og íþróttasvæði.

62. gr.

Baðhús skulu vera björt og rúmgóð, með góðri loftræstingu og nægilegum hita. Gólf og veggir í 1.80 m hæð skulu vera lagðir flisum eða öðru jafngildu efni.

- 106 Biðstofur og búningsklefar skulu bjartir, nægilega rúmgóðir, loftræstir og heitir.
 12. júní Biðstofur og herbergi starfsfólks eru undanþegin ákvæðum um flísalagningu.
 Baðker skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

63. gr.

Sundlaugar allar skulu vera steinsteyptar og vel sléttar innan.
 Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum og öðru slíku en 200 m. Skal svo um búa, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnazt fyrir í kring um hana.

64. gr.

Sundlaugavatn skal vera hreint.
 Skal hreinsa og tæma laugarnar nægilega oft og gera aðrar þær ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til þess að verjast of miklum gerlafjölda í vatninu.

65. gr.

Hver sundlaugarnotandi skal sápuþvo sig, áður en hann fer í laugina, enda fylgi hæfilega mörg steypuböð hverri sundlaug.
 Ekki má hleypa fleiri baðgestum í laugina en svo, að a. m. k. 3.5² af yfirborði vatnsins komi á hvern fullorðinn mann eða 1.9 m² á hvert barn.

66. gr.

Nú vita menn eða grunar, að sundlaug sé eða verði útbreiðslustaður sjúkdóms, og skal þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni og heilbrigðisnefnd, sem gerir viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, meðan rannsókn eða sóttgreinsun fer fram.

67. gr.

Starfsfólk við baðhús og sundlaugar sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Skal það gæta fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

68. gr.

Búnings- og baðklefa, svo og biðstofur, gólf og ganga skal þvo og ræsta, svo oft sem þurfa þykir og a. m. k. einu sinni á dag.

69. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar.
 Skal þess einkum gætt, að ekki sé hætta á, að vatnið (sjórinn) saurgist frá skolpveitum, sorpi eða því um líku.

70. gr.

Húsakynni íþrótta- og leikfímihúsa skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k. 1/6 gólfplat) rúmgóð og hæfilega upphituð. Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu. Má aldrei nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulu vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

71. gr.

Íþröttasvæði undir berum himni skulu þannig gerð, að þrifaleg séu og af þeim stafi sem minnst ryk eða önnur óþrif. Séð skal um hreinsun á þeim eftir þörfum.

72. gr.

Í öllum þeim stofnunum, sem í þessum kafla getur, eða í sambandi við þær, skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvagstæði og þvottaskálar. Séu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

106

12. júní

XVI. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur.

73. gr.

Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur skulu vera bjartar og rúmgóðar með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Starfsfólk og gestir skulu hafa greiðan aðgang að salernum og þvottaskálum.

74. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Skal það í hvivetna gæta hins ýtrasta hreinlætis og vera klætt hreinni, hvítri yfirhöfn.

75. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til að ætla, að svo sé ástatt um.

XVII. KAFLI

Um barnaheimili, elliheimili, sjúkrahús, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

76. gr.

Um sjúkrahús og lækningastofur og tilhögun á þeim fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933).

77. gr.

Vistherbergi slíkra stofnana skulu vera björt og hlý, vel loftræst og rúmgóð. Séð skal fyrir nægilegum fatageymslum, salernum og hreinlætistækjum. Veggir allir og gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Ekki má þurrka þvott í vistherbergjum.

Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram a. m. k. einu sinni á dag.

Um heilbrigði starfsfólks fer eftir 67. gr.

78. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við yfirlækni sjúkrahúss og lækni elliheimilis og annarra slíkra stofnana, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í samþykkt þessari, sett reglur um tölu sjúklinga eða vistmanna í hverju herbergi, um loftrými þeirra og önnur skipulags- og heilbrigðisatriði.

79. gr.

Biðstofur í heilbrigðisstofnunum skulu vera nægilega rúmgóðar, miðað við venjulega áætlaða aðsókn. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir.

XVIII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum o. fl.

80. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma þar um gilda (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, svo og tilskipun nr. 43 20. nóv.

106 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Skal heilbrigðisnefnd ávallt 12. júní eiga greiðan aðgang til eftirlits þessa.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal þess gætt sem greinir í 81.—86. gr.

81. gr.

Eigi má flytja í skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með ráði héraðslæknis, sem hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

82. gr.

Nú verður vart við í bát eða skipi veikindi eða lasleika, sem vera kann næmur sjúkdómur, eða óþrifasjúkdómur, sem borizt geta manna á milli, svo sem kláða eða lús, og skal þá skipstjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það héraðslækni, enda sé fylgt fyrirmælum hans um sóttvarnir eða útrýmingarráðstafanir.

83. gr.

Nú verður meindýra, svo sem veggjalúsar, rottu eða kakalaka, vart í bát eða skipi, og skal þá skipstjóri eða formaður tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, er geri nauðsynlegar útrýmingarráðstafanir.

84. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja athugasvert um atriði þau, er í 80.—83. gr. segir.

85. gr.

Skipstjórar, formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í skipum þeirra og bátum sé hlýtt.

Kyrrsetja má skip eða bát, þangað til fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis hefur verið fullnægt.

86. gr.

Eftirlit heilbrigðisnefndar með bifreiðum, varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, tekur til allra leigubifreiða og áætlunarbifreiða, sem skrásettar eru á Sauðárkróki.

87. gr.

Í öllum leigubifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutnings, skal ávallt gætt fyllsta þrifnaðar og hreinlætis.

Ákvæði 81. gr. taka til leigubifreiða.

88. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í bifreiðum þeirra sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðastjóri eða bifreiðaeigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og má þá taka bifreið úr umferð, unz kröfum nefndarinnar er fullnægt.

89. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til flugvéla, sem farþega flytja, eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

106

12. júní

90. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt, er varðar hollustuhætti húsakynna samkvæmt þessum kafla.

91. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega, á meðan klefi er í notkun, og jafnan milli mannaskipta. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu.

92. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifa-kvilla, þar með talinn kláði og lús, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust gert viðvart.

Um hreinsun herbergis og rúmfatnaðar eftir slíka menn skal fara eftir fyrir-mælum héraðslæknis.

XX. KAFLI

Um líkgeymslu, líkhús og kirkjugarða.

93. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóvember 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

94. gr.

Ókistulögð lík má ekki geyma í heimahúsum lengur en 3 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó að kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

95. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús og kistuleggja, þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga og reglugerðar um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

96. gr.

Líkhús skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Loftræsting sé góð. Ef gluggar eru á líkhúsi, skulu þeir vita á móti norðri. Í líkhúsum skal vera vatnsveita og handlaugar. Niðurfallsop skal vera úr gólfinu, sem hallar að opinu.

Líkhús skulu þriffin svo oft sem þurfa þykir og jafnan þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.

97. gr.

Vatnsból mega aldrei vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 metra.

XXI. KAFLI

Um aðstoð við sóttvarnir.

98. gr.

Heilbrigðisnefnd skal aðstoða héraðslækni við almennar sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum. Skal henni heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp, og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir og eftir hans tillögum sérstök fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, meðferð og dreifingu matvæla og annað, er að heilsuvernd lýtur, svo og að ráða fólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar.

XXII. KAFLI

Lokaákvæði.

99. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, þar sem um er að ræða ástand, sem eldra er en hún, eða ríkar ástæður þykja annars til.

100. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera frekari kröfur til tryggingar þrifnaði, heilbrigði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, varðandi hvert einstakt atriði, enda séu þær kröfur í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

Fyrirmæli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar birtir heilbrigðisnefnd, eftir því sem á stendur, með almennt auglýsingu eða skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra, sem í hlut eiga.

101. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál.

102. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 3000 kr. ásamt álagi samkvæmt kaupgjalds-vísitölu.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk, er ekki verður unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, ef þörf gerist, með lögtaki.

103. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

104. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindunum, og fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Sauðárkrók, nr. 78 7. júní 1904.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 12. júní 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

107
14. júní

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Rangárvallasýslu, nr. 120 10. júlí 1947.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunngjaldsskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. gr.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunngjaldsskyld (úti-hús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr., og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju býi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunngjald skal greiða 60 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 55000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 55000 krónur allt að 500000 króna matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulína veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgl., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

108

14. júní

AUGLÝSING

um breytingu á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsvíkur, nr 51 5. marz 1945.

1. gr.

5. gr. samþykktanna orðist svo:

Ábyrgðarmenn sparisjóðsins mega ekki vera færri en 12 og skulu þeir búsettir ekki færri en 8 í Ólafsvík, 2 í Fróðárhreppi og 2 í Breiðuvíkurhreppi. Ef fleiri eru en 12 skulu þeir, sem umfram eru, helzt búsettir í sömu hreppum.

Ábyrgðarmenn og stjórnendur sparisjóðsins mega ekki vera samtímis stjórnendur eða ábyrgðarmenn annarra sparisjóða né innlánsdeilda.

2. gr.

Framangreindar breytingar á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsvíkur, sem samþykktar voru á aðalfundi sjóðsins 2. júní s. l., staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. júní 1951.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.

109

20. júní

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Bolungarvíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Bolungarvíkur er fyrirtæki, sem Hólshreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign sveitarsjóðs Hólshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Bolungarvíkur, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Bolungarvíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Bolungarvík með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hólshrepps innan Norður-Ísafjarðarsýslu, að frátalinni Skálavík.

Rafveita Bolungarvíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Bolungarvíkur er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd

skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar.

109
20. júní

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrsskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefndin skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Bolungarvíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningareglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarkerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

- 109 Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu
20. júní rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Bolungarvíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugarkerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvári eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Hólshreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir er umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, 109 þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið. 20. júní

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugarkerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerð Rafveitu Bolungarvíkur.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

109
20. júní

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/\div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófraunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/\div 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $+/\div 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki

til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, 109
er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti 20. júní
er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
- Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd,
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá,
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

109 Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og við-
20. júní halds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynnt fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð rafveitunefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við sam-

kvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brot-
legi þess utan bæta skaðann. 109

Sektir renna í ríkissjóð. 20. júní

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru
samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og
raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi
þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Porv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Ræktunarsamband Eyfellinga og Mýrdæla.

110

25. júní

I. KAFLI

Takmörk samþykkarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykkarsvæðið nær yfir félagssvæði eftirgreindra hreppabúnaðarféлага:
Búnaðarfélag Merkurþéja, Búnaðarfélag Austur-Eyjafjalla, Búnaðarfélag Dyrhóla-
hrepps og Búnaðarfélag Hvammshrepps. Nafn félagsins er Ræktunarsamband
Eyfellinga og Mýrdæla.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt
þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykkarsvæðinu að undanskildum
þeim, er falla undir IV. kafla jarðræktarlaga nr. 45 17. maí 1950, um húferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur
framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo
og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykkarsvæðinu, sem ekki eru
véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðar-
vinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert
með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrir-
sögn hlutaðeigandi héraðsráðunautar.

Allar framkvæmdir samkvæmt liðunum 1—4 skulu gerðar eftir fyrirsögn hér-
aðsráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands í jarðrækt eða ráðunauta Búnaðar-
félags Íslands.

110
25. júní

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs árlega 3 menn í fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandið. Fulltrúaráðið kýs formann sambandsins til eins árs, óbundinni leynilegri kosningu, án tillits til búsetu. Fulltrúar hvers búnaðarfélags tilnefna einn mann í stjórn sambandsins til eins árs í senn, fyrir sitt búnaðarfélag.

Formann og stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann annast allar skriftir fyrir sambandið, reikningshald, skýrslugerðir og fjárreiður aðrar en innheimtur. Hinir stjórnarnefndarmennirnir annast innheimtu alla, hver í sínum hreppi, og gera annað það, er sambandið þarfnast og formaður krefst.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við Vélaneftnd ríkisins um kaup og val á vélum.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórninni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á félagssvæðinu, og ákveður á hvaða tíma og í hvaða röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, sem stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum hinna árlegu aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint, hverjar jarðbæfur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og 110
enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins, að það takist á hendur 25. júní
ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á
því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjóra ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan stjórnar ræktunarsambandsins um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir þær, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi héraðsráðunautar.
4. Að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur hefyngur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

1. Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hags njóta af framkvæmdunum, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu.

Þó skal tekið tillit til, ef um einhverja sérstöðu er að ræða, Ef ágreiningur verður um þessi atriði, skal úr honum skorið með hagnaðarmati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.

2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiðast af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætlunum verktóxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á kostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst: Greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning milli vinnustaða, geymsla og viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðsla, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

110
25. júní

15. gr.
Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á félagssvæðinu eða ríkið, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni félagsmanna.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans má vera kr. 270 000.00 — tvö hundruð og sjötíu þúsund krónur —.

Stofnfé og tekjur stofnsjóðs eru:

1. Hreppabúnaðarfélögin leggja fram sem óafturkræft framlag 17 þús. krónur hvert félag á ræktunarsamþykktarsvæðinu.
2. Hinn hluta stofnfjárins tekur ræktunarsambandið að láni, ef með þarf, eða aflar fjárins á annan hátt, með tryggingum í eignum félagsins eða með öðrum þeim tryggingum, er lánsstofnun sú, er lánið veitir, tekur gildar.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn kunna að koma samkvæmt ákvæðum 17. og 28. gr.

Móti þessu stofnfé kemur framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkv. ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og það greiðist sem framlag til vélakaupa jarðræktarsambandsins.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að álit framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til hreppabúnaðarfélaganna fyrir aðalfund þeirra.

Ef meiri hluti fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins, að fengnu meiri hluta samþykki í hreppabúnaðarfélagunum, ákveða stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkv. ákvæðum II. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

110

Skýlt er félagsaðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnu væntanlegu jarðabótaframlagi ríkisins til þeirrar vinnu, er þeir hafa óskað eftir, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningsskil og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Aðalfundur skal halda fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikningana sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdarstjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breytingar samþykta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstökum hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

Um aukningu stofnfjár skal leita samþykkis hinna einstöku búnaðarfélaga, er að samþykkt standa, sbr. 20. gr.

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20.

110 febr. 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er 25. júní úr gildi felld jarðræktarsamþykkt nr. 113 19. júlí 1946 fyrir hreppabúnaðarfélögin undir Eyjafjöllum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Arni G. Eylands.

111

29. júní

AUGLÝSING

um að reiðhjól með hjálparvélum skuli undanþegin ákvæðum bifreiðalaganna.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 1. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og með samþykki fjármálaráðuneytisins, hefur ráðuneytið úrskurðað að reiðhjól með hjálparvélum allt að 1 hestafli skuli undanþegin ákvæðum bifreiðalaganna, en öll bifhjól og reiðhjól með hjálparvélum, 1 hestafli eða stærri, skuli háð ákvæðum bifreiðalaganna. Reiðhjól með hjálparvél telst sérhvert tvíhjóla og þríhjóla ökutæki, sem hefur sérstök tæki til að knýja hjólið áfram með mannlegri orku auk vélarinnar.

Þau af tækjum þessum, sem samkvæmt framanrituðu falla undir ákvæði bifreiðalaganna eru skráningarskyld, gjaldskyld og tryggingarskyld sem bifreiðar, en þau tæki, sem falla utan ákvæða bifreiðalaganna, ekki.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

112

29. júní

REGLUGERÐ

um skrásetningu reiðhjóla með hjálparvél undir einu hestafli.

1. gr.

Öll reiðhjól með hjálparvélum undir einu hestafli, skulu skrásetjast af lögreglustjóra í umdæmi því, sem eigandi reiðhjólsins býr í.

2. gr.

Á hverju slíku reiðhjóli skulu vera skrásetningarmerki framan og aftan á hjólinu. Skrásetningarmerkin skulu vera með rauðum stöfum á hvítum grunni.

Hæð stafa skal vera 4 cm. Einkennisbókstafir skulu vera hinir sömu og fyrir bifreiðar, en númer skulu hefjast á tölunni 1 í hverju umdæmi.

3. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík sér um tilbúning skrásetningarmerkja fyrir reiðhjól og annast dreifingu til annarra umdæma. Skrásetningarmerkin skulu seld fyrir kostnaðarverði, að viðbættri hæfilegri álagningu vegna afgreiðslu og dreifingarkostnaðar, eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Fyrir skrásetningu samkvæmt reglugerð þessari skal greiða 100 króna gjald til ríkissjóðs og annast lögreglustjórar innheimtu þess.

5. gr.

112

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 14. gr. umferðarlaga, nr. 24 29. júní 1941.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki má skrásetja hjól samkvæmt reglugerð þessari, nema áfallin gjöld fyrir árið 1950 séu jafnframt greidd, ef hjólið hefur verið skrásett sem bifreið.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 11. gr. 6. mgr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

G J A L D S K R Á

113

29. júní

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.60 hver kwst.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar.
Um ljósamælinn kr. 1.60, en hinn mælinn kr. 0.38 hver kwst.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hver kwst. til smáiðnaðar.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, skal orkan seld á kr. 0.35 hver kwst., enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn. Þegar álag rafveitunnar er of mikið að dómi rafveitustjóra.

D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins á því tímabili, sem rafmagnsupphitun er notuð, má selja raforku með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Öll tæki skulu vera fast tengd, og gerð hitalagna og hitatækja háð samþykki rafveitustjóra.
- b. Klukkurofar séu fyrir hitalögninni, og greiðist leiga fyrir þá eftir reglum, sem gilda fyrir leigumæla. Má þó veita undanþágu frá þessu, ef rafveitustjóri telur þörf á.
- c. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn af hitakerfinu, þegar það telst nauðsynlegt, að dómi rafveitustjóra.

113
29. júní

Sé liðum a. og b. fullnægt, má selja raforkuna um kwst.mæli á kr. 0.20 hverja kwst.

d. Yfir mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september má veita 30% afslátt, ef um næturhitun er að ræða.

E. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

F. Hafnar- og götulýsing.

Orku til hafnar- og götulýsingar selur rafveitan um kwst.mæli á kr. 0.50 hverja kwst.

G. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Af einfasa mælum 5 amp. og minni	kr. 1.50 á mánuði.
2. — einfasa mælum frá 5 til 30 amp.	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 30 amp. og minni	— 5.00 — —
4. — þrífasa mælum 30 til 100 amp.	— 6.00 — —
5. — þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 10.00 — —
6. — lausum skiptiklukkum	— 2.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku, og reiknast hluti úr mánuði sem heill mánuður.

H. Heimtaugargjald.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum, á þann hátt, sem hér segir:

<i>Heimtaugargjald:</i>			
	Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
	kr.	kr.	kr.
1.	0— 5000.00	300.00	170.00
2.	5000— 10000.00	380.00	230.00
3.	10000— 12500.00	450.00	280.00
4.	12500— 15000.00	510.00	330.00
5.	15000— 17500.00	560.00	370.00
6.	17500— 20000.00	600.00	420.00
7.	20000— 25000.00	700.00	510.00
8.	25000— 30000.00	780.00	600.00
9.	30000— 40000.00	880.00	650.00
10.	40000— 50000.00	980.00	700.00
11.	50000— 60000.00	1060.00	750.00
12.	60000— 70000.00	1100.00	790.00
13.	70000— 80000.00	1140.00	830.00
14.	80000— 90000.00	1170.00	870.00

		<i>Heimtaugargjald:</i>		113
		Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
				29. júní
15.	kr. 90000—100000.00	kr. 1200.00	kr. 900.00	
16.	— 100000—125000.00	— 1250.00	— 950.00	
17.	— 125000—150000.00	— 1300.00	— 1000.00	
18.	— 150000—200000.00	— 1400.00	— 1050.00	
19. Yfir	— 200000.00	— 1500.00	— 1100.00	

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki hvers vírs meiri en 70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal húseigandi greiða allan kostnað við seinni heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

I. Opnunargjald.

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 20.00 opnunargjald á skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 20.00 á skrifstofu rafveitunnar.

J. Ákvæði vegna vatnsskorts.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veituvæðinu meðan á vatnsskortum stendur.

K. Heimild rafveitustjórnar til breytinga á gjöldum.

Bæjarstjórninni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar komi.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar og hreppsnefnd Eyrarhrepps hafa samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, nr. 131 29. júní 1950.

Atvinnuáráðuneytið, 29. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson

114

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1950.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a.	Veðdeildarbréf	kr.	700.00
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2741.86
			<hr/>
			kr. 3441.86
2. Vextir á árinu:			
a.	Af veðdeildarbréfum	kr.	35.00
b.	— innstæðu í Landsbanka Íslands	—	96.81
			<hr/>
			— 131.81
			<hr/>
			Kr. 3573.67

Gjöld:

Eign í árslok:			
a.	Veðdeildarbréf	kr.	200.00
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	—	3373.67
			<hr/>
			Kr. 3573.67

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1951.

F. h. b.

Sveinn Víkingur.

115

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1950.

Tekjur:

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum félagsmálum. Hann skal haldinn fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Félagsstjórn getur kvatt til aukafundar, þegar henni þykir þörf. Skytt er stjórninni að boða til aukafundar ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna er á fundi eða hafa gefið öðrum, sem þar mæta, skriflegt umboð til þess að mæta fyrir sig. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur sakir fámennis, og skal þá stjórn félagsins kveðja til fundar á ný innan þriggja vikna; skal þá jafnframt tekið fram í fundarboði, að til fundar sé kvatt á ný vegna þess, að ekki mættu nógu margir á hinum fyrri fundi til þess að hann væri löglegur; er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hvað margir mæta. Á fundum ræður afl atkvæða, nema þar sem samþykkt mælir öðruvísi fyrir. Til fundar skal boðað með skriflegri tilkynningu eða símatilkynningu til hvers einstaks félagsmanns með minnst viku fyrirvara.

8. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir í eftirfarandi röð:

1. Skýrsla stjórnarinnar um hag félagsins og framkvæmdir á liðnu ári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir s. l. ár með athugasemdum endurskoðenda og svörum reiknishaldara til úrskurðar.
3. Kosið í stjórn félagsins og endurskoðendur.
4. Stjórn félagsins gerir grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins á yfirstandandi ári.
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp kunna að vera borin.

9. gr.

Endurskoðendur félagsreikninganna skulu vera tveir og gildir kosning þeirra til tveggja ára og ganga þeir úr sitt árið hvor, í fyrsta sinn samkvæmt hlutkesti.

10. gr.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir aðalfundar og annarra félagsfunda ásamt stuttri greinargerð um annað, er þar gerist. Fundargerðir skulu lesnar í lok fundar og bornar undir atkvæði. Því næst undirritaðar af fundarstjóra og ritara.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

12. gr.

Arður af sameiginlegri veiði og leigu skiptist milli félagsmanna samkvæmt arðskrá, sem lögmætur aðalfundur samþykkir, og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Þó er þeim, sem telur sig vanhaldinn um skiptingu arðs

heimilt að krefjast mats samkv. 65. og 84. gr. laga nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að liðnum fimm árum, gildir gamla arðskráin áfram. — Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð. 137 16. júlí

13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi, og þarf til þess $\frac{2}{3}$ atkvæða, enda hafi áður verið greint frá henni í fundarboðinu. Félaginu má slíta, ef tillaga um það er samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á tveim lögmætum fundum í röð.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá kr. 300.00 til kr. 3000.00, og veiðarfæri og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk, og renni hvort tveggja til sýslusjóðs.

15. gr.

Það, sem ekki er tekið fram í samþykkt þessari, skal fara með samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

138

fyrir Rafveitu Þingeyrar.

16. júlí

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Þingeyrar er fyrirtæki, sem Þingeyrarhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Rafveita Þingeyrar, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Þingeyrar aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veita þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Þingeyrarhrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Þingeyrar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkutap og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveituvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Þingeyrar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tækjum. Skal tækjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tækjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða

framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við tauga- **138**
kerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur **16. júlí**
reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt
að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu raf-
magnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en raf-
magnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Þingeyrar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugar-
gjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvári eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaðarverði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húsegandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húsegandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur í lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar, meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í regl-

138 um um raflagningar í Þingeyrarhreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagn-
16. júlí ingum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúið, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum og öðrum fyrir-mælum um Rafveitu Þingeyrar.

14. gr.

138

Mælitæki.

16. júlí

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/- 5\%$ eða minna, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-
eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/- 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $+/- 5\%$ skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt, en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitækið nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalda fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafíð er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkv. 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða

annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, 138
sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennu- 16. júlí
breytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur
af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum raf-
magnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerðar og viðhalds
eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst,
og að nóttu til í maí-ágúst, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að
taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman
tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli tak-
mörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga
skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrir-
varalaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{200}$ hluta árs-
gjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforku vegna stöðv-
unar eða truflunar á rekstri, þó eigi skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár raf-
veitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða
bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur
rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrir-
vara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal
uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur
samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama
og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan
á orkuveitusvæðinu, má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfis mán-
aðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notk-
unarstað, ella skal um flutninginn gilda sem uppsögn á fyrri notkun og beiðni um
nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir,
þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrir-
vara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og
breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum
gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess,
að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

138
16. júlí

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

139
17. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Þingeyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Þingeyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 75 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 65 aurum á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar herbergja í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum má selja um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst.

2. Til nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. 139

3. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. 17. júlí

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árslegan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsnum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

<i>Brunabótamat:</i>		<i>Jarðlina:</i>	<i>Loftlina:</i>
Frá kr.		kr.	kr.
	0— 5000	390.00	220.00
— —	5000— 10000	— 490.00	— 300.00
— —	10000— 12500	— 590.00	— 360.00
— —	12500— 15000	— 660.00	— 430.00
— —	15000— 17500	— 730.00	— 480.00
— —	17500— 20000	— 780.00	— 550.00
— —	20000— 25000	— 910.00	— 660.00
— —	25000— 30000	— 1020.00	— 780.00
— —	30000— 40000	— 1140.00	— 850.00
— —	40000— 50000	— 1270.00	— 910.00
— —	50000— 60000	— 1380.00	— 980.00
— —	60000— 70000	— 1430.00	— 1030.00
— —	70000— 80000	— 1480.00	— 1080.00
— —	80000— 90000	— 1520.00	— 1130.00
— —	90000— 100000	— 1560.00	— 1170.00
— —	100000— 125000	— 1630.00	— 1240.00
— —	125000— 150000	— 1690.00	— 1300.00
— —	150000— 200000	— 1820.00	— 1370.00
Yfir —	200000	— 1950.00	— 1430.00

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.

- 139 2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður
17. júlí hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

140
19. júlí

AUGLÝSING

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 11 20. jan. 1950.

Aftan við síðari málsgr. 255. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

Breyting þess, sem gerð er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. júlí 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

141
21. júlí

AUGLÝSING

um notkun heimildar um hækkun iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs árið 1951.

Ríkisstjórnin hefur, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, ákveðið að neyta heimildar bráðabirgðaákvæðis laga nr. 51/1951 til þess að hækka iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs á árinu 1951 um jafnan hundraðshluta, og skal hækkunin nema sem næst 11% — ellefu af hundraði — þannig:

Hið fasta framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum ársins 1951 hækkar um kr. 2.073 milljónir og heildarframlög sveitarfélaganna um kr. 1.287 millj. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skulu innheimt samkvæmt iðgjaldaskrár ársins 1951 með 11% álagi. Á sama hátt skulu iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. fyrir árið 1951 innheimt með álagi sem hér segir:

	I. verðlagssvæði:	II. verðlagssvæði:	141
Iðgjöld kvæntra karla	kr. 50.00	kr. 40.00	21. júlí
— ókvæntra karla	— 45.00	— 35.00	
— ógiftra kvenna	— 35.00	— 30.00	

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

142

fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

24. júlí

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnssölu i kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum í Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölu- maður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Vatnsveitan leggur æðar sínar að stopphana, en vatnsnotandi annast lagningu vatnsæða og viðhald þeirra innan stopphana.

4. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur trygган.

5. gr.

Vatnsveitustjóra, í samráði við bæjarstjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljóttist af.

6. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.

142

24. júlí

7. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans, til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Er nægilegt, að auglýsingar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í bænum.

8. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 5% — fimm af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum og húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 1½% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr.

Af hverri tunnu grófsaltaðrar sildar greiðist 15 aurar í vatnsgjald. Af hverri tunnu sérverkaðrar sildar greiðist 30 aurar. Af hverri tunnu flakaðrar sildar greiðist 75 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 10 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 20 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 40 aurar og frystri sild 75 aurar af hverri tunnu.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, samkv. 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. sildarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 45 aura. Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 1200.00 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað, og tengdar eru við vatnsæð veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til sildarverksmiðju vera 8 aurar fyrir hvert mál sildar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af sild og fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjalddaga.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða 15 kr. fyrir eina smálest eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöli til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 10. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar verksmiðjureksturinn hættir ár hvert. Vatnsskattur samkv. 12. gr. fellur í gjalddaga þegar krafizt er.

14. gr.

142

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 24. júlí 100% eða lækka um allt að 50%.

15. gr.

Hver sá, er verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögum. Auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið eftir mati vatnsveitustjóra.

16. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

17. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

20. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðar-kaupstaðar, nr. 131 25. júlí 1941, ásamt öllum breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

143
24. júlí

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

144
30. júlí

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Borgarness.

I. RAFORKUSALA

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Til lýsingar.

1. Um kwst.mæli á 140 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 20 aurum á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir geymslur og ganga greiðist þó 10 aurar af hverjum m² á mánuði.
3. Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 45 aurum á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir geymslur og ganga greiðist þó 25 aurar af hverjum m² á mánuði.

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst. fyrstu notkunar, er nemi 1500 kwst. á ári fyrir hvert eldhús, að viðbættum 150 kwst. á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar. Notkun umfram þetta greiðist með 25 aurum hver kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til véla.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Ársnotkun umfram 300 kwst. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla greiðist með 38 aurum hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst. til matvælaíðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw., enda sé árlegur nýtingartími eigi minni en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. vélanna. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að eina og hálfu klst. um hádegið, á tíma mesta álags.

Eftir þessum gjaldskrárið má selja raforku til rafsúðu málma.

D. Til hitunar.

144

30. júlí

Um kwst.mæli á:

a.	13	aura	hverja	kwst.	með	allt	að	1½	klst.	rofi	á	sólarhring.
b.	12	—	—	—	—	—	—	2½	—	—	—	—
c.	9,5	—	—	—	—	—	—	4½	—	—	—	—
d.	7	—	—	—	—	—	—	14½	—	—	—	—

Gjaldið breytist hlutfallslega með útsöluverði á kolum í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við kolaverðið 420.00 kr. hvert tonn heimkeyrt. — Gjaldið standi alltaf á heilum eða hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

1. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnokkunar), að dómi rafveitustjóra.
2. Að vélaafli, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
3. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
4. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
5. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

E. Til annarra ótalinna nota.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 38 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst.
3. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst.
Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.
Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kwst.mæli 30 amp. og minni	kr.	2.00	á	mánuði.
2.	— þrífasa kwst.mæli 50 amp. og minni	—	4.00	—	—
3.	— þrífasa kwst.mæli yfir 50 amp. til 200 amp.	—	9.00	—	—
4.	— þrífasa kwst.mæli yfir 200 amp.	—	14.00	—	—

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvíþóla klukkurofa 40 amp. og minni	kr.	12.00	á	mánuði.
2.	— þríþóla klukkurofa 60 amp. og minni	—	15.00	—	—
3.	— þríþóla klukkurofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	20.00	—	—
4.	— þríþóla klukkurofa yfir 200 amp.	—	25.00	—	—
5.	— fjarstýrandi klukkurofa	—	4.00	—	—

144 Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árs-30. júlí leigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húss m ³ :		Heimtaugargjald jarðstrengs:	
Frá	0 allt að 100	kr.	700.00
—	100 — — 150	—	800.00
—	150 — — 200	—	900.00
—	200 — — 250	—	1000.00
—	250 — — 300	—	1100.00
—	300 — — 350	—	1200.00
—	350 — — 400	—	1300.00
—	400 — — 450	—	1400.00
—	450 — — 500	—	1500.00
—	500 — — 550	—	1600.00
—	550 — — 600	—	1700.00
—	600 — — 650	—	1800.00
—	650 — — 700	—	1900.00
—	700 — — 750	—	2000.00
—	750 — — 800	—	2100.00
—	800 — — 850	—	2200.00
—	850 — — 900	—	2300.00
—	900 — — 1000	—	2450.00
—	1000 — — 1200	—	2700.00
—	1200 — — 1500	—	3000.00
—	1500 — — 2000	—	3300.00
—	2000 og þar yfir	—	3700.00

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í útihús á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun, 20 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, 144 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist 30. júlí til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 59 9. apríl 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson

REGLUGERÐ

145

24. júlí

fyrir vatnsveitu Sauðárkróks.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Sauðárkróks, skal sækja um leyfi bæjarstjórnar þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara eftir fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar, að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengdar. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

6. gr.

Vatnsveitunefnd og umsjónarmanni er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem við þær eru tengdar.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum, tenginga eða viðgerðar á vatnsæðum veitunnar. Slíkar lokanir skal tilkynna fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó slík lokun fari fram.

145

24. júlí

8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt árlega. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti sem virtur er, sér til fasteignamats, í þessu sambandi sem heilt hús.

9. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem svo er ástatt sem í 8. gr. segir, skal greiða vatnsskatt 2% — tvo af hundraði — fasteignamatsverðs árlega, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 100.00 og af íbúðarhúsi með tveimur eða fleiri íbúðum, skal lægsta gjald vera kr. 70.00 af íbúð. Ef um er að ræða hús, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, skal greiða vatnsskatt 4% af fasteignamatsverði. Bæjarstjórn er heimilt að vikja frá lögmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

10. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	0.25
2. — — — flakaðrar síldar	—	0.50
3. — — smálest innvegins nýs fiskjar	—	1.50
4. Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skipundi	—	0.30
5. — hverja frysta síldartunnu	—	0.50
6. — hvern kjötskrokk	frá	0.10—1.00
7. — vatn í steypu, af hverri sementstunnu	—	0.50
8. — hverja bifreið, sem skrásett er á Sauðárkróki	—	40.00 árlega
9. — krana utanhúss og í peningshúsum	—	25.00 —
10. — 100 lítra lifrar, tekna til bræðslu	—	0.50

11. gr.

Fyrir vatn til mjólkurbúa og verksmiðja heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum og skal þá greiða allt að kr. 0.75 fyrir hverja smálest upp að 1000 smálestum og allt að kr. 0.25 fyrir hverja smálest sem umfram er.

12. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við bæjarstjórn.

13. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðarmaður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

14. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 10.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 20.00 fyrir fiskiskip og kr. 30.00 fyrir önnur skip. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Sauðárkróks greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun bæjarstjórnar, enda hafi þá bryggjan allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni, að undanskyldum framleiðslugjöldum af sjávarafurðum, sem um ræðir í 10. grein þessarar reglugerðar.

15. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

16. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt má taka lögtaki, í hinu skattskylda húsa eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjaldþaga með forgangsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

145

24. júlí

17. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

146

26. júlí

um breyting á reglugerð um holræsi í Bolungavík, nr. 106 26. maí 1943.

Í stað „kr. 25.00 árlega“ í 3. gr. reglugerðarinnar komi: kr. 50.00 árlega af hverju húsi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

147
26. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Bolungavík, nr. 105 26. maí 1943.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum og öðrum slíkum húsum, þar sem vatns er þörf, skal greiða vatnsskatt og skal hann lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna, sem hér segir:

Af húsum að fasteignamatsverði kr.		greiðist kr.
4000.00		100.00
— — — —	4001.00— 5000.00	— — 125.00
— — — —	— — 5001.00— 6000.00	— — 150.00
— — — —	— — 6001.00— 7000.00	— — 175.00
— — — —	— — 7001.00— 8000.00	— — 200.00
— — — —	— — 8001.00— 9000.00	— — 210.00
— — — —	— — 9001.00—10000.00	— — 220.00
— — — —	— — 10001.00—11000.00	— — 230.00
— — — —	— — 11001.00—12000.00	— — 240.00
— — — —	— — 12001.00—13000.00	— — 250.00
— — — —	— — 13001.00—14000.00	— — 260.00
— — — —	— — 14001.00—15000.00	— — 270.00
— — — —	— — 15001.00—16000.00	— — 280.00
— — — —	— — 16001.00—17000.00	— — 290.00
— — — —	— — 17001.00—18000.00	— — 300.00

Af húsum að fasteignamati yfir kr. 18000.00 skal greiða kr. 300.00 af kr. 18000.00, en $1\frac{1}{2}\%$ af afgangi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

148
26. júlí

SAMPYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Grafarness. Heimili þess og varnarþing er í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpínu fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum þeim, sem eiga hús í Grafarnesþorpi, þ. e. á því svæði, sem skipulagsuppdráttur nær yfir, að vera meðlimir Vatnsveitufélags Grafarness, nema til komi

ákvæði 23. gr. 2. töluliðs vatnalaga nr. 15 20. júní 1923, og skal hver núverandi hús- 148
eigandi greiða, um leið og hann gerist félagsmaður, óafturkræft stofngjald til félags- 26. júlí
ins sem fylgifé húseignarinnar, að upphæð að minnsta kosti kr. 300.00, enda telst
hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en sú greiðsla hefur verið af hendi innt. Vilji
einhver húseigandi leggja fram herra stofngjald, skal hann tilgreina upphæð þess
um leið og hann gerist félagsmaður.

Vatnslögn í fjós, þvottahús, sem áföst eru við íbúðarhús, og aðra smáskúra, sem
í þarf vatn og eingöngu eru til heimilisnotkunar, telst undir sama stofngjald og
íbúðarhúsið, en af innlögn í öll hús, er heyra undir sjálfstæðan rekstur, skal greiða
stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsg. er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin
í té afnot af vatni því, sem félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma.

4. gr.

Rétt er að taka nýja meðlimi í félagið, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda
sé slíks máls getið í fundarboði. Hinn nýi félagsmaður skal greiða að sínum hluta,
frá því er hann gekk í félagið, öll gjöld sem á félaginu hvíla og með sama hætti sem
aðrir félagar, nema öðru vísi semji. Sjálfur skal hann kosta allar þær framkvæmdir,
sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki
félagsins.

5. gr.

Kostnaði við upphaflega lagningu aðalleiðslu vatnsveitunnar skal jafnað niður
á öll hús, sem þá voru í þorpinu, og greiddur með stofngjöldum félagsmanna samkv.
3. gr., að svo miklu leyti sem þau hrökkva til. Félagisstjórn ákveður, hvað teljist aðal-
leiðslan.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverri innlögn eða íbúð. Skal félagisstjórnin
tiltaka upphæð skattsins þannig, að hann nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofn-
kostnaðar við aðalleiðslu vatnsveitunnar, rekstrarkostnaðar vatnsveitunnar og við-
halds hennar.

Fái menn utan félagsins vatn frá vatnsveitunni, skal þeim reiknaður 25% hærri
vatnsskattur en félagsmönnum.

Félagisstjórnin ákveður upphæð vatnsskattsins fyrir eitt reikningsár félagsins
— þ. e. almanaksár — í senn. Heimilt er stjórninni að leggja viðbótarskatt á félags-
menn, ef sýnt þykir, að áður ákvarðaður skattur nægi ekki til að standast útgjöld
félagsins. Nemi viðbótarskatturinn 10% af áður álögðum vatnsskatti, þarf stjórnin
þó samþykki lögmæts félagsfundar til aukaálagningarinnar.

Geri tekjur félagsins betur en að hrökkva fyrir gjöldum þess, skulu 25% tekju-
afgangs lögð sem fyrningargjald í varasjóð, en afganginum ráðstafað samkvæmt
ákvörðun aðalfundar.

Sjóði félagsins skal ávaxta í sparisjóði eða banka eða með öðrum jafntryggum
hætti, þó þannig, að peningarnir geti orðið handbærir með 3 mánaða fyrirvara.

Gjöld samkv. 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 3. gr., ásamt áföllnum innheimtu-
kostnaði, má taka lögtaki, og skulu þau njóta sama forgangsréttar í þrotabúum sem
skattar eða gjöld til ríkisins.

Á hverri innlögn skal vera lokunarkrani, sem loka má og innsigla, ef ekki er
staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður
ber ábyrgð á þeim umfram þau gjöld, sem þeim er gert að greiða til félagsins sam-
kvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Til þess að skuldbinda félagsmenn vegna fé-
lagsins umfram það, sem nú var sagt, þarf samþykki $\frac{3}{4}$ allra félagsmanna á lög-
mætum félagsfundi.

148 Á hverju reikningsári má stjórn félagsins eigi skuldbinda það svo, að nemi meira en 25% af samanlögðum stofngjöldum félagsmanna, nema samþykki félagsfundar komi til.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda tiltaki þeir, hvert sé tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til fundarins boðað. Hafi tvisvar verið boðaður félagsfundur vegna ónógrar fundarsóknar, skal síðari fundurinn talinn lögmætur — hver svo sem fundarsókn verður —, svo framarlega sem fundurinn hefur verið löglega boðaður.

Fundur er löglega boðaður, sé fundarboð auglýst á opinberum stað í Grafarnesþorpi a. m. k. 5 sólarhringum áður en fundurinn á að hefjast. Þó er fundur löglega boðaður, þótt fyrirvari sé skemmri, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið persónulega, en þá verður félagsstjórnin að geta sannað, að hún hafi náð til $\frac{3}{4}$ félagsmanna að minnsta kosti.

8. gr.

Á félagsfundur hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Félagsmaður getur ekki falið öðrum að fara með atkvæði sitt. Sé félagsmaður forstöðumaður fyrirtækis eða opinberrar stofnunar eða sjóðs, getur hann ekki farið með umboð fyrirtækisins eða stofnunarinnar gagnvart vatnsveitufélaginu, heldur skal það umboð falið manni utan vatnsveitufélagsins, sem tilnefndur er sérstaklega í þessu skyni af stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu á opinberum stað í Grafarnesi með a. m. k. 10 sólarhringa fyrirvara.

Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar, vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver svo sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn og 3 til vara og 2 endurskoðendur og 1 til vara, allir til eins árs í senn.

Liggi fyrir aðalfundi önnur mál en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

10. gr.

Færa skal gerðabók um aðalfundi félagsins og almenna félagsfundi. Skal fundarritari lesa fundargerðina í lok fundar og undirrita hana síðan samþykktá ásamt formanni félagsstjórnar eða fundarstjóra.

11. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skal vera ólaunað.

Formaður stjórnarinnar kveður stjórnina saman til funda og boðar til félagsfunda og aðalfundar.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í föllum aðalmanna taka varamenn sæti í stjórninni í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda, og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð 148 í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið sam- 26. júlí þykkt.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður vatnsveitunni umsjónarmann. Skal hann annast reikningshald félagsins, innheimtu á gjöldum til þess og viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni.

Að launum fyrir starfa sinn skal umsjónarmaður hafa 6% af brúttótekjum félagsins.

13. gr.

Segja má maður sig úr félaginu, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundum, eða ef svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður félagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi um hið síðarnefndar atriði skal skorið með mati, sem skjóta má til fullnaðarúrskurðar félagsmálaráðherra.

Ef maður segir sig úr félaginu, skal hann ábyrgjast öll þau gjöld, sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar til þess tíma, er hann fer úr félaginu.

14. gr.

Félaginu skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á tveim lögmætum félagsfundum í röð, enda séu ályktuninni fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ allra félagsmanna.

Um skipti og meðferð á eignum félagsins fer eftir ákvæðum XI. kafla vatnalaga nr. 15 20. júní 1923 og fyrirmælum skiptalaganna, eftir því, sem við á. Verði eignir umfram skuldir, skal þeim skipt milli félagsmanna að réttri tiltölu við þá fjárhæð, sem hver þeirra hefur samtals greitt til félagsins.

15. gr.

Verði félaginu slitið, skal Eyrarsveit eða kaupstaðurinn — hafi Grafarnesþorp þá öðlast kaupstaðarréttindi —, eiga rétt á að kaupa eignir félagsins fyrir matsverð, ef ekki nást samningur um verðið. Til matsins skal hvor aðili nefna 2 menn, en sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu oddamann.

16. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytingar-tillagnanna verið getið í fundarboði og að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundar-manna séu samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1951, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

149
26. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er nemi kr. 200.00 af hverri íbúð.

Af vatni í þvottahús og smáskúra, sem áföst eru við íbúðarhús, greiðist enginn vatnsskattur, en af vatnslögn í fjós greiðist kr. 20.00 fyrir hverja kú, sem í fjósinu er.

2. gr.

Vatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, verzlaniir, báta og önnur atvinnu-fyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveða með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samn-ingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1951, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Blönduós.

150
31. júlí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast landmegin frá Mógili sunnan við Bolanöf að hugsaðri línu vestur frá norðvesturhorni Neðribrekku kaupþúnsins, og er höfnin fyrir þessari strandlengju fram yfir mælda skipalegu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Blönduósshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmumsjón þess ráðuneytis, er fer með hafnarmál.

3. gr.

Að afstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Blönduósshrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga varamenn. Nefndin kys sér sjálf formann úr sínum hópi. Hafnarnefnd ber undir yfirstjórn hreppsnefndar, að annast allar framkvæmdir hafnarmála, sjá um viðhald og umbætur á mannvirkjum hafnarinnar og stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast allt fjárhald og reikningskil vegna hafnarinnar fyrir hönd hreppsnefndar. Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er sér um daglegan rekstur hafnarinnar, og annað viðkomandi höfninni, er nefndin kann að fela honum.

4. gr.

Allar tekjur hafnarinnar renna í hafnarsjóð.

Hafnarsjóði skal varið í þarfir hafnarinnar, til að greiða kostnað við stjórn hennar, til byggingar hafnarmannvirkja, viðhalds þeirra og endurbóta o. s. frv.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra nota hreppsins eða binda það í lánum.

5. gr.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til hafnarframkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli geymdur og ávaxtaður, enda ber hún ábyrgð á öllum eignum hafnarinnar.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast ásamt þeim.

6. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Blönduósshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs næsta ár. Sveitarstjórn fullsemur síðan áætlunina og sendir hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum.

150
31. júlí

III. KAFLI

Almennar reglur.

7. gr.

Hafnarnefnd eða trúnaðarmaður hennar, hafnarvörður, sér um að gætt sé nauðsynlegrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði og banni hafnarnefndar og hafnarvarðar tafarlaust. En þeir, sem þykir sér óréttur ger, geta skotið máli sínu til lögreglustjóra.

Stjórnendur og starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

8. gr.

Skylt er öllum að gæta varúðar um allt, er valdið getur slysum. Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina eða við hana neinu því, er valdið getur skemmdum á henni, eða orðið til óþrifnaðar.

Ekki má gera nein mannvirki meðfram strandlengju eða í flæðarmáli umhverfis höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar.

Heimilt er að nema burtu, án endurgjalds, mannvirki, er gerð hafa verið í sjó fram, og staðið hafa ónotuð í þrjú ár eða lengur.

IV. KAFLI

Um notkun bryggju.

10. gr.

Heimilt er bátum og skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, er þau koma, en þeim er skylt að fara frá bryggju, er afgreiðslu þeirra er lokið, ef önnur skip þurfa legunnar með, og eins ef þau teljast til tafar öðrum. Ef bátar liggja við bryggju, er strandferðaskip eða önnur skip þurfa að leggjast að á þeim stað, skulu bátarnir færðir þaðan á annan stað við bryggjuna.

V. KAFLI

Hafnargjöld.

11. gr.

Öll skip, 12 brúttósmálestir eða þar yfir, skulu greiða lestagjald kr. 0.30 af hverri brúttósmálest í hvert skipti, er þau koma á höfnina, og hafa þaðan samband við land.

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða lestagjald einu sinni á ári, og þá í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina ár hvert.

Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip vísindaleiðangra, svo og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða með sjúka menn eða látna, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

12. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip og björgunarskip skulu greiða bryggjugjald kr. 0.20 af hverri brúttósmálest í hvert sinn, er þau leggjast að bryggju hafnarinnar eða skipum er við hana liggja. Lægsta gjald skal þó vera kr. 8.00, ef skipið er 12 smálestir eða þar yfir, annars kr. 4.00 af þilfarsbátum, en kr. 2.00 af opnum vélbátum.

Heimilisfastir bátar á Blönduósi, 12 smálestir eða meira að stærð, skulu greiða **150** kr. 1.00 á sólarhring fyrir afnot af bryggju eða löndunartækjum hennar, þó ekki yfir 31. júlí kr. 60.00 á ári. Minni vélbátar greiði kr. 0.50 á sólarhring, þó ekki minna en kr. 25.00 á ári.

Fyrir hvern uppskipunarbat skal greiða kr. 30.00 um árið.

13. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, skal greiða vörugjald, sem hér segir:

1. Af salti, kolum, sementi, tilbúnum áburði, fóðurvörum og byggingavörum nema timbri: kr. 6.50 af hverri smálest.
 2. Af fiski, sild og gærum: kr. 7.00 af smál.
 3. Af kjöti, öðru en saltkjöti: 3 aura af kg.
 4. Af saltkjöti í tunnum: kr. 2.00 af tunnu.
 5. Af tómtunnum: kr. 1.00 af tunnu.
 6. Af kornvöru, kaffi, sykri, kaffibæti og garðávöxtum: kr. 12.00 af smál.
 7. Af olíu, benzíni og lýsi: kr. 12.00 af smálest.
 8. Af timbri: kr. 0.20 á teningsfet.
 9. Af öðrum vörum, sem reiknast eftir máli: kr. 0.40 á teningsfet.
 10. Af stórgripum: kr. 5.00 fyrir grip.
 11. Af sauðfé: kr. 1.00 fyrir hverja kind.
 12. Af öllum öðrum flutningi: kr. 1.00 fyrir 100 kg.
- Minnsta gjald er kr. 0.65.

14. gr.

Greiða skal ½% af brúttóandvirði afla þeirra báta, er leggja afla á land á hafnarvæðinu.

15. gr.

Undanþegin vörugjaldi er póst- og farþegaflutningur. Einnig vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta, sem liggja í höfn, og þau nota til eigin þarfa.

16. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vöru með umbúðum. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lesta- og bryggjugjalda, svo og rétt uppgefnu vörumagni. Er skipstjóri skyldur til að láta hafnarnefnd hafa eftirrit af farmskrá skipsins.

Viðtakandi eða sendandi vöru ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds. Hefur hafnar-sjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til skipagjöld eru greidd, nema öðruvísi semjst, en á vörum, þar til vörugjald er greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, reiknast vörugjaldið eftir þeirri vörutegund í sendingunni, sem er í hæsta flokki eftir úrskurði hafnarnefndar eða trúnaðarmanns hennar. Úrskurði hafnarnefndar má skjóta til lögreglustjóra.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningar nást ekki um skaðabætur fyrir áður

150 taldar skemmdir, skulu þær metnar af þremur dómkvöddum mönnum. Hvor aðili, 31. júlí sem ekki vill una mati, getur krafizt yfirmats, en gera skal það áður en 14 dagar eru liðnir frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt að fimm dómkvöddum mönnum. Kostnað við mat greiðir sá aðili, sem mats krefst, ef matsgerð breytir ekki gerðu samningstilboði eða undirmati meira en um 10% honum í vil, ella hinn aðilinn.

19. gr.

Að öðru leyti en hér er fram tekið, fer reglugerðin eftir lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 — tíu þúsund — kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum.

21. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátappaþrið á Blönduósi, nr. 185 13. nóvember 1941, ásamt breytingu nr. 118 1. ágúst 1944.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún, nr 13 12. jan. 1950.

1. gr.

Öll vörugjöld samkvæmt 30. gr., 1.—2. tölulið, innheimtast með 40% viðauka, að undanskildum 2. flokki 2. töluliðs.

Vörugjald samkvæmt 30. gr., 2. flokki 2. töluliðs (útflutt sild), innheimtist með 100% viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

152

1. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt
samkvæmt 12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts, og má áfrýja úrskurði hans til ríkisskattanevndar Íslands.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í Reykjavík í síðasta lagi 15. apríl 1951 og 15. maí annars staðar á landinu.

Kærufrestur til ríkisskattanevndar er í Reykjavík til 15. maí 1951 og til 15. júní annars staðar á landinu. Skal hún hafa lokið kærurúrskurðum í síðasta lagi 15. október 1951.

Einnig getur skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði ríkisskattanevndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 1. desember 1951.

2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 1. nóvember 1951.

3. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 46 15. apríl 1951.

Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

AUGLÝSING

153

8. ágúst

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

- 154 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Helga H. Eiríkssonar
15. ágúst skólastjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra
15. ágúst 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Helga H. Eiríkssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Helga H. Eiríkssonar skólastjóra, og er stofnaður af vinum hans og samstarfsmönnum í iðnaðarmálum á sextíu ára afmæli hans, 3. maí 1950.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 19657.50 — níttján þúsund sextíu hundruð fimmtíu og sjö og 50/100 — sem framan nefndir menn gáfu 3. maí 1950.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en eftir að sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — má árlega verja $\frac{1}{5}$ af ársvöxtum til þess að verðlauna einn íslenskan meistara í handiðnaði, búsettan á Íslandi, sem sýnt hefur framúrskarandi menningu í starfi sínu. Skal í því sambandi sérstaklega taka til greina vandaða iðnaðarvinnu, heilbrigðan atvinnurekstur, drengskap í viðskiptum og áhuga og góða framkomu í félagsmálum iðnaðarmanna.

4. gr.

Verðlaununum fylgir heiðursskjal, sem stjórn sjóðsins lætur útbúa og undirrita.

5. gr.

Forseti Landssambands iðnaðarmanna, eða þeirrar stofnunar er tekur við störfum þess, ef því verður slitið, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, stjórna sjóðnum, og skipta sjálfir með sér verkum. Þeir úthluta verðlaununum úr sjóðnum og ræður afl atkvæða. Gegni einn maður tveimur af framannefndum störfum, skal varamaður hans í öðru starfinu einnig taka sæti í stjórn sjóðsins á meðan.

6. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin telur tryggilegan.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Landssambands iðnaðarmanna.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvikjandi, er máli skiptir. Ef ástæður leyfa, skal úthluta úr sjóðnum 3. maí.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisforseta á skipulagsskrá þessari.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

155

Jafnaðarreikningur 31. desember 1950.

Eignir:

1. Útlán	kr. 24453066.46
2. Styrktarlán	— 628000.00
3. Ríkissjóður vegna Svíþjóðarskipa	— 2325297.30
4. Verðbréf	— 838000.00
5. Viðskiptamenn	— 167802.81
6. Innstæða í Útvegsbanka Íslands h.f.	— 11004758.79

Kr. 39416925.36

Skuldir:

1. 3½% lán frá 1944 (upphaflega 4 millj. til 10 ára)	kr. 1600000.00
2. Framkvæmdasjóður	— 59865.09
3. Aðstoðarlánasjóður 1945	— 247259.93
4. Aðstoðarlánasjóður 1947	— 32668.15
5. Viðskiptamenn	— 100149.72
6. Stofnsjóðir	— 32500000.00
7. Varasjóður	— 2400000.00
8. Afskriftareikningur	— 2400000.00
9. Yfirfært til næsta árs	— 76982.47

Kr. 39416925.36

Reykjavík, 31. desember 1950.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands

Helgi Guðmundsson.

Ásg. Ásgeirsson.

Valtýr Blöndal.

Elias Halldórsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 9. marz 1951.

Einar Bjarnason. Benedikt Sveinsson.

REIKNINGUR

156

Spítalasjóðsins Vinamíning, Eyrarbakka, árið 1950.

Tekjur:

Í sjóði 1. janúar 1949	kr. 19174.35
Gjafir á árinu	— 244.00
Vextir af innstæðu	— 451.21
Vextir af bankavaxtabréfum	— 275.00

Kr. 20144.56

156

Gjöld:

Veittur styrkur á árinu	kr. 300.00
Í sjóði í árslok	— 19844.56

Kr. 20144.56

Eyrarbakka, 31. desember 1950.

Bragi Ólafsson. Árelíus Níelsson. Aðalheiður Bjarnadóttir.

157 REIKNINGUR BRUNABÓTAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands váttryggingarárið frá 15. október 1949 til 14. október 1950.

Gjöld:

I. Brunatjón á fasteignum	kr. 2073436.01	
Þar af hluti endurtryggjanda	— 1060612.05	
		kr. 1012823.96
II. Brunatjón á lausafé	kr. 383462.50	
Þar af hluti endurtryggjanda	— 272330.46	
		— 111132.04
III. Reksturskostnaður	—	586971.22
IV. Brunavarnarkostnaður	—	108730.30
V. Umboðslaun	—	393209.29
VI. Til frádráttar á bókuðu eignarverði:		
1. Slökkvitækjabirgða	kr. 100000.00	
2. Áhaldahúss	— 69426.03	
3. Áhalda og húsgagna	— 43544.87	
		— 212970.90
VII. Tekjuafgangur:		
1. Flutt frá fyrra ári	kr. 46399.59	
2. Vextir	— 538999.13	
3. Hagnaður á verðbréfum	— 3353.10	
4. — á afb. fasteignaláni	— 1320.00	
5. — á 1. flokki	— 747623.86	
6. — á 2. —	— 468647.19	
7. — á 3. —	— 71111.13	
		Kr. 1877454.00
sem varið er þannig:		
1. Lagt í varasjóð	kr. 1850000.00	
2. Flutt til næsta árs	— 27454.00	
		— 1877454.00
		Kr. 4303291.71

Tekjur:

I. Flutt frá fyrra ári	kr. 46399.59
II. Iðgjöld af fasteignum	kr. 4679172.82
Þar af hluti endurtryggjanda	— 1717952.81
	— 2961220.01
	Flyt kr. 3007619.60

		Flutt	kr. 3007619.60	
III. Iðgjöld af lausafé	kr.	395520.25		157
Þar af hluti endurtryggjanda	—	158129.50		
			—	237390.75
IV. Vextir			—	538999.13
V. Umboðslaun og ágóði frá endurtryggjanda:				
1. Umboðslaun	kr.	392395.47		
2. Ágóðahluti	—	122213.66		
			—	514609.13
VI. Hagnaður á útdregnum bréfum:				
1. Á verðbréfum	kr.	3353.10		
2. Á afb. fasteignaláni	—	1320.00		
			—	4673.10
				Kr. 4303291.71

Efnahagsreikningur Brunabótafélags Íslands 14. október 1950.

Eignir:

I. Sjóður	kr.	296287.68		
II. Innstæða í banka	—	710049.23		
III. Verðbréf	—	3752882.05		
IV. Fasteignalán	—	1660074.44		
V. Ábyrgðarlán	—	4912767.20		
VI. Slökkvitækjalán	—	798907.03		
VII. Skuldir umboða	—	52947.53		
VIII. Slökkvitækjabirgðir o. fl.	—	128458.75		
IX. Áhaldahús í Hafnarfirði	—	10000.00		
X. Áhöld og húsgögn	—	5000.00		
XI. Áfallnir en ógreiddir vextir	—	304622.85		
XII. Bifreið G. 6	—	25000.00		
XIII. Íslenzk endurtrygging:				
1. Skuld í viðskiptareikningi	kr.	368317.67		
2. Hlutur í félaginu	—	136000.00		
3. Til jafnaðar á móti ábyrgð vegna sama ..	—	60000.00		
			—	564317.67
				Kr. 13221314.43

Skuldir:

I. Inneignir umboða	kr.	10249.76		
II. Ógreiddar brunabætur	—	497769.00		
III. Inneignir sveitarfélaga til slökkvitækjakaupa	—	55336.23		
IV. Ábyrgð vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging	—	60000.00		
V. Inneign Storebrand, Oslo	—	477297.39		
VI. Varasjóður vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging	—	133208.05		
VII. Varasjóður:				
1. Flutt frá fyrra ári	kr.	10110000.00		
2. Lagt við á þessu ári	—	1850000.00		
			—	11960000.00
VIII. Flutt til næsta árs	—	27454.00		
				Kr. 13221314.43

Reykjavík, 19. desember 1950.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Stefán Jóh. Stefánsson.

Sigurj. Jóhannsson.

157

Reikningur

yfir tekjur og gjöld 1. flokks (fasteignavátryggingar í kaupstöðum og kaupþúnum)
vátryggingarárið frá 15. október 1949 til 14. október 1950.

Gjöld:

I. Brunatjón	kr. 797218.59
II. Reksturskostnaður	— 394874.61
III. Brunavarnarkostnaður	— 100343.65
IV. Umboðslaun	— 237429.87
V. Afskrifað af áhöldum, slökkvitækjum og húsi	— 212970.90
VI. Tekjuafgangur	— 747623.86

 Kr. 2490461.48
Tekjur:

I. Iðgjöld	kr. 2138068.29
II. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjanda	— 352393.19

 Kr. 2490461.48
Reikningur

yfir tekjur og gjöld 2. flokks (fasteignavátryggingar í sveitum)
vátryggingarárið frá 15. október 1949 til 14. október 1950.

Gjöld:

I. Brunatjón	kr. 215605.37
II. Reksturskostnaður	— 146348.21
III. Umboðslaun	— 115234.52
IV. Tekjuafgangur	— 468647.19

 Kr. 945835.29
Tekjur:

I. Iðgjöld	kr. 823151.72
II. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjanda	— 122683.57

 Kr. 945835.29
Reikningur

yfir tekjur og gjöld 3. flokks (lausafjártryggingar í kaupst., kaupþúnum og sveitum)
vátryggingarárið frá 15. október 1949 til 14. október 1950.

Gjöld:

I. Brunatjón:	
1. Í kaupstöðum og kaupþúnum	kr. 96040.52
2. Í sveitum	— 15091.52
	<hr/>
	kr. 111132.04
II. Reksturskostnaður:	
1. Í kaupstöðum og kaupþúnum	kr. 33003.45
2. Í sveitum	— 12744.95
	<hr/>
	— 45748.40

 Flyt kr. 156880.44

	Flutt	kr. 156880.44	157
III. Brunavarnakostnaður í kaupstöðum og kauptúnum	—	8386.65	
IV. Umboðslaun:			
1. Í kaupstöðum og kauptúnum	kr. 26927.11		
2. Í sveitum	—	13617.79	
		<hr/>	
		—	40544.90
V. Tekjuafgangur	—	71111.13	
		<hr/>	
			Kr. 276923.12

T e k j u r :

I. Iðgjöld:			
1. Í kaupstöðum og kauptúnum	kr. 168671.45		
2. Í sveitum	—	68719.30	
		<hr/>	
			kr. 237390.75
II. Umboðslaun frá endurtryggjanda:			
1. Vegna kaupstaða og kauptúna	kr. 29165.42		
2. Vegna sveita	—	10366.95	
		<hr/>	
			— 39532.37
		<hr/>	
			Kr. 276923.12

R E I K N I N G U R

158

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frá Þórunnar Hannesdóttur árið 1950.

T e k j u r :

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1950 B., bls. 362):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 23119.66		
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	2417.78	
		<hr/>	
			kr. 25537.44
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu 1950	kr. 1109.71		
b. Af bankainnstæðu 1950	—	74.52	
		<hr/>	
			— 1184.23
		<hr/>	
			Kr. 26721.67

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 23230.64		
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	3491.03	
		<hr/>	
			Kr. 26721.67

Í samgöngumálaráðuneytinu, 18. apríl 1951.

Páll Pálmason.

159

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og fyrrv.
héraðslæknis Ólafs Finsen, Akranesi.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	11130.97
b. Hjá gjaldkera	—	100.00
2. Vextir 1949	—	513.39
3. Gjafir	—	350.00

 Kr. 12094.36

G j ö l d :

1. Styrkur veittur Friðrik Jónssyni	kr.	200.00
2. Sjóður í árslok:		
Söfnunarsjóðsinnstæða	—	11894.36

 Kr. 12094.36

Akranesi, 29. janúar 1951.

Jón M. Guðjónsson. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir.

160

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Þórdísar Gunnlaugsdóttur og
Kristmundar Guðmundssonar.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	10117.07
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	485.61

 Kr. 10602.68

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	10602.68

 Kr. 10602.68

Melstað, 20. júní 1951.

F. h. sjóðstjórnarinnar

Jóh. Kr. Briem.

REIKNINGUR

161

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Páls Leví Jónssonar og
Ingibjargar Halldórsdóttur árið 1950.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun: Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 2476.07
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 118.84
	<hr/>
	Kr. 2594.91

Gjöld:

Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 2594.91
	<hr/>
	Kr. 2594.91

Melstað, 20. júní 1951.

F. h. sjóðstjórnarinnar

Jóh. Kr. Briem.

REIKNINGUR

162

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1950.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1950 B., bls. 363):	
1. Innstæða í Landsbankanum	kr. 781.23
2. Vextir af bankainnstæðu	— 27.33
	<hr/>
	Kr. 808.56

Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum	kr. 808.56
	<hr/>
	Kr. 808.56

Í samgöngumálaráðuneytinu, 18. apríl 1951.

Páll Pálmason.

163

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1950.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1950 B., bls. 363):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 41668.88
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 2000.06
	<hr/>
	Kr. 43668.94

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 43668.94
	<hr/>
	Kr. 43668.94

Í samgöngumálaráðuneytinu, 18. apríl 1951.

Páll Pálmason.

164

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1950.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:	
a. Veðdeildarbréf	kr. 700.00
Innstæða í Landsbanka Íslands	— 2741.86
	<hr/>
	kr. 3441.86
2. Vextir á árinu:	
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 35.00
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 96.81
	<hr/>
	— 131.81
	<hr/>
	Kr. 3573.67

Gjöld:

Eign í árslok:	
a. Veðdeildarbréf	kr. 200.00
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 3373.67
	<hr/>
	kr. 3573.67
	<hr/>
	Kr. 3573.67

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1951.

F. h. b.

Sveinn Víkingur.

REGLUR**165**

3. júlí

um félagsheimilið Hlégarð.**1. gr.**

Nafn félagsheimilisins er Hlégarður í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Lóðin er gefin af Mosfellshreppi.

Lóðarstærð 9000 fermetrar. (Í suður frá húsinu 29 metrar, í vestur frá því 26 m o. s. frv.).

Eigendur félagsheimilisins eru: Mosfellshreppur, Ungmennafélagið „Afturelding“ og Kvenfélag Lágafellssóknar.

2. gr.

Húsnefnd, sem kjörin skal árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún skal þannig skipuð: Hreppsnefnd kýs 3, Kvenfélag Lágafellssóknar 1 og Ungmennafélagið Afturelding 1.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín.

Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund ef $\frac{2}{5}$ nefndarmanna æskja þess.

Aðalfundur fulltrúa eigenda félagsheimilisins skal haldinn í febrúar ár hvert. Skulu þangað kvaddir, með hæfilegum fyrirvara, fulltrúar eigenda.

Fulltrúar eigenda skulu vera hreppsnefndin öll, tveir fulltrúar frá Kvenfélagi Lágafellssóknar og tveir frá Ungmennafélaginu „Afturelding“. Enginn fulltrúi má fara með nema 1 atkvæði. Fulltrúar einir hafa atkvæðisrétt, en fundarseturétt með málfrelsi og tillögurétti hafa húsnefnd og stjórnir fyrrnefndra félaga. Eigendur skýra frá því á aðalfundi, hverja þeir hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda.

Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal vera svo nákvæm sem unnt er.

Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi, eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur það nauðsynlegt. Leita skal um-sagnar húsvörðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir stjórn hans;

- 165 c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
 3. júlí d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
 e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
 f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignarinnar, húsbúnaðar og áhalda;
 g. að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
 h. að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
 i. að sjá um að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu svo sem aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skyld er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, innan Mosfellssveitar, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseign, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður og húsnefnd sjá um að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Hestagirðing og bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið.

10. gr.

Árlega skal húsvörður framkvæma vandlega athugun á ástandi hússins og gefa aðalfundi skýrslu þar um.

11. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

12. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess, né veita ölvuðum mönn- um aðgang.

Húsnefndin getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu til- tekinn tíma.

13. gr.

165

Reglur þessar, sem stjórn félagsheimilisins Hlégarður hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. júlí 1951.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

REGLUGERÐ

166

um skemmtanaskatt í Dalvíkurhreppi.

1. ágúst

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að og eigi eru að lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og eru ekki taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

Skatturinn er hundraðshluti af inngangseyri.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum

166 og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann, fyrir sína hönd, 1. ágúst og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, ef um félög er að ræða þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renni í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Dalvíkurhrepps stjórnar.

Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 kr., sé brotinu þannig varið, að skattur hafi verið dreginn undan, skal sektin ákveðin, sem svarar fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, allt að 1000 kr. Mál, sem kunna að rísa út af reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni, öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. ágúst 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

167

20. ágúst

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarfélag Ólafsfjarðar
í Eyjafjarðarsýslu, nr. 104 frá 7. nóv. 1947.

9. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er nemur alls kr. 75 000.00.
Tekjur stofnsjóðs eru:

- a. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur framlagið í stofnsjóð, er það greiðist, sem styrkur til vélakaupa félagsins.
- b. Framlag Búnaðarsambands Eyjafjarðar.
- c. Afgangurinn sé óafturkræft beint framlag Búnaðarfélags Ólafsfjarðar, er eigi má nema minna en $\frac{1}{4}$ stofnfjárins, svo og stofnfjárlán, tryggt með ábyrgð Búnaðarfélagsins, og endurgreiðist það innan 5 ára.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. ágúst 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUR

168

30. ágúst

um Sundlaug Búðakauptúns.

1. gr.

Eigandi sundlaugarinnar er Búðahreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, undir nafninu Sundlaug Búðakauptúns.

3. gr.

Þriggja manna nefnd annast rekstur sundlaugarinnar. Skal nefndin kosin af hverri nýkjörinni hreppsnefnd Búðahrepps og gildir kosning hennar sama tíma og hreppsnefndarinnar. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér störfum.

4. gr.

Nefndin ber ábyrgð á rekstri laugarinnar gagnvart hreppsnefnd. Afrit af árs-reikningum sendist íþróttanefnd ríkisins.

5. gr.

Nefndin skal halda nákvæma gjörðabók um störf sín og rekstur laugarinnar.

6. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar er meðal annars:

- a) að skipuleggja afnot íþróttaiðkenda af lauginni,

- 168 b) að sjá um útlán sundlaugarinnar til sýninga og kappmóta,
 30. ágúst c) að ráða starfsmenn til daglegs rekstrar, eftir því sem nauðsynlegt telst, og setja þeim erindisbréf,
 d) að taka ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup,
 e) að gera tillögur um endurbætur og viðbótarbyggingar, ef æskilegar teljast,
 f) að annast fjárreiður eignarinnar,
 g) að kveða á um gjöld fyrir notkun laugarinnar.

7. gr.

Sundlaugina má eingöngu nota til íþróttaiðkana. Skólar innan hreppsins og ungmennafélagið skulu hafa forgangsrétt til afnota af lauginni.

8. gr.

Um ræsting og viðhald sundlaugarinnar fer samkvæmt fyrirmælum reglugerðar um íþróttamannvirki.

9. gr.

Eftirlit með daglegum rekstri sundlaugarinnar er í höndum sundlaugarvarðar, sem sjái um að umgengni sé góð, hafi eftirlit með ræstingu, sjái um að hæfilegur hiti sé í öllum herbergjum og hreint og hæfilega heitt vatn í lauginni. Einnig annist hann baðvörzlu. Sundlaugarvörður annist ræstingu á böðum og búningsherbergjum, einnig þvott á skýlum og handklæðum, ræstingu laugarþróar, stétta, baða og búningsherbergja og annað það, sem honum kann að verða falið í erindisbréfi.

10. gr.

Reikningsár sundlaugarinnar er almanaksárið.

11. gr.

Ágóða af rekstrinum skal verja til nauðsylegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta og nýbygginga eftir því sem ástæða virðist til.

12. gr.

Sundlaugarnefnd annist kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 1951.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

GJALDSKRÁ

fyrir uppboðshaldara, sett samkvæmt lögum nr. 57 frá 1949.

1. gr.

Tilkynningar og uppboðsskilmálar:

- a. Fyrir tilkynningu til skuldara um sölubeiðni greiðist kr. 5.00
 b. Fyrir frumvarp að uppboðsskilmálum — 25.00

2. gr.

Innheimtugjald uppboðshaldara:

- a. Án sölu:
 Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina greiðist 1%

b. Við sölu:

169

31. ágúst

1. Fasteignir og skip:

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir fyrir hans atbeina greiðir kaupandi

af fyrstu 100 000 krónum	3%
af næstu 400 000 krónum	2%
af fjárhæð þar yfir	1%

Þessi gjaldskrá gildir og þótt eign sé lögð út, shr. 32. gr. uppboðslaganna.

2. Lausafé:

Innheimtugjald frá kaupanda:

a. Með gjaldfresti	6%
b. Við staðgreiðslu	3%

Innheimtugjald frá seljanda:

a. Með gjaldfresti — uppboð undir 3 þús. kr.	6%
frá 3—10 þús. kr.	5%
yfir 10 þús. kr.	4%
b. Með staðgreiðslu	4%

Innheimtulaun samkvæmt þessari grein skal þó eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Þessi gjaldskrá gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.

Dómsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1951.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

G J A L D S K R Á

170

4. sept.

fyrir Rafveitu Hellissands.

I. RAFORKA

Rafveita Hellissands selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- a. **Almenn heimilisnotkun.** Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.60 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 4 kr. á mánuði af hverju herbergi í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Af verzlunar- og skrifstofuhúsnæði og sjóhúsum greiðist hálf fastagjald af herbergjum.

Óheimilt er að nota fasttengd rafmagnsáhöld til suðu eða hitunar, svo sem eldavélar og fasttengda ofna, nema að fengnu leyfi rafveitunefndar, og má

170
4. sept.

rjúfa straum til slíkra tækja, hvenær sem álagið verður of mikið á vélaaflið að dómi vélstjóra rafveitunnar.

- b. **Vélanotkun.** Um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds, kr. 100.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Skilyrði fyrir raforkusölu til véla er, að vélaafli rafstöðvarinnar þoli álagið að dómi vélstjóra rafveitunnar.

- c. **Önnur raforkunotkun.** Gjald fyrir raforku til götulýsingar ákveður hreppsnefnd, að fengnum tillögum rafveitunefndar.

Heimilt er rafveitunefnd, þegar sérstaklega stendur á, að gera sérsamninga við rafmagnsnotendur um sölu á raforku, þó eigi lengur en um eitt ár í senn.

II. MÆLALEIGA

Leiga af mælitækjum skal vera sem hér segir: Af einfasa mælum 30 amp. og minni kr. 2.00 á mánuði. Af þrífasa mælum kr. 5.00 á mán. Af öðrum mælitækjum skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfið á Hellissandi, skal greiða í stofngjald kr. 400.00 og að auki 1% af brunabótamati þess húss, sem við er tengt.

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 25 mm² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng af sama gildleika skal greiða heimtaugargjald, sem sé 20% hærra, enda sé hann ekki lengri en 25 metrar. Húseigandi greiðir allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir.

Gjald þetta greiðist með afborgunum eða í einu lagi og skal það að fullu greitt innan sex mánaða frá því að raforku var veitt í húsið.

IV. OPNUNARGJALD

Loka má fyrir straum til veitu rafmagnsnotanda, þegar hann gerist brotlegur við reglur rafveitunnar, svo sem með því að:

- greiða ekki gjöld sín til rafveitunnar,
- nota óleyfileg eða of stór vör, og
- nota rafmagnstæki, sem ekki má nota án leyfis rafveitunefndar, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, og öðru því líku.

Ekki má endurofna fyrir veitu, fyrr en bætt hefur verið úr þeim ágöllum, sem leiddu til lokunarinnar, og notandinn greitt kr. 30.00 í opnunargjald til rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Öll gjöld fyrir raforku samkv. a-, b- og c-lið gjaldskrárinnar greiðist eftir á, þegar eftir hvern mælaálestur.

Ef gjöld samkv. gjaldskrá þessari eru ekki greidd áður en mánuður er liðinn frá gjalddaga, er heimilt að rjúfa samband notandans við rafveituna, eftir skriflega aðvörun. Ekki fellur niður fastagjald af herbergjum fyrir þann tíma, sem lokað hefur verið fyrir húsveitu vegna vanskila eða brota á reglum rafveitunnar.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari 170 gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur. 4. sept.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. september 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

171

12. sept.

um breyting á gjaldskrá nr. 123 14. september 1946, fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

1. gr.

Í stað 2. mgr. í 1. Lendingar- og hafnargjöld, sem er svo hljóðandi: „Fyrir lendingar á sjó greiðast $\frac{2}{3}$ ofangreindra gjalda“ komi: Fyrir lendingar á sjó skal greiða sama gjald og að framan greinir fyrir lendingar á landi.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1951.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

172

14. sept.

fyrir vatnsveitu Kópavogshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hún felur umsjón vatnsveitunnar og eftirlit með henni.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Hreppsnefnd hefur

172 á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaks-
14. sept. árið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Þeir einir pípulagningameistarar, sem fengið hafa löggildingu bæjarráðs Reykjavíkur eða viðurkenningu Vatnsveitu Reykjavíkur og enn fremur viðurkenningu hreppsnefndar Kópavogshrepps mega annast þær vatnslagnir í götum og húsum í hreppnum, sem tengjast eiga við vatnsveitukerfið. Starfsmenn Vatnsveitu Kópavogshrepps svo og starfsmenn Vatnsveitu Reykjavíkur skulu hafa óhindraðan aðgang að húsalögnum til eftirlits og er þeim heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og þau tæki og mæla, sem sett kunna að verða í sambandi við þær. Þyki umsjónarmanni hreppsnefndar útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

5. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda að greiða sjálfur kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í húseign sína, halda þeim vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess, að þær séu svo um búnað, að ekki sé hætt á að frjósi í þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis hreppsnefndar, eða þess aðila, sem hún felur slökkvistarf í hreppnum. Sérstakt leyfi hreppsnefndar þarf til þess að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðar.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að ganga svo frá lögnum sínum, að fullnægjandi þyki að dómi umsjónarmanns, eða vanrækja að gera við leka í þeim pípum eða tækjum í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og fyrir þeim, sem ekki greiða gjöld til vatnsveitunnar á réttum gjalddaga, eða efni, vinnu og annað, sem vatnsveitan kann að leggja til vegna húsalagna þeirra. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir hús, þótt vatnsæðum sé lokað eða vatnsrennsli takmarkað vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra ástæðna.

8. gr.

Fyrir hvert íbúðarhús, sem fær vatn frá vatnsveitu hreppsins, skal greiða tengigjald, kr. 500.00 fyrir einbýlishús, kr. 200.00 fyrir aðra íbúð í húsi og kr. 100.00 fyrir hverja íbúð úr því.

Fyrir útihús, tilheyrandi íbúðarhúsi, svo sem gripahús, gróðurhús, smáverkstæði o. s. frv., sem vatnslögnin er lögð í frá einni og sömu heimtaug, greiðist eigi sérstaklega.

Fyrir hús önnur en íbúðarhús, sem sérstök heimtaug er lögð til, skal greiða tengigjald, kr. 500.00—1000.00, eftir mati hreppsnefndar.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

9. gr.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum og telst þá sérstakt hús sá hluti sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir í sér-eign, skal heildarupphæð tengigjalds skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna, er þeir eiga.

10. gr.

172

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar, 3.8% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 380.00 af hverri íbúð. Heimilt er hreppsnefnd að lækka skattinn, sé sýnt að tekjur vatnsveitunnar nemi meira en árlegum kostnaði af henni. Fyrir íbúðarhúsnæði eins og sama gjaldanda, sem er stærri en 130 m að gólfleti, að öllu meðtöldu, er heimilt að hækka skattinn hlutfallslega um allt að 50% fyrir hverja 130 m² sem fram yfir eru fyrstu 130 m².

14. sept.

Nú stendur íbúð ónotuð um hálf t. ár eða meira og má þá fella niður helming vatnsskatts.

11. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 10. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmíðjur og verkstæði, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkv. 1. mgr. skal innheimta eftir mati hreppsnefndar.

Nú sættir húseigandi eða vatnsskattsnotandi sig ekki við ákvörðun hreppsnefndar um aukavatnsskatt og getur hann þá krafizt þess, að matsnefnd um vatnsnot Kópavogshrepps, sbr. samning borgarstjórans í Reykjavík og hreppsnefndar Kópavogshrepps frá 21. okt. 1949, úrskurði ágreiningsatriði.

Hreppsnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa eða hafnarsjóðs í Kópavogshreppi, ef stofnaður verður, þó ekki undir kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra.

12. gr.

Vatnsskattur samkv. reglugerð þessari fellur í gjalddaga tvisvar á ári, hinn 15. apríl og 15. sept., helmingur skattsins í hvort sinn, og ber að greiða hann þá þegar innheimtumanni hreppsnefndar.

Vatnsskattur greiðist fyrir árið 1950 af þeim húsum, sem þá höfðu verið tengd við vatnsveituna.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

173
22. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörkun hafnarinnar.

1. gr.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir Siglufjörð innan línu, sem hugsast dregin úr Siglu-
nestá í Djúpavog norðan Landsenda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirstjórn
stjórnarráðsins.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni,
sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta,
og annast fjárhald hafnarinnar og reikningshald fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn velur hafnarvörð eftir tillögum hafnarnefndar.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnar-
nefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir.
Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, og setur þeim
erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til
þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar.

Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna
er hafnarnefnd setur til að halda reglu. Þykir einhverjum sér óréttur ger af starfs-
mönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun starfs-
mannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar,
ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar
eru framin.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavel skips-
ins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og
á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar 173
vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar var- 22. sept
úðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisoliu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta gömul skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar, og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

9. gr.

Ekki má kasta úthyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

Nú hafa bryggjur brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber eiganda að taka burt allar eftirstöðvar af bryggjunni, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að enginn hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lögtaki. Hafnarnefndin getur og krafizt þess, að allar bryggjur séu gerðar á þann hátt, að hætta geti ekki af þeim stafað, t. d. getur hún heimtað, að þiljur á bryggjum séu gerðar úr flekum, er taka megi af þegar þörf gerist. Bryggjueigandi ber alla ábyrgð á skaða þeim, sem brot úr bryggju hans kunna að valda á eignum annarra manna.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunum, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina, og má því ekki leggja neinu skipi nær bryggjum austan á eyrinni en svo, að á daginn liggja þau austan innsiglingarmerkjanna, sem eru merkjastaur á Leirunni í Leiruvita. Að nóttu til skulu þau liggja í grænu ljósi sama vita. Ekkert skip má leggjast á innri höfnina nema með sérstöku leyfi hafnarvarða og eftir þeirra tilvísun í hvert sinn, og skulu þau skip greiða 10 aura aukagjald af hverri nettó smálest.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumans eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

11. gr.

Í sérhverju skipi að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

173

22. sept.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpana. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skýlt er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Skýlt er skipum að sigla með hægri ferð innan bauju á Hvanneyrarrifi.

Ekki má hleyva vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggju hafnarinnar, í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum ferðaáætlunum, og flytja póst, leyft að leggja að bryggju þó önnur skip liggja þar fyrir, og skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skipa eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar, og í hvaða röð skip koma að bryggju.

Hafnarnefnd er heimilt að ákveða, að ekkert vöruflutningaskip, að undanskildum farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum og ákveðnum ferðaáætlunum, megi sigla að bryggjum hafnarinnar og innan hafnarbryggju nema eftir leiðsögn frá höfninni. Sama gildir um erlend fiskiskip.

Leiðsögugjald slíkra skipa skal þá vera sem hér segir:

Fyrir skip allt að 1000 rúmlestir	kr. 25.00
— — 1000—2000	—	— 35.00
— — yfir 2000	—	— 50.00

Leiðsögugjald þetta rennur í hafnarsjóð.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma og afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skýlt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis bryggjunnar eða bátanna, svo að

ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz 173
bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. 22. sept.

Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar sem hafnarvörður visar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið; farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni og eiganda skips.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi eigi höfnina. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frest, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eigenda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum er enn fremur brot á hafnarreglugerðinni. Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó að það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skytt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Um lestagjald og ljósgjald.

22. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja smálest.
- b. Innland fiskiskip greiða 30 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 8 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip,

173
22. sept.

skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita til hafnar vegna sjóttjóns, er sannast í sjóprófi, skulu greiða 50 aura í lestagjald fyrir hverja smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 12.00. Strandferðaskip ríkisins greiði þó einungis 20 aura fyrir hverja nettó smálest, og skip Eimskipafélags Íslands 45 aura fyrir hverja nettó smálest, hvort tveggja án viðbótargjalds.

- d. Af íslenskum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald 75 aura af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenskum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenskum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef leyft yrði að safna í sig síld til verksmiðjuíðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

23. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur á höfninni en 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningskip, sem bíða eftir síldarfarmi, og búsettur maður, eða maður sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefur á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyrir en eftir 10 daga.

Nú er skip veðurteppt, og telst sá tími ekki með.

24. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósgjald sem hér segir:

- a. Skip, sem getið er um í 22. gr. a., greiði 10 kr. á ári.
b. Skip, sem getið er um í 22. gr. b., skulu greiða í hvert skipti er þau koma til hafnar, gjald af nettó smálest, sem hér segir:

Skip allt að 20 smálestir	kr. 3.00
Skip, 20 smálestir og þar yfir	— 4.00

- c. Önnur skip greiða sem hér segir:

Skip undir 100 smálestir	— 5.00
Skip frá 100—200 smálestir	— 10.00
Skip yfir 200 smálestir	— 30.00

Þó greiða farþegaskip yfir 200 smálestir 1 eyri af smálest í hvert skipti.

25. gr.

Bátar allt að 12 smálestir brúttó, greiði sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald kr. 2.00, en bátar frá 12—25 smálestir brúttó greiði kr. 3.00 í hvert skipti, sem þeir leita hafnar.

Vélbátar, 5 smálestir og minni, sem heima eiga á Siglufirði, greiði kr. 5.00 árlegt gjald.

26. gr.

Innlend skip, sem lagt er í vetrarlægi á höfninni, greiði 25 aura fyrir hverja smálest á ári. Útlend skip greiði 1 kr. fyrir hverja smálest á mánuði.

VIII. KAFLI

Um bryggjugjald.

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs: 27. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald, 12 aura af nettósmálest skipsins. Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti sé sleppt.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólar- **173**
hring, sama af smálest, þó aldrei minna en 6 krónur.

22. sept.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b. Gjald af bryggjum einstakra manna:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af fiskiskipum.

Flutningaskip greiði hálf bryggjugjald.

Skipstjóri skips, sem fer frá bryggju án þess að greiða bryggjugjald, er sekur um brot á hafnarreglugerðinni.

IX. KAFLI

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar segir.

Vörugjaldið greiðist, hvort sem vörunum er skipað á land eða í skip á Siglu-
fjarðarhöfn.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem eru úr herskipi eða í herskip.

31. gr.

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta gjaldkera í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki gjaldkera ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið af þeirri sendingu eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri sendingu er 50 aurar.

32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur, og gjald greiðast eins og þar segir:

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjar-
stjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

33. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, korn og mjölvara, sykur (annar en strásykur), kartöflur

173
22. sept.

- og annar garðávöxtur, rófur, kálmeti og þess háttar, saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl og lýsi.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
Alls konar óunnið járn, eldfastur steinn og leir, eldavélar, þvottapottar með eldstó, miðstöðvarefni, járnþípur, bárujárn, saumur, timbur (sem reiknað er eftir þyngd), gólf- og veggflisar, blý, vír, vírnet, akkeri, kaðlar, kitti, menja, þakpappi, vélar, varahlutar til véla, heyvinnuvélar, plógar, herfi, fódurbætir, kalk, tilbúinn áburður, gærur, skinn, ull, svo og aðrar vörur, sem ekki eru á öðrum stað taldar upp í skrá þessari.
 3. flokkur: Gjald 80 aurar af hverjum 100 kg:
Olía, benzín, feiti, smjörliki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, garn, línur og önglar, freðsild.
 4. flokkur: Gjald 20 aurar af hverjum 10 kg:
Strásykur, málningarvörur og efni til málunar, lakk, lím, gibs, veggfóður, essensar, sýrur, kork- og korkvörur, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmí- og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, oliufatnaður, útgerðarvörur, svo sem net, nætur, bátar o. fl. þess háttar.
 5. flokkur: Gjald 40 aurar af hverjum 10 kg:
Hvers konar krydd, niðursuðuvörur, blikkvörur, hjólhestar, varahlutir til þeirra, tin, zink og þess háttar, ger og efni í það, verkfæri alls konar, s. s. smíðatól, skóflur, hakar o. þ. h., þrjónavörur, saumavélar, skilvindur, smá iðnaðarvélar o. þ. h., hreinslætisvörur s. s. þvottaefni, sódi, sápur, skó-, gólf- og húsgagnáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur, smá járnvörur svo sem skrár, lamir, lykklar o. þ. h., eldhúshöld, barnavagnar, leður, leðurvörur, ávextir, bökunarvörur, lyfjavörur, kaffi, kaffibætir.
 6. flokkur: Gjald 100 aurar af hverjum 10 kg:
Rafmagsvörur og áhöld, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smá hljóðfæri, hljómvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófátnaður úr öðru en gúmmí, almennur hvers konar fatnaður, klukkur, mælar, símar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakóduft, te, húsgögn, dívanar og efni til bólstrunar, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn og þess háttar.
 7. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus, ilmvötn og aðrar snyrtivörur.
 8. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
 9. flokkur: Gjald 10 aurar af hverju teningsfeti:
Trjávörur og allar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
 10. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hverja tunnu:
Kverkuð og hausskorin saltsild og matjessild.
 11. flokkur: Gjald 75 aurar fyrir hverja tunnu:
Öll önnur síld.
 12. flokkur: 30 aurar fyrir hvert mál:
Öll síld í bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðar-kaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.
 13. flokkur: Gjald 400 aurar fyrir hvert stykki:
Nautgripir, sauðkindur, hestar, geitur, loðdýr.
 14. flokkur: Gjald 3 aurar fyrir hver 500 kg:
Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem er skipað upp í höfninni. Enn fremur 20 aurar fyrir hver 100 kg af nýrri síld, sem skipað er upp í höfninni til söltunar eða frystingar.

15. flokkur: Gjald 450 aurar fyrir hvert tonn:

Brennsluólía (fuelolía). — Gjald þessa flokks innheimtist án viðauka.

173

22. sept.

34. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips ber ábyrgð á, að vörugjalds-skyldar vörur séu ekki afhentar, fyrr en vörugjaldið er greitt, og hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum unz vörugjaldið er að fullu greitt, og í skipi unz hafnargjald er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnargjaldkera eftir tillögum hafnarnefndar. Hann sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

36. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjaldanna og má taka gjöldin lögtaki hjá skipstjóra, útgerðarmanni eða formanni skips. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni eða ef eigi næst í hann, ber eigandi hennar ábyrgð á greiðslu gjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá honum. Hafnargjöld hvila sem lögveð á skipunum.

Gjöldin skulu greidd í hvert skipti, sem skip hafna sig á höfninni eða leggjast við bryggju, þó getur gjaldkeri leyft skipum, sem stunda veiðar frá Siglufirði að borga öll gjöldin í einu, áður en þau fara, og ber þeim að semja um það við gjaldkera fyrirfram.

Nú hefur lögreglustjóri tekið skipsskjöl í sínar vörzlur til tryggingar greiðslu lögmætra gjalda í rikissjóð og er honum þá óheimilt að láta skjölin af hendi nema sýnd sé kvittun frá gjaldkera hafnarsjóðs Siglufjarðar, er sýni að öll gjöld skips til hafnarsjóðs hafi verið að fullu greidd.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni, án þess að borga lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá gjaldkera, hefur gert sig sekan um brot á reglugerð þessari, og fer um það brot sem önnur brot á reglugerðinni.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur rís síðar um, hve oft skipið hafi hafnað sig á höfninni, og skal þá farið eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

173

22. sept.

39. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörumagn, enda sé ekki um að kenna afsakanlegu gáleysi, og skal þá greiða ferfalt vörugjald og sekt, fyrir brot á hafnarreglugerðinni, nema um þyngri refsingu sé að ræða að lögum.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Hafnarvörður er réttur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gert aðra skipun.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn. Löglega ákveðnar skaðabætur má taka lögtaki.

41. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnargjaldkeri tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

43. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema leyfi landeiganda og hafnarvarðar komi til.

Beitutaka er bönnuð innan takmarka hafnarinnar, sbr. 1. gr., enn fremur að leggja lóðir eða veiða með dragnót, nema með leyfi hafnarvarðar.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

46. gr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni innheimtast með 50% viðauka, sbr. þó 33. gr. 15. tl.

47. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 61 18. júlí 1928, ásamt síðari breytingum, nr. 73 15. ágúst 1930, nr. 95 28. júlí 1938, nr. 79 26. maí 1942, nr. 17 3. febrúar 1947, nr. 94 7. júlí 1949, nr. 201 19. desember 1949 og nr. 145 6. júlí 1950.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1950.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

174

27. sept.

um breyting á lyfsöluskrá I, frá 15. marz 1951.

Frá og með 1. október 1951 og þar til öðruvísi verður ákveðið hækkar um 10% verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I frá 15. marz 1951, einnig verð á ílátum og umbúðum, svo og vinnu við lyfjagerð.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. september 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

175

27. sept.

fyrir Menntaskóla.

I. KAFLI

Markmið skólanna og skipulag.

1. gr.

Markmið skólanna er að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

2. gr.

Í skólunum eru 4 ársbekkir, og greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild.

3. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir konur sem karla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólana.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldurs-ákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum;
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram fæðingarvottorð, vottorð um miðskólapróf og önnur vottorð, sem skólastjóri kann að æskja.

6. gr.

Þeir einir geta fengið inngöngu í skólana, er lokið hafa miðskólaprófi bóknámsdeildar með þeirri einkunn, sem tilskilin er, sbr. reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild. En leyfi ekki húsrúm menntaskólanna að við öllum sé tekið, er slíka

175 einkunn hljóta, getur skólustjóri með samþykki menntamálaráðuneytisins ákveðið 27. sept. hærri lágmarkseinkunn til inntöku í skólann eitt skólaár í senn.

7. gr.

Veita má nemendum inntöku í aðra bekk skólanna en neðsta bekk, enda sýni þeir með prófi eða skilríkjum, er skólustjóri metur gild, að þeir hafi hlotið til þess nægilegan undirbúning.

III. KAFLI

Um kennslu og námsefni.

8. gr.

Í skólunum skal kenna: íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu, félagsfræði og trúarbrögð, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, stjörnufræði, bókfærslu, leikfimi og söng. — Heimilt er stjórnnum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

9. gr.

Skipta skal námsgreinum á milli bekkja sem næst því, er hér segir:

	1. b. st.	2. b. málad. st.	2. b. stfrd. st.	3. b. málad. st.	3. b. stfrd. st.	4. b. málad. st.	4. b. stfrd. st.
Íslenzka	5	4	4	4	4	4	4
Danska	4	4	3	0	0	0	0
Enska	5	5	4	4	0	5	0
Þýzka	4	3	4	3	4	4	0
Franska	0	0	0	5	4	6	5
Latína	0	6	4	6	0	6	0
Saga, félagsfræði og trúarbrögð	3	3	0	3	4	3	4
Náttúrufræði	0	3	3	3	3	3	3
Eðlis- og efnafræði	3	2	4	0	7	0	7
Stærðfræði	6	2	6	4	6	0	6
Stjörnufræði	0	0	0	0	0	0	2
Bókfærsla	2	0	0	0	0	0	0
Leikfimi	3	3	3	3	3	3	3
Söngur	1	1	1	1	1	1	1
Samtals	36	36	36	36	36	35	35

10. gr.

Heimilt er að skipta námsgreinum á annan veg, t. d. dögum eða vikum, ef hentara þykir, enda haldist sama hlutfall milli námsgreina, sem hér er gert ráð fyrir.

Námsefni og markmið kennslu skal vera sem hér segir:

1. Íslenzka: Námið greinist í þrennt:

a. *Íslenzk málfræði og vandlega lesnir textar.* Í málfræði skal nema sem hér segir: Ágrip af íslenzkri hljóðfræði, hljóðbreytingafræði, beygingafræði, orðmyndunarfræði, merkingarfræði og auka lítils háttar við þá setningafræði, sem numin er til landsprófs. Vandlega lesna texta skal velja með hliðsjón af því, að orðaforði nemenda aukist og þeir kynnist helztu aðferðum við textaskýringar. Textarnir skulu valdir bæði úr fornþókmenntunum og þókmenntum síðari alda, einkum 19. aldar.

b. *Efnislega lesnir textar og þókmenntasaga.* Nemendur skulu nema ágrip af

islenzkri bókmenntasögu frá upphafi til vorra daga. Þeir skulu einnig lesa 175 allmikið í sambandi við bókmenntasögunámið, þar á meðal heil ritverk, og 27. sept. kynna sér efni þeirra, hugsun og stefnu höfunda.

- c. *Íslenzk ritgerð.* Nemendur skulu gera ritgerðir, svo oft sem þurfa þykir, bæði almenns eðlis og fræðilegs. Skal kennslan miða að því, að nemendur geti látið hugsanir sínar í ljós á skýran og skipulegan hátt á vönduðu máli. Keppa skal og að því, að stafsetningu og greinarmerkjasetningu sé sem minnst ábótavant. Á stúdentsprófi skulu nemendur mega velja um þrjú ritgerðarefni, og sé eitt almenns efnis, eitt sögulegs efnis og eitt náttúrufræðilegt.
2. **Danska:** Nemendur skulu læra að lesa málið með góðum framburði og tala það og rita sæmilega. Þeir skulu lesa svo mikið af dönsku máli, óbundnu og bundnu, aðallega nútíðarmáli, að þeir verði vel læsir á nútíðarbókmenntir Dana. Þeir skulu kynnast ýmsum tegundum ritaðs máls, svo að þeir geti orðið læsir á algengar danskar fræðibækur. Jafnframt skulu þeir fræðast um merkustu rithöfunda Dana á seinni tímum. Enn fremur skulu þeir læra ágríp danskrar málfræði. Skriflegar æfingar skulu gerðar í því skyni, að nemendur geti villulítið snúið úr íslenzku á dönsku stuttum kafla, hæfilega þungum, og samið stutta ritgerð á dönsku almenns efnis.
- Gefa skal nemendum kost á að kynnast norsku og sænsku nútíðarmáli, eftir því sem tími vinnst til.
3. **Enska:**
- a. Í máladeild: Nemendur skulu lesa svo mikið af ýmiss konar ensku máli, einkum óbundnu nútíðarmáli, að þeir verði sæmilega læsir á ensku. Þeir skulu og nema góðan framburð og meginatriði enskrar málfræði. Talæfingar skulu þeir hafa eftir þörfum og einn stíl eða ritgerð á viku í hverjum bekk. Síðari árin skulu þeir hraðlesa einhverj ensk rit undir umsjón kennara.
- b. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu lesa svo mikið af venjulegu ensku nútíðarmáli, aðallega óbundnu máli, að þeir geti kallazt sæmilega læsir á ensku. Þeir skulu og nema góðan framburð og helztu atriði enskrar málfræði. Talæfingar og stíla skulu þeir hafa, eftir því sem við verður komið.
4. **Þýzka:** Nemendur skulu lesa svo mikið af ýmiss konar þýzku máli, óbundnu og bundnu, að þeir verði sæmilega læsir á almennt nútíðarmál. Þeir skulu læra góðan framburð og meginatriði þýzkrar málfræði. Enn fremur skal hafa talæfingar, endursagnir eða annað því líkt, eftir því sem tími vinnst til.
- Nemendur skulu gera skriflegar æfingar öðru hverju, einkum til styrktar málfræðináminu, en þó einnig almenns eðlis. Auk þess má, einkum í máladeild, láta nemendur gera nokkrar léttar ritgerðir, annað hvort heima eða í kennslustundum með orðabók.
5. **Franska:** Nemendur skulu læra góðan framburð á málinu og meginatriði franskrar málfræði. Þeir skulu lesa svo mikið í frönsku máli, að þeir verði sæmilega læsir á franskar bækur almenns efnis. Svo skal og hafa nokkrar æfingar í kennslustundum, munnlegar eða skriflegar, eftir því sem tími vinnst til.
6. **Latína:**
- a. Í máladeild: Nemendur skulu lesa svo mikið, einkum af óbundnu máli latnesku, aðallega gullaldarmáli, að þeir geti skilið auðveld rit latnesk í óbundnu máli. Skulu þeir ná festu í beygingafræði og læra helztu atriði setningafræðinnar. Einnig skulu þeir vandir við að finna skyldleika latneskra orðstofna og orða eða orðstofna í nýju málunum.

Nemendur skulu gera skriflegar æfingar öðru hverju til styrktar málfræðináminu, og í efsta bekk má verja til þess 1 stund á viku hverri.

- b. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu læra vel beygingafræðina og kynnast helztu frumgreinum setningafræðinnar. Til styrktar málfræðináminu skulu þeir lesa eins mikið í óbundnu máli latnesku og tími vinnst til. Nemendum skal bent á latneska orðstofna í nýju málunum, einkum í fræðiorðum, eftir því sem tók eru á.

Til stuðnings málfræðináminu má hafa skriflegar æfingar öðru hverju.

7. **Saga, félagsfræði og trúarbrögð:** Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir sögu íslensku þjóðarinnar frá elztu tímum í sambandi við almenna sögu. Þeir skulu og nema almenna mannkynssögu. Einkum skal lögð áherzla á, að þeir fái glöggan skilning á andlegri, efnalegri og félagslegri þróun og geti rakið helztu söguleg orsakasambönd. Bæði í Íslandssögu og almennri sögu skal einkum lögð áherzla á tímabilið frá miðri 18. öld til vorra daga.

Í félagsfræði skulu nemendur fá yfirlit yfir stjórnarskipun Íslands, stjórn sveita og bæja og skipulag atvinnumála, fjármála og félagsmála. Auk þess skulu þeir, eftir því sem tími vinnst til, kynnast stjórnarskipun ýmissa annarra menningarrikja.

Nemendur skulu kynnast helztu trúarbrögðum og þróun þeirra, með sérstöku tilliti til kristinnar.

8. **Náttúrufræði:** Nemendur skulu kynnast merkustu lögmálum og fyrirbrigðum náttúrunnar og fá skilning á gildi náttúruvísindanna fyrir atvinnuhætti manna og líf. Þeir skulu nema ágríp af: 1) jarðfræði, einkum almennri jarðfræði, 2) eðlisfræði lofts og sjávar, hvort tveggja með sérstöku tilliti til Íslands, 3) lífeðlisfræði, með tilliti til heilsufræði, 4) almennri líffræði.

Við kennsluna skal áherzla lögð á að glæða athyglisgáfu nemenda, hvetja þá til sjálfstæðrar athugunar og kynna þeim helztu rannsóknartæki og rannsóknaraðferðir. Í því skyni skulu haldin námskeið á þeim tíma, er hentastur þykir, til þess að nemendur geti safnað náttúrugripum og rannsakað þá undir handleiðslu kennara.

9. **Eðlisfræði og efnafræði:**

a. Í 1. bekk: Efnafræði: Nemendur skulu læra um atóm og molekul og verða leiknir í að nota tákniál efnafræðinnar um einfaldar efnabreytingar og reikna út þyngdarhlutföll og rúmmálshlutföll. Þeir skulu og læra um eðli efna og efnabreytingar. Kennslan skal styðjast við tilraunir, er nemendur hafi séð eða sjálfir gert, eftir því sem við verður komið.

b. Í máladeild: Eðlisfræði: Nemendur skulu læra ágríp af varmafræði og rafmagnsfræði og gera einfaldar mælingar. Þeir skulu og fá fræðslu um helztu aflvélar og rafmagnsvélar.

c. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu öðlast þekkingu á lögmálum náttúrunnar, gildi náttúruvísindanna fyrir menningu nútímans og fá nokkra æfingu í starfsháttum tæknivísinda. Nýjungar í eðlisfræði skulu teknar til meðferðar, eftir því sem hentugt kann að þykja.

I. Efnafræði: Nemendur skulu læra um helztu frumefni og merkustu sambönd þeirra. Skulu einkum teknar til meðferðar efnabreytingar og sambönd, er hafa hagnýtt gildi eða henta þykja til æfinga og aukins skilnings á kemískum lögmálum (theoretiskri efnafræði).

II. Eðlisfræði: Nemendur skulu læra allýtarlegt ágríp af mekanískri eðlisfræði, varmafræði, ljósfræði og rafmagnsfræði. Skal kennslan öll styðjast við tilraunir, eftir því sem við verður komið, enda sé og nokkrum

hluta kennslutímans varið til verklegra æfinga og mælinga, er nemendur 175
geri sjálfir með leiðsögn kennara. 27. sept.

10. Stærðfræði:

- a. Í 1. bekk: Farið skal rækilega yfir meginatriði námsefnis miðskólanna. Enn fremur skal lærð rúmfræði og nokkur undirstöðuatriði hornafræði.
- b. Í máladeild: Lesið skal framhald af algebru miðskólastigsins og ágríp af hagnýtri stærðfræði.
- c. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu læra rækilega um reellar tölur, föll og einfaldar rúmmyndir og fá leikni í talnareikningi og meðferð stærðfræðilegra formúlna. Skal læra algebru og geometríu og allýtarlegt ágríp af hornafræði, analytískri geometríu og differential- og integralreikningi.

11. Stjörnufræði: Nemendur skulu læra um stjörnuhimininn og hreyfingu himinhnatta og fá nokkra fræðslu um eðli þeirra og ástand. Þeir skulu og kynnst merkustu mælingaraðferðum og mælitækjum stjörnufræðinnar.

12. Bókfærsla: Nemendur skulu læra um algengustu viðskipti og reikningsfærslur verzlana og kynnst algengustu hagfræðihugtökum. Þeir skulu læra tvöfalt bókfærslukerfi og fá leikni í að færa í dálkabók bæði algeng viðskipti og byrjunar- og lokafærslur og kunna að gera yfirlit um efnahag, tap og gróða. Enn fremur skulu þeir kynnst helztu bókum einfaldrar bókfærslu og vita í höfuðdráttum, hvernig reikningar eru gerðir.

13. Leikfimi: Nemendur skulu iðka líkamsæfingar eftir vísindalegu kerfi, svo og íþróttir og leiki, eftir aldri þeirra og þroska. Skal leggja áherzlu á að halda við og efla líkamsþroska nemenda, vinna á móti óhollum vanastellingum, herða skap og vilja, fegra limaburð og fas og vekja áhuga og skilning á líkamsrækt og hreinlæti. Allir nemendur skulu læra sund.

Gæta skal þess, þá er stundaskrá er samin, að fimleikastundum sé komið fyrir á svo hentugan hátt sem unnt er.

14. Söngur: Nemendur skulu læra helztu undirstöðuatriði söngfræðinnar. Þeir skulu og æfdir, eftir því sem þeir hafa hæfileika til, bæði í einrödduðum og margrödduðum söng.

Vali lestrarefnis í erlendum málum skal misjafnlega hagað í máladeild og stærðfræðideild eftir eðli og markmiði deildanna. Í stærðfræðideild skal leggja minni áherzlu á málfræði, en fremur leitast við að gera nemendur færa um lestur fræðibóka.

Að öðru leyti skulu stjórnir skólanna kveða nánar á um námsefni: kennslubækur og blaðsíðufjöldi í hverri grein.

11. gr.

Leitast skal við að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð, t. d. notkun handbóka og annarra fræðibóka, ýmiss konar rannsóknir og tilraunir. Eftir því sem ofar kemur í skólann, skal draga úr beinum yfirheyrslum, t. d. nákvæmum þýðingum úr erlendum málum í hverri kennslustund, en fá nemendum jafnframt frjálsari viðfangsefni, sem þeir vinna að með leiðsögn kennara.

12. gr.

Flytja skal utan kennslustunda erindi um ýmis efni, er megi verða nemendum til fróðleiks og hollrar skemmtunar.

Til þessa má fá fyrirlesara utan skólans, og er heimilt að greiða kostnað við það af óvissum útgjöldum skólanna.

175

27. sept.

Kennslan skal í hvívetna miða að því að glæða sjálfstæða hugsun og siðgæðisþroska nemenda.

13. gr.

14. gr.

Kennarar skulu, hver í sinni kennslugrein, leitast við að venja nemendur á að setja hugsanir sínar fram skýrt og skipulega á góðri íslenzku, hvort heldur er í ræðu eða riti.

15. gr.

Skólastjórn skal gæta þess, að námsþoli nemenda sé ekki ofboðið með mikilli vinnu. Einkum ber að hafa þetta í huga, þegar ákveðin eru próf eða skriflegar æfingar, sem krefjast mikils undirbúnings.

IV. KAFLI

Um próf.

16. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi 1., 2. og 3. bekkjar og burtfararpróf, er nefnist stúdentspróf, að loknu námi 4. bekkjar.

Árspróf skulu haldin seinni hluta máímánaðar og stúdentspróf fyrri hluta júní-mánaðar. Skólastjórnir kveða á um upplestrarleyfi.

Lokapróf í þeim námsgreinum, sem ekki eru kenndar í efsta bekk hvorrar deildar, teljast til stúdentsprófs, enda séu þau háð sömu reglum og eftirliti. Þau skulu haldin eins og hér segir:

a. Í 1. bekk: Í bókfærslu.

b. Í 2. bekk: Í dönsku og eðlisfræði í máladeild, en dönsku, ensku og latínu í stærðfræðideild.

c. Í 3. bekk: Í stærðfræði í máladeild, en þýzku í stærðfræðideild.

A. Árspróf.

17. gr.

Árspróf skal sýna, hvort nemandi hafi öðlazzt nægilega þekkingu og þroska til þess að flytjast upp í næsta bekk.

18. gr.

Þeir, sem staðizt hafa árspróf bekkjar, hafa rétt til að halda áfram námi í næsta bekk fyrir ofan. Þó getur skólastjórn synjað nemanda um uppflutning, ef vist hans í skólanum er talin skaðleg fyrir stofnunina.

Nú hefur nemandi setið 2 ár í sama bekk og stenztt ekki árspróf bekkjarins. Skal honum þá ekki leyfð vist í skólanum lengur.

19. gr.

Árspróf er munnlegt eða skriflegt (verklegt).

Skólastjórn getur ákveðið, að í stað munnlegs prófs komi skriflegt próf í tilteknum greinum eða öllum.

20. gr.

Einkunnir í greinum, þar sem árspróf telst stúdentspróf, skulu einnig taldar til fullnaðareinkunnar við árspróf. Hins vegar skulu einkunnir í bókfærslu eigi hafa áhrif á fullnaðareinkunn við stúdentspróf.

21. gr.

Til þess að standast árspróf þarf fullnaðareinkunnina 5.00 eða meira.

Þó má leyfa nemanda með lægri einkunn að setjast í næsta bekk fyrir ofan

sem óreglulegum nemanda, ef hann hefur frábæra hæfileika í einhverri grein, enda komi til einróma samþykki stjórnar skólans.

175

27. sept.

B. Stúdentspróf.

22. gr.

Stúdentspróf skal sýna, hvort nemandi hafi öðlazzt þá þekkingu og þann þroska, er lög skólanna og reglugerð mæla fyrir.

23. gr.

Rétt til þess að þreyta stúdentspróf hafa þeir, er staðizt hafa miðskólapróf í bóknámsdeild með tiltekinni lágmarkseinkunn, sbr. 6. gr. Skólastjórn getur krafizt þess, að utanskólanemendur leggi fram námsskilríki, er hún metur gild.

Líða skulu að jafnaði 4 ár milli miðskólaprófs og stúdentsprófs. Þó getur skólastjórn, ef ástæða er til, leyft nemanda að þreyta stúdentspróf eftir styttri eða lengri tíma.

24. gr.

Stúdentspróf er munnlegt og skriflegt (verklegt).

Prófa skal bæði munnlega og skriflega (verklega) í íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og latínu í máladeild, en í íslenzku, dönsku, stærðfræði og eðlisfræði í stærðfræðideild.

Skrifleg próf skulu vera þannig: Í íslenzku: ritgerð, og fáí nemendur að velja á milli eigi færri en þriggja verkefna; í dönsku: þýðing úr íslenzku á dönsku og ritgerð á dönsku; í ensku: still eða (og) ritgerð; í þýzku: still eða (og) ritgerð; í latínu: þýðing úr latínu lesinni og ólesinni og still; í eðlisfræði og efnafræði: tilraunir og skrifleg greinargerð; í stærðfræði: verkefni úr ólesinni stærðfræði.

Stjórnir skólanna ákveða, hvort próf í öðrum greinum skuli vera munnlegt eða skriflegt (verklegt).

25. gr.

Skytt er hverjum nemanda að ljúka stúdentsprófi í öllum þeim greinum, sem kenndar eru í skólanum, nema söng. Þó getur skólastjóri veitt nemanda undanþágu frá prófi í leikfimi, ef gildar ástæður eru til, að dómi skólalæknis.

Kennari getur, með samþykki skólastjórnar, leyft innanskólanemendum að sleppa til prófs nokkru af námsefni í sinni grein, einkum því, er þeir hafa lokið ársprófi í.

V. KAFLI

Önnur ákvæði um próf.

26. gr.

Miða skal próf við námstilhögun og kröfur í hverri grein. Í málum og stærðfræði má prófa í ólesnu efni, munnlega eða skriflega, enda sé efnið valið í samræmi við það, sem lesið hefur verið.

27. gr.

Nú getur nemandi ekki þreytt próf sakir veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólastjórn leyft honum að ljúka prófi í öllum eða tilteknum greinum í byrjun næsta skólaárs.

28. gr.

Skólastjórn getur flutt nemendur með háa árseinkunn upp úr bekk próflaust, ef gildar ástæður eru til. Á sama hátt getur hún fellt niður árspróf í tilteknum námsgreinum.

175

27. sept.

Umsóknir um leyfi til þess að þreyta próf skulu komnar til skólastjóra fyrir 1. maí.

Nemendur skólanna þurfa ekki að senda slíkar umsóknir.

30. gr.

Kennarar skólanna prófa hver í sinni grein.

Prófdómara við árspróf skipar skólastjóri úr hópi kennara.

Við stúdentspróf dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar, einn í hverri grein, skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum háskólaráðs og skólastjóra. Prófdómarar við stúdentspróf skulu velja skrifleg prófverkefni í samráði við kennara og afhenda þau skólastjóra í tæka tíð.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðan prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn. Ef ágreiningur verður um einkunn, hvort heldur er fyrir munnlega eða skriflega úrlausn, skal taka meðaltal einkunna kennara og prófdómara.

31. gr.

Öllum er heimilt að hlusta á munnleg próf, enda trufla þeir á engan hátt prófið.

32. gr.

Allir þeir, er þreyta stúdentspróf, skulu greiða prófgjald, er skólastjórnir ákveða. Rennur það í Skólasjóð (Rvk.) og Nemendasjóð (Ak.).

33. gr.

Við skrifleg próf má nota þau gögn ein, er skólastjórn leyfir.

Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp við próf, hafa fyrirgert rétti til þess að ljúka prófi í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en skrifleg próf hefjast.

34. gr.

Við skrifleg próf annast skólarnir eftirlit. Við stúdentspróf hafa prófdómarar rétt til eftirlits.

35. gr.

Við skrifleg árspróf skal ætla hverri grein 1—3 stundir. Þó má ætla íslenzku og skriflegri stærðfræði allt að 4 stundum.

Við skriflegt stúdentspróf skal ætla hverri grein 3—4 stundir. Þó er heimilt að ætla íslenzkri ritgerð allt að 6 stundum.

36. gr.

Við árspróf má hafa tvö skrifleg próf á dag, en við stúdentspróf eitt.

37. gr.

Nemendur, er lokið hafa stúdentsprófi, skulu fá vottorð, er sýni einkunnir þeirra í einstökum greinum, svo og fullnaðareinkunn. Nemendur, er hverfa úr skóla án þess að ljúka stúdentsprófi, eiga rétt á að fá vottorð, er sýni einkunnir þeirra við síðasta árspróf, sem þeir hafa lokið í skólanum, eða síðustu námseinkunn.

VI. KAFLI

Um einkunnagjafir og einkunnir.

175

27. sept.

38. gr.

Kennarar skólanna skulu gefa nemendum einkunnir hver í sinni grein einu sinni eða tvisvar á vetri. Einkunnir þessar nefnast námseinkunnir, og eru þær bráðabirgðadómur kennara um kunnáttu nemenda og framfarir. Skulu þær birtar nemendum eða forráðamönnum þeirra. Á sama hátt skulu kennarar gefa nemendum einkunnir í lok kennslunnar ár hvert. Nefnast þær árseinkunnir og er úrslitadómur kennara um kunnáttu nemenda og afköst. Nú fullnægja ekki árseinkunnir nemenda þeim skilyrðum, sem sett eru um uppflutning úr bekk, og skal honum þá óheimilt að þreyta árspróf á því ári, nema leyfi skólastjórnar komi til.

39. gr.

Námseinkunnir og árseinkunnir skal gefa nemendum í öllum greinum, sem þeir læra í skólunum, nema söng. Þó skal eigi gefa nemendum, sem undanþegnir eru námi í leikfimi, einkunn í þeirri grein.

Námseinkunn og árseinkunn skal vera tvöföld í sömu greinum sem við árspróf og stúdentspróf (sbr. 40. gr.).

40. gr.

Gefa skal tvær einkunnir, aðra fyrir munnlega frammistöðu eða skriflega úrlausn á lesnu efni, en hina fyrir skriflega úrlausn á ólesnu efni í þessum greinum:

- a. Í íslenzku við árspróf 1. bekkjar.
- b. Í íslenzku og ensku við árspróf og stúdentspróf máladeildar.
- c. Í íslenzku og stærðfræði við árspróf og stúdentspróf stærðfræðideildar. Fyrir verklega eðlisfræði skal gefa árseinkunn.

Í öðrum greinum skal gefa eina einkunn. Þar, sem kennsla í þeim er bæði munnleg og skrifleg, skal taka jafnt tillit til hvors tveggja.

Skólastjórnir geta með samþykki menntamálaráðuneytisins ákveðið, að einkunnir í munnlegri (lesinni) íslenzku á stúdentsprófi skuli vera tvær, önnur fyrir málfræði og vandlega lesna texta, en hin fyrir bókmenntasögu og texta, sem lesnir eru í sambandi við hana, enda séu námseinkunn og árseinkunn gefnar á sama hátt.

41. gr.

Við stúdentspróf skulu kennarar í sameiningu gefa skólanemendum einkunn fyrir hegðun (og stundvísi). Einkunn þessi hefur ekki áhrif á fullnaðareinkunn.

42. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 1 til 10, heilum tölum og fimmtu hlutum. Tíundu hlutar geta komið fram sem prófseinkunn við samanburð á einkunnum prófdómara og kennara. Gefa skal og einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu, enda fellir hún, sbr. 44. gr.

43. gr.

Fullnaðareinkunn skólanemenda er meðaltal af meðalárseinkunn og meðalprófs-einkunn þeirra, og skal finna hana þannig, að tekið sé fyrst meðaltal árseinkunna og meðaltal prófseinkunna og síðan meðaltal þeirra meðaltala. Meðaltöl þessi skal reikna með 2 aukastöfum (decimölum).

Nú fellur niður próf í tilteknum greinum, sbr. 28. gr., og skal þá árseinkunn nemenda í þeim greinum einnig talin sem prófseinkunn.

Fullnaðareinkunn utanskólanemenda er meðaltal prófseinkunna þeirra reiknuð með 2 aukastöfum.

175

27. sept.

Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5.00. Þó stenzst enginn próf, er fengið hefur 0 í einni grein (né 1 í fleiri greinum en einni).

Fullnaðareinkunnirnar	5.00—5.99	teljast þriðja einkunn.
—	6.00—7.24	— önnur einkunn.
—	7.25—8.99	— fyrsta einkunn.
—	9.00—10.00	— ágætiseinkunn.

Skólastjórn setur nánari fyrirmæli um það, hvernig beita skuli einkunnastiga þessum, og má þar kveða á um lágmarkskröfur til kunnáttu í einstökum námsgreinum eða setja reglur um, að léleg kunnátta í fleiri en einni grein skuli teljast ófullnægjandi, á líkan hátt og afleit kunnáttu í einni, samkv. 1. málsg. þessarar greinar.

45. gr.

Rita skal í löggilta einkunnabók námseinkunnir, árseinkunnir og prófseinkunnir, meðaltölu þeirra og fullnaðareinkunn, og einkunnir fyrir hegðun.

Á stúdentsprófsskírteini skal rita árseinkunnir og prófseinkunnir, fullnaðareinkunn og einkunn fyrir hegðun.

VII. KAFLI

Um stjórn skólanna og starfsmenn.

46. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólanna.

47. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar hafa með höndum stjórn hvors skóla um sig. Fastir kennarar skulu skipaðir af forseta Íslands og hafa lokið fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra kennara, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Undanþágu frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur.

Tölu fastra kennara skal miða við, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild.

Fastir kennarar verða yfirkennarar, er þeir hafa kennt við skólana fulla kennslu í 16 ár.

48. gr.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki menntamálaráðuneytisins, sbr. þó 61. gr.

49. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með starfi og rekstri skólans, húsum hans og munum, og fer með fjárreiður hans allar. Hann skal eftir föngum hafa eftirlit með því, að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína, og vanda um við þá, ef út af ber. Skylt er honum og að geyma og ávaxta sjóði skólans og nemenda. Ársreikningar skólanna, ásamt fylgiskjölum, skulu sendir endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins til endurskoðunar.

Í forföllum skólastjóra annast elzti fastur kennari störf hans, nema skólastjóri hafi gert aðra ráðstöfun.

50. gr.

175

27. sept.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara fylgjast sem bezt með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi þeirra hvers um sig, gáfur, skapferli og hegðun.

Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemenda, ef forráðamenn óska þess. Þá ber honum og að tilkynna forráðamanni, ef nemandi vanrækir námið, brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar. Ásamt skólalækni og leikfimikennara skal skólastjóri hafa eftirlit með heilsufari og líkamsþroska nemenda og gæta þess, að heilsu þeirra sé ekki ofboðið í skólanum.

51. gr.

Skylt er föstum kennara að kenna allt að 27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára. Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra kennara, er settir hafa verið við skólann, áður en lög nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla, tóku gildi. Kennsluskylda þeirra ter eftir ákvæðum reglugerðar fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 8. febr. 1937. — Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Fækka má skyldustundum fastra kennara, sem hafa mikla heimavinnu vegna skriflegra úrlausna nemenda eða aukastörf, sem skólastjórn hefur falið þeim (sbr. 52. gr.). Fækkun þessi getur numið allt að 5 stundum á viku.

52. gr.

Skylt er kennurum að takast á hendur aukastörf í skólans þágu, eftir því sem skólastjórn ákveður, svo sem umsjón með sófnum skólans, eftirlit með samkomum nemenda og aðstoð við félagsstarfsemi í skólanum. Heimilt er skólastjórn að fækka skyldustundum kennara, samkv. 51. gr., ef slík aukastörf verða mikil og koma misjafnt niður.

53. gr.

Skylt er kennurum að fylgjast rækilega með framförum nemenda og ástundun við námið. Í því skyni skal hafa prófæfingar, skriflegar eða munnlegar, þó eigi oftár en einu sinni í mánuði, og ber kennurum að hafa samráð um slíkar æfingar, svo að þær komi sem jafnast niður.

54. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans, eftir því sem skólastjóri ákveður í upphafi skólaárs. Umsjónarkennari skal eftir föngum kynna sér hagi nemenda og fylgjast sem bezt með framförum þeirra, hegðun og ástundun, enda skal hann gefa skólastjórn skýrslu um það, ef óskað er. Telji hann einhvern nemanda sýna vanrækslu í þessum efnum, skal hann skýra skólastjóra frá.

55. gr.

Kennarar skulu leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar og hvetja þá til að temja sér hæversku og þrúðmannlega framkomu í skóla og utan.

56. gr.

Skólastjórn tekur ákvarðanir sínar á kennarafundum.

57. gr.

Skólastjóri stýrir kennarafundum og boðar til þeirra, er hann telur þess þörf eða þriðjungur fastra kennara óskar þess.

175

27. sept.

Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausum, enda séu fundirnir boðaðir þeim í tæka tíð.

58. gr.

59. gr.

Rétt til þess að sitja kennarafundi hafa allir kennarar skólans og skólalæknir. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólastjórn óskar þess, en atkvæðisrétt eiga þeir aðeins um þau mál, er varða þá sérstaklega eða störf þeirra.

Skólastjórn heldur gerðabók (kennarafundabók), þar sem skýrt er frá málum þeim, er koma til úrskurðar kennarafundar.

Skólastjóri undirbýr mál undir kennarafund. Þó getur hver kennari borið fram mál á fundinum.

Skólastjóri sér um, að samþykktir kennarafunda komist í framkvæmd, nema fundurinn ákveði annað.

60. gr.

Til úrskurðar kennarafundar koma þau mál, sem skólastjórn eru falin í reglugerð þessari, enn fremur einkunnagjafir, flutningur nemenda milli bekkja, umsóknir ýmsar, refsingar, styrkveitingar, leyfi og það annað, er skólastjóri eða kennarar kunna að skjóta til kennarafundar.

61. gr.

Í skólunum skulu vera húsverðir, er menntamálaráðuneytið skipar að fengnum tillögum skólastjóra, og taka þeir laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum.

Húsvörður skal sjá um dyravörzlu, ræstingu, ljós og hita. Hann skal og eftir föngum annast viðgerðir á því, er aflaga fer, og vera skólastjóra til aðstoðar við eftirlit með húsum skólans, lóðum og munum.

62. gr.

Skólalækna skipar menntamálaráðuneytið til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Skólalæknir skal ásamt skólastjóra og leikfímikennara hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Honum ber:

- a. að veita utanbæjarnemendum ókeypis læknishjálp;
- b. að skoða alla nemendur skólans rækilega, vega þá og mæla, eigi sjaldnar en einu sinni á vetri;
- c. að gefa öll þau vottorð um heilsufar nemenda, er skólastjórn kann að óska.

63. gr.

Menntamálaráðuneytið setur föstum starfsmönnum skólanna erindisbréf.

VIII. KAFLI

Um skólatíma og leyfi.

64. gr.

Skólaár hefst 20. september og endar 17. júní.

65. gr.

Þessi skulu vera leyfi í skólanum:

1. Fyrsti desember.
2. Jólaleyfi frá 22. des. til 3. jan. að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Óskudagur.
4. Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum að báðum þeim dögum meðtöldum.

5. Sumardagurinn fyrsti.

6. Fyrsti maí.

7. Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir til þriðjudags eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardaginn eða þriðjudaginn, ef sérstaklega stendur á.

Skólastjórn getur enn fremur veitt leyfi einn dag í mánuði („mánaðarfrí“), samkvæmt venjum skólanna. Skólastjórn er og heimilt að fella niður kennslu allt að einum degi í senn, ef sérstaklega stendur á.

66. gr.

Hver kennslustund skal vera 45 mínútur.

Hlé skal vera milli kennslustunda eftir nánari fyrirmælum skólastjórna.

67. gr.

Svo skal til haga, eftir því sem unnt er, að kennslu ljúki sem fyrst á laugarögum og heimavinna nemenda um helgar verði sem minnst.

IX. KAFLI

Um nemendur skólanna.

68. gr.

Nemendur skulu temja sér þrúðmannlega framkomu, reglusemi og hreinlæti í skóla og utan, sýna skólastjóra og kennurum hæversku og hlýðni og rækja nám sitt af alúð og stundvísu.

69. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni í skólanum til skemmtana sinna og félagslífs eftir nánari ákvæðum skólastjóra, enda gæti þeir reglu og háttþrýði.

70. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna skólastjóra eða umsjónarkennara forföll, og grennslast þeir eftir ástæðum, ef þörf þykir. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

Nú sýkist nemandi næmum sjúkdómi eða einhver á heimili hans. Skal þá tafarlaust tilkynna það skólastjóra, og má nemandinn ekki sækja skólann, fyrr en skólastjóri leyfir.

71. gr.

Nú veldur nemandi skemmdum á eignum skólans, og ber honum þá að bæta fullum bótum. Ef fullvíst er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemenda í tilteknum bekk, og gangist enginn við, skulu nemendur þess bekkjar bæta sameiginlega.

72. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólunum eftir fyrirmælum skólastjóra.

X. KAFLI

Um aga og reglu.

73. gr.

Agi skólanna skal miða að því að friða um starf þeirra og ala með nemendum iðjusemi, hófsemd og þrúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í samningu að glæða heilbrigðan anda í skólunum.

- 175 Nemendur mega aldrei ölvæðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis.
27. sept. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjótí nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna, og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í hóbýlum skólans eða vanræki störf sakir vinneyzlu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi forráðamanni hans, ef til næst, verið gert aðvart um brotið. Þó getur brot nemanda verið þannig vaxið, að skólastjóri megi vísa honum burt tafar- og skilyrðislaust.

XI. KAFLI

Um gildistöku þessarar reglugerðar.

74. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, öðlast þegar gildi.

Þó skulu ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstílhögun gilda um þá nemendur, er lokið hafa ársprófi 1. bekkjar lærdómsdeildar Menntaskólans í Reykjavík eða gagnfræðaprófi við Menntaskólann á Akureyri.

Að öðru leyti en segir í 2. málsgrein er hér með úr gildi numin reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3 8. febr. 1937.

Þetta er hér með birt til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

- 176
27. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 36 16. marz 1951.

V. kaflí gjaldskrárinnar orðist svo:

V. Heimild til breytinga.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. september 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Konrad Maurers“, 177
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. sept. 1951. 28. sept.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Konrad Maurers.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafn Konrad von Maurers, prófessors í réttarsögu við háskólann í München, og heitir Minningarsjóður Konrad Maurers.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af íslenskum stúdentum, sem nám hafa stundað í Þýzka-landi og taldir eru upp í meðfylgjandi skrá.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 7750.00 — sjö þúsund sjö hundruð og fimmtíu krónur —. Sjóðinn má auka með gjöfum, samskotum og áheitum. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann geymdur og ávaxtaður í A-deild Söfnunarsjóðs Íslands eða í annarri ríkistrygðri innlánsfjárfestun.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þýzkan stúdent, sem nám stundar við Háskóla Íslands, og dvelur í svonefndu Goethe-herbergi nýja stúdentagarðsins. Stúdent sá, er styrksins nýtur, skal að hverju sinni valinn af nefnd við Christian-Albrechts-Universität í Kiel. Rektor háskólans í Kiel er formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn eru:

prófessar í norrænni málfræði,
 prófessor í náttúruvísindum við heimspekideildina,
 fulltrúi frá Institut für Weltwirtschaft,
 og einn fulltrúi frá hvorum aðila hjálparstofnun stúdenta (Studentenwerk) og Stúdentafélgainu (Studentenschaft), allir frá Kielar-háskóla.

Árlegur styrkur til þessa stúdents má þó í mesta lagi nema upphæð, sem er nægjanleg til greiðslu á leigu eftir Goethe-herbergið í 9 mánuði og á fæði fyrir stúdentinn í Mötuneyti stúdenta sama tíma, eins og þessi upphæð verður á hverjum tíma, sbr. þó 5. gr.

Ef upphæð þeirri, sem heimilt er að veita samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, er ekki úthlutað í eitt ár eða fleiri, leggst hún óskert við höfuðstól sjóðsins.

Ef styrkur þessi hefur ekki verið veittur eitt eða tvö ár, áður en þýzkur stúdent býr í fyrsta skipti í Goethe-herberginu, er þó heimilt að verja honum (styrk frá einu eða tveim árum) til kaupa á húsgögnum í herbergið, enda hafi stúdentagarðurinn eða aðrir ekki lagt til húsgögn í það.

5. gr.

Úr sjóðnum má ár hvert veita allt að $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum af árlegum vaxtatekjum hans, unz höfuðstóll hans er orðinn 20000.00 — tuttugu þúsund krónur. Má þá veita í styrk ár hvert allt að $\frac{1}{10}$ — níu tíundu hlutum af árlegum vaxtatekjum hans.

177 28. sept. Nú nemur upphæð sú, sem veita má úr sjóðnum samkv. 1. málsg. þessarar greinar, meiru en því, sem heimilt er mest að veita samkv. næstu grein hér á undan, og getur þá nefnd sú við Kíelar-háskóla, sem getið er um í gr. 4, veitt mismuninn til styrktar rannsóknum á íslenskum málefnum, sérstaklega þó í germanskri réttar-sögu.

Nú er slíkur afgangur ekki veittur í styrk í eitt ár eða fleiri, og má þá veita samanlagðan mismun frá tveim eða fleiri árum síðar í slíku augnamiði.

6. gr.

Formaður stjórnar Stúdentagarðsins og stjórn félagsins „Germania“ í Reykjavík hafa sameiginlega umsjón með sjóðnum.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir opinberu eftirliti og reikningar hans birtir með reikningum fyrir sjóði Háskóla Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

178
9. okt.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Vatnsveita Húsavíkur er fyrirtæki, sem Húsavíkurkaupstaður er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í Húsavíkurkaupstað eftir því sem við verður komið og nánar er fram tekið í reglugerð þessari.

Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Vatnsveita Húsavíkur.

2. gr.

Vatnsveita Húsavíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Húsavíkurkaupstað.

3. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar. Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, felur bæjarstjórnin vatnsveitunefnd, sem skipuð er þremur aðalmönnum og þremur til vara kosnum af bæjarstjórn til eins árs í senn. Heimilt er vatnsveitunefnd í samráði við bæjarstjórn að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, sem henta þykir.

4. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar og bæjarstjórnar. Enginn má heldur leggja vatnsæðar, nema undir umsjón manns, sem vatnsveitunefnd og bæjarstjórn hafa kjörið til slíkrar umsjónar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir viðhaldsákvæðið jafnt um gamlar lagnir sem nýjar. Eigendur þeirra húsa, sem nú þegar eru komin í samband við vatnsveituna, skulu kosta viðhald heimæða, allt að 30 metrum frá húsi. Skyld er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur

að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar. 178
9. okt.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitunefndar, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

5. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem vatnsveitunni við kemur og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annað það, er lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

6. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum eða óþægindum valdi, eða vanrækja að annast viðhald á pípum og tækjum, sem við þær eru tengd.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem hann telur nauðsynlegar.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í vissum hlutum vatnsveitukerfisins til að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn, og til að tryggja neytendum, sem annars kynnu að verða útundan, vatn vissa tíma. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmunum fyrirvara, sem við verður komið.

Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 20% — tuttugu af þúsundi — fasteignamatsverðs árlega. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 50.00 fyrir hvert íbúðarhús. Ef um er að ræða hús, sem að dómi bæjarstjórnar og vatnsveitunefndar nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, skal greiða vatnsskatt 20—30% — tuttugu til þrjátíu af þúsundi — fasteignamatsverðs eftir ákvörðun vatnsveitunefndar og bæjarstjórnar. Gjald skal einnig greiða af föstum vélum, sem í húsum eru og ekki eru heimilisvélar. Skal það gjald ákveðið með samningum við hlutaðeigendur.

9. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

a.	Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr. 0.50
b.	— þvott á bifreiðum, árlega fyrir bifreið	— 30.00
c.	— hvern nautgrip, sem inni stendur, árgjald	— 30.00
d.	— hvert hross, sem inni stendur, árgjald	— 20.00
e.	— vatnshana í fjárhúsum, ár hvert	— 20.00
f.	— hverja smálest af innveginni mjólk í mjólkurstöð	— 3.00
g.	— hvern kjötskrokk í sláturhúsi	— 0.12
h.	— hverja tunnu kverkaðrar sildar eða matjessildar	— 0.30
i.	— hverja tunnu sérverkaðrar sildar (hausskorinnar)	— 0.60
j.	— hverja tunnu flakaðrar sildar	— 1.50
k.	— hver 100 kg af söltuðum, isuðum eða frystum fiski	— 0.20
l.	— hverja tunnu af söltuðum, flökuðum fiski	— 0.40

178 m.	Fyrir saltfiskþvott, hvert tonn af fiski	kr. 0.50
9. okt. n.	— fiskþvott á bryggju, hvert tonn (miðað við slægðan fisk, en með haus)	— 0.25

Fyrir vatn til skipa er gjald kr. 30.00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 50%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

Fyrir önnur vatnsnot, en hér hafa nefnd verið, skal greiða eftir samkomulagi við bæjarstjórn.

10. gr.

Þar, sem vatnsnot eru mikil, er vatnsveitunefnd og bæjarstjórn heimilt að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum. Fer þá um greiðslu fyrir vatn eftir samkomulagi milli yfirvalda vatnsveitunnar og viðkomandi notenda.

11. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

12. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti húseigenda og persónuvatnsskatti skal vera 1. júní ár hvert, en á vatni til atvinnurekstrar við lok hvers mánaðar. Vatnsskatt af húsum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

13. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

14. gr.

Þeir, sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundarsakir, skulu bera allan kostnað af bráðabirgðavatnslögnum í sambandi við slíka vatnsnotkun, nema öðruvísi sé um samið.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka fyrir vatnsæðar, sem eru þannig settar að hætta getur verið á, að í þeim frjósi vatn.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari verða sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu í Húsavíkurkaupúni, nr. 32 16. marz 1927.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurkaup- 178
staðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög 9. okt.
nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Lárettu 179
Pétursdóttur og Steinunnar Stefaníu Einarasdóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad 10. okt.
mandatum af dómsmálaráðherra 10. okt. 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinunnar
Stefaníu Einarasdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafabréfi Einaris J. Pálssonar, trésmíðameistara í
Reykjavík, dags. 21. janúar 1927, til minningar um eiginkonu hans og dóttur. Stofn-
fé sjóðsins var kr. 1000.00. Var fjárhæð þessi ávöxtuð í Landsbanka Íslands, unz
hún hinn 29. maí 1947 nam kr. 2121.13, en þá var hún lögð í Söfnunarsjóð Íslands
til ávöxtunar, og nam hún hinn 1. marz 1951 kr. 2511.77.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í Landsspítala Íslands.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum tryggum stað. Fyrstu
100 árin frá stofnun sjóðsins, eða til ársins 2027, skal leggja alla vexti við höfuð-
stólinn. Næstu 100 ár má verja $\frac{1}{4}$ hluta árlegra vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins,
en eftir það helmingi vaxtanna í sama skyni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa landlæknir ásamt tveim öðrum, er ríkisstjórn Íslands
skipar, og sé annar lögfræðingur, en hinn einn af dómkirkjuprestum Reykjavíkur.

5. gr.

Reikningshald sjóðsins og skjöl annast í umboði sjóðstjórnarinnar skrifstofa
ríkisspítalanna eða sú stofnun, er kemur í hennar stað. Reikningsár sjóðsins er
almanaksárið, og skal birta reikningana í Stjórnartíðindum eða á öðrum viðeigandi
stað.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

- 180 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Jafets-
10. okt. dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. okt. 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðrúnar Jafetsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með arfleðsluskrá Guðrúnar Jafetsdóttur, Grettisgötu 26, Reykjavík, dags. 4. júní 1920 og staðfestri af notarius publicus sama dag. Stofnfé sjóðsins reyndist kr. 1350.00. Var fjárhæð þessi lögð til ávöxtunar í Söfnunarsjóð Íslands 5. júní 1944 og nam í árslok 1950 kr. 1929.69.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækt fólk, er þarf að liggja á sjúkrahúsi eða heilsuhæli.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Við höfuðstólinn skal jafnan leggja $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna, en $\frac{4}{5}$ hlutum þeirra er heimilt að verja samkvæmt tilgangi sjóðsins.

4. gr.

Landlæknir, eða sú stofnun, sem kann að koma í stað landlæknisembættisins, hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóðsins, og úthlutar styrkjum úr honum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta reikningana opinberlega.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

181

REGLUGERÐ

11. okt. um breyting á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 133 28. desember 1936.

1. gr.

Fyrri málsgrein 7. töluliðs 22. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildir, er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 9. janúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 11. október 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

182

15. okt.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.45 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.50 á ári á fermetra gólfplatari í rúmi því, sem lýsa skal. Þar, sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkvæmt reglum, er rafveitustjóri setur.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af fyrsta herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m² telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á ári á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
 - a. Á 40 aura hverja kwst.
 - b. Á 25 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annast viðhald þeirra, og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

182

E. Önnur raforkunotkun.

15. okt.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 33 aura hverja kwst., enda séu suðutækin fast-tengd og notkunin mæld um sérmæli.
2. Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 80 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjórn þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | | |
|--|-----|----------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. | 2.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni | — | 3.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — | 7.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — | 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

- | | | |
|--|-----|--------|
| 1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug | kr. | 300.00 |
| 2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug | — | 450.00 |

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 8.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

182

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

15. okt.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið I. kafla gjaldskrárinnar breytast með kolaverði, þannig að gjaldskrárverðið teljist svara til 400 króna útsöluverðs á kolum á Húsavík og hækki og lækka í sama hlutfalli og útsöluverð kola í bænum.

VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur, nr. 90 13. júlí 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. október 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

183

fyrir eftirtalda flugvelli og sjóflughafnir:

18. okt.

Akureyrarflughöfn, Akursflugvöll, Egilsstaðaflugvöll, Fagurhólsmýrarflugvöll, Hornafjarðarflugvöll, Ísafjarðarflughöfn, Melgerðisflugvöll, Reyðarfjarðarflughöfn, Sauðárkróksflugvöll og Vestmannaeyjaflugvöll.

1. gr.

Fyrir lendingar á landi eða sjó skal greiða kr. 3.00 á hverja smálest flugvélarinnar fullhlaðinnar, allt að 20 smálestum, en kr. 1.50 á hverja smálest, sem þar er fram yfir. Hluti af smálest reiknast sem neil lest. Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1951.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

184
20. okt.

REGLUR

fyrir félagsheimilið Breiðablik.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er *Breiðablik* í Miklaholtshreppi, Hnappadalssýslu. Lóðin er leigð af Kristjáni Guðmundssyni bónda á Fáskrúðarbakka.

Lóðarstærð 20 000 fermetrar. Lóðin er afgirt á merkjum. Eigendur félagsheimilisins eru: Miklaholtshreppur, Kvenfélagið „Liljan“ og Ípróttafélag Miklaholtshrepps.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: 1 kosinn af hreppsnefnd, 1 kosinn af Kvenfélaginu „Liljan“, 1 kosinn af Ípróttafélagi Miklaholtshrepps og 2 kosnir af almennum hreppsfundi. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef $\frac{1}{3}$ nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaðan af endurskoðendum sveitar-sjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda.

Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi.

Reikninga skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði. Félagstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, ef þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal um-sagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

184

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytis.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáiast til þess að inna af hendi nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sóttthreinsandi efni og fatageymslur, bað og búningsherbergi ræst.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðin er girt traustri, gripheldri girðingu og skal henni haldið vel við. Bifreiðastæði er í námunda við félagsheimilið.

11. gr.

Fánastöng er komið fyrir á húsinu. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega vera í öðrum lit. Fánasnúra skal ávallt vera heil. — Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt, að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: Múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda. Ber sá ábyrgð á greiðslu, sem húsið hefur á leigu, ef ekki er sannað hver einstaklingur er valdur að spjöllum.

184
20. okt.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

Reglur þessar, sem stjórn félagsheimilisins Breiðablik hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. október 1951.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.185
22. okt.**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 11 18. janúar 1947 um innheimtu iðgjalda o. fl. samkv. lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tryggingaskyldir samkvæmt 1. tölulið 1. gr. eru allir íslenskir ríkisborgarar, 16—67 ára, og skulu þeir greiða iðgjöld til tryggingasjóðs, sem hér segir:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 390.00
Á 2. —	— 310.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 350.00
Á 2. —	— 280.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 260.00
Á 2. —	— 210.00

Þeir launþegar og einyrkjar, sem ekki ber að greiða tekjuskatt né eignarskatt, og notið hafa bóta samkvæmt II. kafla tryggingalaganna 2 mánuði eða lengur, eða dvalizt í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna jafnlangan tíma á skattárinu, eru undanþegnir iðgjaldagreiðslum. Í þessu sambandi telst þó eigi bótaþegi sá, sem aðeins hefur notið fjölskyldubóta samkvæmt 30. gr. tryggingalaganna. Nú eru þeir, sem um ræðir í næsta málslið hér á undan, skattskyldir, en skattskyldar tekjur þeirra nema ekki tvöfaldri upphæð iðgjaldsins og eru þeir þá undanþegnir þeim hluta þess, sem er umfram 50% af skattskyldum tekjum þeirra.

Ef annað hjóna er ekki gjaldskyld til almannatrygginganna, en hitt er gjaldskyld, reiknast gjald hins, eins og það væri ógift.

Tryggingaráð getur með einróma ákvörðun veitt undanþágu frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 110. gr. tryggingalaganna.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hinir tryggðu skulu greiða sjálfir iðgjöld sín samkv. 2. gr., þó með þeim undantekningum, er hér segir:

1. Meistari í iðnaði og stofnanir, er veita verklega kennslu, skulu greiða iðgjöld 185 fyrir nema sína, og er óheimilt að draga iðgjöldin frá kaupri þeirra. 22. okt.
2. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra launþega og einyrkja, sem ekki ber að greiða tekjuskatt né eignarskatt, það ár, svo og það, sem á vantar, að helmingur skattskyldra tekna þeirra, sem tekjuskattsskyldir eru, nemi fullu iðgjaldi, sbr. þó 2. mgr. 2. gr. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkvæmt þessari málsgrein, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Í þessu sambandi teljast launþegar þeir, sem taldir eru í 46. gr. tryggingalaganna og höfðu þar nefnd störf að aðalatvinnu á skattárinu, en einyrkjar þeir, sem reka sjálfstæða atvinnu einungis með aðstoð konu sinnar og barna innan 16 ára aldurs, og ekki meiri aðstoð annarri við reksturinn, en sem svarar hálfis árs vinnu fullgilds manns.
3. Nú telur maður sig ekki geta greitt iðgjöld sín af eigin rammleik og getur hann þá, þótt ekki sé svo ástætt, sem segir í 2. tölulið hér að framan, sótt um það til sveitarstjórnar, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans. Sveitarstjórn skal tilkynna innheimtumanni fyrir hverja sveitarsjóður greiðir iðgjöld samkv. 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

4. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar (í Reykjavík fyrir 1. apríl) ár hvert gera skrá yfir alla innan sveitarfélagsins, sem við byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en eru yngri en 67 ára, heimili þeirra, atvinnu, fæðingardag og ár og annað, er varðar iðgjaldagreiðslur þeirra. Skráin skal vera í þremur eintökum.

Á eftir 8. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaga nr. 50/1946 vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

9.—13. gr. reglugerðarinnar verða nr. 10—14.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1951 skulu iðgjöld samkv. 107. oð 112. gr. tryggingalaga nr. 50/1946, sbr. 24. og 25. gr. laga nr. 51/1951 og bráðabirgðaákvæði þeirra, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laga nr. 50/1946:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 473.00
Á 2. —	— 376.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 425.00
Á 2. —	— 339.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 317.00
Á 2. —	— 258.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 112. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 24. gr. laga nr. 51/1951:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 5.60 á viku.
Á 2. —	— 4.22 — —

- 185 3. Árið 1951 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru
22. okt. ákveðin í 1. lið hér á undan, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 200.00
Ógiftar konur	— 150.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 150.00
Ógiftar konur	— 120.00

4. Félagsmenn sérsjóða samkv. 133. gr. laga nr. 50/1946, skulu árið 1951 greiða iðgjald, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 170.00
Ókvæntir karlar	— 135.00
Ógiftar konur	— 100.00

Á 2. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 130.00
Ókvæntir karlar	— 100.00
Ógiftar konur	— 80.00

5. Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutaþækkun á ofangreind iðgjöld og framlög til tryggingaráðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi, án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega.
6. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50/1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerð þessi er sett samkv. ákvæðum laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, og gengur í gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nótnasjóð Íslands“, útgefin á venju- 186
 legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. okt. 1951. 23. okt.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nótnasjóðs Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist „Nótnasjóður Íslands“ og er sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins er kr. 36138.08 — þrjátíu og sex þúsund eitt hundrað þrjátíu og átta krónur og átta aurar —, og er það hálf framlag ríkisútvarpsins til íslenzkra tónskálda vegna flutnings á tónverkum þeirra í ríkisútvarpinu á tímabilinu frá 21. jan. 1947 til 7. sept. sama ár, sbr. 1. gr. samnings milli ríkisútvarpsins og STEFS, dags. 2. febr. 1949.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja endurritun, fjölritun, ljósmyndun eða prentun og útbreiðslu íslenzkra tónverka.

3. gr.

Sjóðurinn semur við rétthafa um endurritun, fjölritun, ljósmyndun eða prentun tónverka þeirra, og skal leitast við að tryggja í samningum þessum, að framlagður kostnaður sjóðsins vegna verkanna endurgreiðist af leigutekjum og sölu eintaka, enda hefur sjóðstjórnin eða trúnaðarmenn hennar umsjón með útbreiðslu eintakanna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast þrír menn, einn tilnefndur af stjórn STEFS, einn tilnefndur af ríkisútvarpinu, en menntamálaráðherra skipar formann sjóðsins. Vararmenn í stjórn sjóðsins skal skipa eftir sömu reglum. Á hverju ári skal einn maður ganga úr stjórn ásamt varamanni sínum, í fyrsta skipti einu ári eftir að skipulagsskráin hlýtur staðfestingu. Í tvö fyrstu skiptin víkja stjórnarmenn eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri.

5. gr.

Stjórn sjóðsins má ráðstafa höfuðstólnum; hún varðveitir og ávaxtar fé sjóðsins og skal hún leggja stund á að afla sjóðnum tekna á ári hverju, m. a. með leigu og sölu nótna, sem sjóðurinn hefur kostað, sbr. 3. gr. Enn fremur skal sjóðstjórnin leitast við að afla sjóðnum styrkja af opinberu fé og annarra tekna með hverjum þeim ráðum, sem sjóðstjórnin telur tiltækileg.

6. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, og skipar stjórn STEFS annan en menntamálaráðherra hinn. Varaendurskoðendur skal skipa eftir sömu reglum. Endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins skulu sendir menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

187
30. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950 um stóreignaskatt samkvæmt
12. gr. laga nr. 22/1950.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 15. nóvember 1951.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi 2. gr. reglugerðar nr. 152 1. ágúst 1951.

Fjármálaráðuneytið, 30. október 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

188
2. nóv.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Laxinn.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélagið Laxinn. Heimili þess og varnarþing er á þingstað Saurbæjarhrepps í Dalasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

1. að stunda laxaklak;
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiða í þessum vötnum: Hvolsá og Staðarhólsá ásamt síkjum og lækjum og öðrum ám, sem falla í árnar.

Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum. Stórholt, Litlaholt, Neðri Brunná, Efri Brunná, Máskelda, Hvoll, Neðri Brekka, Fremri Brekka, Bersatunga, Hvítidalur, Belgsdalur, Litli-Múli, Stóri-Múli, Þurranes, Ós, Lambanes, Staðarhóll, Mikligarður, Þverfell, Hvammsdalskot, Hvammsdalur, Kjarlaksvellir, Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Saurhóll, Tjaldanes.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

188

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði og ræður það þá mann til að standa fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri.

30. okt.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir 2 ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

10. gr.

Aðalfundur heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- ef hann er boðaður símleidis með þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði;
- sé meiri hluti stjórnar mættur á fundinum.
- Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæði ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagslit.

11. gr.

Aukafundur heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir

188 og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomu-
30. okt. lag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkv. 13. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur á ársreikningi. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í sýslusjóð.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1951.

Hermann Jónasson.

Porv. K. Þorsteinsson.

189

2. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir Bjargráðasjóð Íslands.

I. Tilgangur sjóðsins.

1. gr.

Tilgangur Bjargráðasjóðs Íslands er að vera til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því, en það telst hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti og felli.

II. Heimili, varnarþing og stjórn sjóðsins.

2. gr.

Heimili Bjargráðasjóðs Íslands og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Í stjórn Bjargráðasjóðs Íslands eru skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands. Stjórn Bjargráðasjóðs heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, en auk þess ber henni að halda aukafundi, þegar mikilvægar beiðnir berast eða ráðherra óskar álits hennar eða tillagna. Ráðherra ákveður til 5 ára í senn hverja þóknun sjóðstjórnin skuli taka fyrir störf sín.

4. gr.

189

2. n.óv.

Þegar tímabært þykir, skipar félagsmálaráðherra Bjargráðasjóði forstjóra að þar til fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar. Forstjóri Bjargráðasjóðs annast bókhald sjóðsins og daglegar afgreiðslur, undirbýr mál fyrir stjórnarfundi og kemur fram sem fyrirsvarsmaður sjóðsins í samráði við sjóðstjórnina. Félagsmálaráðherra ákveður og laun forstjóra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Sjóðstjórnin getur sett forstjóra erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um starf hans, ef þess þykir þurfa.

Stjórn sjóðsins ræður, að fengnum tillögum forstjóra, annað nauðsynlegt starfsfólk sjóðsins og ákveður launakjör þess og starfstíma.

II. Tekjur Bjargráðasjóðs.

5. gr.

Tekjur Bjargráðasjóðs eru:

1. Tillag frá sveitarsjóðum 2 krónur árlega fyrir hvern mann, sem heimilisfastur er í sveitarfélaginu, þegar manntal er tekið.
2. Styrkur frá ríkissjóði, er nemur 2 krónur árlega fyrir hvern mann í landinu.
3. Vaxtatekjur af innstæðum og verðbréfum sjóðsins.

6. gr.

Sveitarstjórnir skulu lúka bjargráðasjóðsgjaldi á manntalsþingi ár hvert. Bæjarfógetar og sýslumenn innheimta gjaldið hver í sínu umdæmi og koma því til stjórnar Bjargráðasjóðs eða forstjóra sjóðsins eigi síðar en 1. október ár hvert.

IV. Deildaskipting.

7. gr.

Bjargráðasjóður starfar í tveim aðgreindum deildum er nefnast séreignasjóður og sameignasjóður:

1. *Séreignasjóðurinn* er eign sýslu- og bæjarfélaga landsins og rennur í hann helmingur þess framlags, sem sveitarfélög innan sýslu hveirrar og bæjarsjóðir kaupstaðanna greiða árlega til Bjargráðasjóðsins. Séreign hveirrar sýslu og kaupstaðar skal geymd í sérstakri sparisjóðsbók, sem ber nafn sýslunnar eða kaupstaðarins, og leggjast vextir af innstæðum séreignasjóðs ávallt við höfuðstólinn. Reikningshald séreignasjóðs skal vera með þeim hætti, að ávallt megi sjá hver upphæð greiðist árlega frá hverju einstöku hrppsfélagi í hverri sýslu. Þegar sýslu er skipt eða kauptún fær kaupstaðarréttindi, skal skipta sér-eign hins forna umdæmis samkvæmt þeirri skiptitölu, sem notuð er við skipti á öðrum eignum umdæmisins og samþykkt hefur verið af báðum aðilum eða ákveðin af félagsmálaráðherra. Hinni nýju sýslu eða kaupstað skal þá gerður sérstakur reikningur við sjóðinn og séreignin lögð í sparisjóðsbók, er ber nafn hins nýja umdæmis.
2. *Sameignarsjóðurinn* er sameign allra landsmanna. Í hann rennur framlag ríkissjóðs óskipt og auk þess helmingur af framlagi sveitarfélaga. Í hann renna og vextir af verðbréfum, sem sjóðurinn eignast, og aðrar tekjur sem honum verða lagðar til eða áskotnast. Úr sameignarsjóði greiðist allur kostnaður við stjórn sjóðsins og starfsemi.

189
2. nóv.

V. Lánveitingar úr Bjargráðasjóði.

8. gr.

Fé séreignarsjóðs má ekki verja til útlána né ráðstafa því á annan veg en fyrir er mælt í 12. gr. laga nr. 19/1950 um Bjargráðasjóð Íslands.

Nú ber hallæri að höndum og getur þá sýslunefnd eða bæjarstjórn gert samþykkt um að segja upp séreign sinni í Bjargráðasjóði, og skal hún þá jafnframt ákveða á hvern hátt fénu skuli varið, og senda sjóðstjórninni skýrslu þar um.

Stjórn Bjargráðasjóðs skal, að fenginni þessari skýrslu, gera tillögu til félagsmálaráðherra um, hvort fallizt skuli á sjónarmið sýslunefndar eða bæjarstjórnar, hvort sýslusjóði skuli veitt bráðabirgðalán úr sameignarsjóði gegn handveði í innstæðu sýslu eða bæjarfélagsins í sameignarsjóði, eða á hvern annan veg snúizt skuli við ályktun sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

9. gr.

Fé sameignarsjóðs má stjórn Bjargráðasjóðs verja til lánveitinga og styrkja samkvæmt 13. gr. laga nr. 19/1950 um Bjargráðasjóð Íslands til að afstýra hallæri eða bæti tjón af völdum þess.

Stjórninni er heimilt:

1. Að veita styrki úr sjóðnum til þeirra einstaklinga og sveitarfélaga, sem verða fyrir tjóni af náttúruvöldum, er eigi fæst bætt að neinu leyti á annan veg,
2. að veita hreppsfélögum, sem verða fyrir tjóni af náttúruvöldum, lán gegn fasteignaveði eða sýsluábyrgð,
3. að veita sýslufélögum og bæjarfélögum, sem biða tjón af völdum hallæris, lán gegn tryggingu í tekjum þeirra og eignum eða gegn fasteignaveði,
4. að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, lán gegn ábyrgð sveitarfélags síns, eða gegn veði í fasteign.

10. gr.

Lán þau, sem Bjargráðasjóður Íslands veitir samkv. 8. og 9. gr. skulu jafnan vera vaxtalaus. Lánstími má ekki lengri vera en tíu ár, nema sérstakt leyfi félagsmálaráðherra komi til, og þá því aðeins, að um stórfellt tjón af náttúruvöldum, sem ekki verður bætt nema á löngum tíma, sé að ræða.

11. gr.

Sá sem hyggst að fá lán eða styrk frá Bjargráðasjóði skal senda þar um skriflega beiðni, stílaða til sjóðstjórnarinnar. Beiðninni skulu fylgja svo glöggar skýrslur sem kostur er um tjón það, sem bæta skal, og jafnan skal fylgja beiðni vottorð, oddvita, hreppstjóra eða sóknarprests um þörf umsækjanda, ef einstaklingur á í hlut, en samþykkt sveitarstjórnar eða sýslunefndar, ásamt greinargerð, ef sveitarfélag eða sýslufélag leita láns eða styrks.

Stjórn Bjargráðasjóðs getur krafizt fyllri gagna en fram eru lögð, ef ástæða þykir til, og synjað beiðni af þeirri ástæðu einni, að ekki eru lögð fram þau skilríki, sem krafizt er.

Reglugerð þessi, sem stjórn Bjargráðasjóðs Íslands hefur samið, og sett er samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Jóns- 190
dóttur frá Ósbrekku í Ólafsfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 7. nóv.
málaráðherra 7. nóv. 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Jónsdóttur frá Ósbrekku í Ólafsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Jónsdóttur frá Ósbrekku.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2000.00 — tvö þúsund króna — gjöf frá Þorsteini Þorkelssyni, fyrrv. hreppstjóra í Ólafsfirði, til minningar um konu hans látna, Guðrúnu Jónsdóttur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, tvö þúsund krónur, er afhent af Þorsteini Þorkelssyni.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra kirkjusönginn í Ólafsfirði.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir.

b. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að hlotnast.

6. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir kr. 800.00, má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna, sbr. 4. gr., en $\frac{1}{4}$ vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, sóknarpresturinn í Ólafsfirði, og skal hann vera formaður sjóðstjórnarinnar, og tveir ættingjar Guðrúnar Jónsdóttur, búsettir í Ólafsfirði, tilnefndir af stofnanda sjóðsins til fjögurra ára í senn. Að stofnanda látnum kýs sóknarnefnd Ólafsfjarðar hina tvo meðstjórnendur til fjögurra ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga Ólafsfjarðar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í hana skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, og yfirleitt allt, er varðar hag hans og rekstur.

9. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ólafsfirði, 29. október 1951.

Þorsteinn Þorkelsson.

191
8. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæzlumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæzlumanna, nr. 145 11. okt. 1946.

1. gr.

Síðasta málsgrein A-liðs III. kafla falli niður.

2. gr.

IV. kafli, 1. töluliður, breytist þannig:

Í stað orðanna „Óski embættismenn þessir eftir að bera viðhafnarbúning, skulu þeir leggja sér hann til sjálfir“, komi: Viðhafnarbúning skulu embættismenn þessir fá ókeypis einu sinni, enda skulu þeir þá bera hann þegar við á, svo sem við opinberar móttökur og önnur sérstök hátíðleg tækifæri, en endurnýjun hans skulu þeir kosta sjálfir.

3. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 34. gr. launalaga, nr. 60 12. marz 1945, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. nóvember 1951.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

192
8. nóv.

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikifaraldurs í nálægum löndum.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur gengur nú í nálægum löndum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi:

1. Engar undanþágur verða veittar um innflutning spendýra og fugla, svo og þeirra vara, sem um ræðir í 2. gr. laganna, t. d. hálmur, notaðir pokar, fiður, burstar o. s. frv.
2. Farþegar og áhafnir farartækja skulu gefa yfirlýsingu samkvæmt 4. gr. laganna um dvöl sína erlendis.

Brot á lögum nr. 11 1927 og auglýsinga, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUR

193

13. nóv.

um félagsheimilið Innstaland, Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Nafn: Félagsheimilið Innstaland, Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Lóðin er gefin af Sigurði Sigurfinnssyni og Stefáni Sigurfinnssyni, Meyjarlandi. Lóðarstærð 1040 ferm. Eigandi félagsheimilisins er Skarðshreppur í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Þriggja manna húsnefnd, kjörin af hreppsnefnd árlega, stjórnar félagsheimilinu. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skytt er henni að halda fund, ef $\frac{1}{3}$ nefndarmanna æskja. Aðalfundur félagsheimilisins skal vera ár hvert. Til aðalfundar skal boða á sama hátt og reglulegs hreppsnefndarfundar. Aðalfundur er löglegur, ef meiri hluti hreppsnefndarmanna sækja hann. Hreppsnefndarmenn einir hafa atkvæðisrétt, en húsnefnd hefur rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögu-rétti. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlun skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði. Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eiganda og aðra;
- b. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- c. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- d. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- e. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
- f. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- g. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigandi félagsheimilisins skal eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er honum að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947, um félagsheimili, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eiganda sjálfs fyrir húsið.

Verði ágreiningur um, hvort önnur félög eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr, en úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

193

13. nóv.

6. gr.
Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Gæzlumaður skal er samkomu lýkur, ganga örugglega frá hitunartækjum, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu, slökkva ljós og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf sé þvegin úr sápuvatni og salerni hreinsuð vandlega með sótt-hreinsandi efni. Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er vel sé haldið við.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d., ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húeignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimlinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðherra hefur staðfest þær.

Reglur þessar, sem stjórn félagsheimilisins Innstaland hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. nóvember 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

194

14. nóv.

um breytingu á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Skagafjarðar, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur, nr. 12 23. janúar 1951.

V. kafli gjaldskrárinnar hljóði svo:

Bráðabirgðaákvæði.

Verð til hitunar samkvæmt D-liðum I. kafla gjaldskrárinnar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og ½ eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig að raforkuverðið miðist við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega, miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

195

15. nóv.

um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót, sbr. þó 10. gr.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og leggja aflann nýjan á land.
- III. flokkur: Skip undir 30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- IV. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- V. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu, án tillits til stærðar.
- VI. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót, án tillits til stærðar.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

- a. Fyrir skip í I. flokki. Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. jan. til 31. maí.

- 195** b. Fyrir skip í II. og III. flokki:
 15. nóv. 1. svæði: Dyrhólaey—Reykjanes
 1. janúar — 31. maí
 2. svæði: Reykjanes—Öndverðarnes
 1. janúar — 31. maí
 3. svæði: Öndverðarnes—Bjargtangar
 1. janúar — 31. maí
 4. svæði: Bjargtangar—Sléttanes
 1. febrúar — 31. maí
 5. svæði: Sléttanes—Horn
 1. janúar — 31. maí
 6. svæði: Horn—Siglunes
 1. janúar — 31. maí
 1. október — 31. desember
 7. svæði: Siglunes—Langanes
 1. marz — 30. nóvember
 8. svæði: Langanes — Vattarnes
 1. marz — 31. desember
 9. svæði: Vattarnes—Hornafjörður
 1. janúar — 31. maí
 1. október — 31. desember
- c. Fyrir skip í IV. flokki:
 1. svæði: Dyrhólaey—Hellissandur
 1. janúar — 31. maí
 2. svæði: Ólafsvík—Horn
 1. apríl — 30. nóvember
 3. svæði: Horn—Rifstangi
 1. marz — 30. nóvember
 4. svæði: Rifstangi—Gerpír
 1. maí — 30. nóvember
 5. svæði: Gerpír—Hornafjörður
 1. marz — 31. október
- d. Fyrir skip í V. flokki:
 Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið.
 Bótatímabil skal vera frá 1. febrúar til 3. júní og 1. júlí til 30. nóvember.
- e. Fyrir skip í VI. flokki:
 Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið.
 Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

4. gr.

Fyrir hverja vertíð skal ráðherra samkvæmt tillögum sjóðstjórnar og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands isl. útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands ákveða meðalveiðimagn fyrir hvert veiðisvæði, bótatímabil og flokk og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem hafa eigi minni úthaldstíma en $\frac{3}{4}$ bótatímabilsins, en lækkar hlutfallslega ef úthaldstíminn er styttri. Þó skal meðalveiðimagn skipa í V. flokki ekki lækka fyrr en úthaldstíminn fer niður fyrir helming bótatímabilsins.

5. gr.

195

15. nóv.

Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það leggur úr höfn til veiða og tilkynna þá jafnframt hvar og með hvers konar veiðarfærum skipinu er ætlað að stunda veiðar. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk samkvæmt 2. gr. Skylt er einnig að tilkynna sjóðstjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bóta úr sjóðnum.

6. gr.

Það telst almennur aflabrestur ef meðalafli skipa í hverjum flokki er minni en 75% af meðalveiðimagni því, sem ákveðið verður samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur, og skal þá hvert skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafli skipa þess flokks fá bætt 40% af því, sem vantar á meðalafli, og síðan með vaxandi afla lækkanði hundradshluta bóta samkvæmt eftirfarandi reglum:

Skip, sem aflar	45 % af meðalafli fær	40 % bætur af því, sem á vantar	meðaltal.
— — — 46 — — —	—	39 — — —	—
— — — 47 — — —	—	38 — — —	—
— — — 48 — — —	—	37 — — —	—
— — — 49 — — —	—	36 — — —	—
— — — 50 — — —	—	35 — — —	—
— — — 51 — — —	—	34 — — —	—
— — — 52 — — —	—	33 — — —	—
— — — 53 — — —	—	32 — — —	—
— — — 54 — — —	—	31 — — —	—
— — — 55 — — —	—	30 — — —	—
— — — 56 — — —	—	29 — — —	—
— — — 57 — — —	—	28 — — —	—
— — — 58 — — —	—	27 — — —	—
— — — 59 — — —	—	26 — — —	—
— — — 60 — — —	—	25 — — —	—
— — — 61 — — —	—	24 — — —	—
— — — 62 — — —	—	23 — — —	—
— — — 63 — — —	—	22 — — —	—
— — — 64 — — —	—	21 — — —	—
— — — 65 — — —	—	20 — — —	—
— — — 66 — — —	—	19 — — —	—
— — — 67 — — —	—	18 — — —	—
— — — 68 — — —	—	17 — — —	—
— — — 69 — — —	—	16 — — —	—
— — — 70 — — —	—	15 — — —	—

Skip, sem fá 71—74% af meðalafli, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar að afli þeirra nái 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum. Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækka hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

195
15. nóv.

8. gr.
Við lok hvers veiðitímabils skal eigandi eða útgerðarmaður skips senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um útgerð skipsins á tímabilinu í því formi, sem sjóðstjórnin ákveður.

9. gr.

Nú leggur skip afla sinn á land í erlendri höfn og skal þá siglingartími skipsins ekki talinn með úthaldstímanum við útreikning bóta og verð á aflanum miðast við gangverð innanlands á sama tíma, enda sé tekið tillit til eðlilegrar rýrnunar á aflanum vegna siglingarinnar.

10. gr.

Rétt til bóta hafa eingöngu þeir, sem stunda fiskveiðar sem aðalatvinnu.

11. gr.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalaflla hlutaðeigandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem hlutaðeigandi skipum bæri samkvæmt hinni almennu reglu 7. gr. eða fella bætturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða.

12. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

Bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu taka til tímabilsins frá 1. janúar 1951.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútsvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. nóvember 1951.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

196
20. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Búðakauptúns.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Búðakauptúns er fyrirtæki, sem Búðahreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign sveitarsjóðs Búðahrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Búðakauptúns, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

196

20. nóv.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Búðakauptúns aflar raforku til almenningsþarfa í Búðakauptúni með því að vinna hana í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Búðahrepps og sá hluti nágreennis hreppsins, sem hreppsnefnd ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Búðakauptúns hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Búðakauptúns er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Búðakauptúns hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja

196 öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar 20. nóv. hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarkerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Búðakauptúns selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar, sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást í skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

196

20. nív.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Búðahreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notanda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af veitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitum eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

196 Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt
20. n. óv. hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið effirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Búðakauptúns.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo óg stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/- 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-effirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/- 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst. mælir sýnt $+/- 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju heimilisins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tím-

ann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema **196**
þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafid er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkvæmt gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar. **196** 20. nóv.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000.00 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máil.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð fyrir Rafveitu Búðakauptúns, nr. 85 16. október 1929.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um innflutningsbann á lifandi jurtum, grænmeti o fl. frá Evrópulöndum vegna gin- og klaufaveiki

197
21. nóv.

Vegna mikillar útbreiðslu gin- og klaufaveiki í flestum löndum Evrópu og samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 frá 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið að banna fyrst um sinn, þar til annað verður tilkynnt, allan innflutning frá löndum í Evrópu á lifandi jurtum, blómlaukum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

- 198** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skrúðgarðasjóð Reykjahrepps“, út-
21. nóv. gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. nóv. 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skrúðgarðasjóð Reykjahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigríði Stefánsdóttur og Baldvin Friðlaugssyni á Hveravöllum í tilefni af sjötugsafmæli þeirra.

2. gr.

Eign sjóðsins er nú samtals kr. 10077.48. Þar af kr. 10000.00 í tveim Laxárvirkjunarskuldbréfum.

Stofnfé þetta ásamt öðrum tekjum, sem sjóðnum kunna að hlotnast, má aldrei skerða, nema um vexti að því leyti, sem heimilað er síðar í þessari skipulagsskrá.

3. gr.

Aðalhlutverk sjóðsins er að hvetja íbúa Reykjahrepps og styrkja þá til að rækta við heimili sín skrúðgarða, sem séu til fyrirmyndar, að því er girðingar og alla umhirðu snertir.

4. gr.

Þegar skuldabréf Laxárvirkjunarinnar fara að gefa vexti, má verja $\frac{1}{2}$ vöxtunum:

- a. til að fá hæfan mann til þess að gera skipulagsupprætti að skrúðgörðum fyrir þá, sem þess óska;
- b. til þess að taka þátt í kostnaði við vandaðar girðingar um skrúðgarða;
- c. til þess að kaupa trjáplöntur til gróðursetningar í þessa garða;
- d. til að verðlauna þá, sem komið hafa upp hjá sér fyrirmyndar skrúðgarði, og má verðlaunaupphæð ekki vera minni en 200.00 kr. fyrir hvern garð.

5. gr.

Hreppsnefnd Reykjahrepps skipar stjórn sjóðsins og endurskoðendur hreppsreikninga eru endurskoðendur sjóðsins. Breytist stærð Reykjahrepps eða skipulag hans frá því, sem nú er, skal áhrifsvæði sjóðsins þó jafnan vera byggðin frá Kaldbak fram í Brekknaot.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu færðir í gerðabók, sem stjórn hans löggildir. Enn fremur skulu í bókina færðar allar fundargerðir sjóðstjórnarinnar og ákvarðanir, sem hún tekur, sjóðnum viðvíkjandi.

7. gr.

Þegar skuldabréf sjóðsins hjá Laxárvirkjuninni koma til útborgunar, skal verð þeirra lagt inn í Búnaðarbanka Íslands. Skulu $\frac{1}{2}$ vextir jafnan leggjast þar við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 20 þús. kr., en síðan $\frac{1}{4}$ þeirra.

Að öðru leyti skal sjóðurinn geymdur í sparisjóði í Húsavík í viðskiptabók.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er í sjálfsvald sett, hvort hún áskilur að sótt sé um styrk eða viðurkenningu úr sjóðnum vegna ræktunar skrúðgarða eða hún veitir það eftir eigin frumkvæði, að vel athuguðu máli.

Enn fremur er henni í sjálfsvald sett, hvort hún úthlutar árlega því fé, sem handbært er eða lætur falla úr röð eitt eða fleiri ár, ef ekkert er aðkallandi í þessu efni.

9. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, ber stjórn hans að hafa samband við afkomendur stofnenda hans og hlutast til, ef þörf gerist, að trjágróður sé ræktaður í grafreit stofnenda sjóðsins og honum sýnd fullkomin umhirða. Nauðsynlegan kostnað við gróðursetningu og hirðingu grafreitsins má greiða af óbundnum vöxtum sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

198

21. nóv.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

199

23. nóv.

fyrir landssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar.

A. Stofngjald.

1. Fyrir hvert talfæri	kr. 800.00
2. — aukabjöllu	— 160.00
3. — tengikvísl	— 200.00

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem vegna nýrra staura, nýrra jarðstrengja, nýs skiptiborðs eða rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöldin greiðast fyrir fram og í síðasta lagi um leið og síminn er tengdur í samband.

B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 700.00
2. — 1 línu með 2 talfærum í sama húsi	— 1040.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi og á sömu línu	— 340.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum	— 1200.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður).	
5. — vanalega aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 88.00
6. — stóra aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 140.00
7. — aukaheyrnartól	— 52.00
8. — tengikvísl	— 104.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B. stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði notendur eða hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannabóknunar fram til kl. 22 og $\frac{3}{4}$ kostnaðar eftir þann tíma.

II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.

	Stöðin opin		Allan sólar- hringinn
	kl. 8—21	kl. 8—24	
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	700.00	780.00	860.00
2. — 1 línu með 2 talfærum í sama húsi	1040.00	1140.00	1280.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	340.00	380.00	420.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum	1200.00	1340.00	1450.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður).			

- 199 5. Fyrir aukabjöllur, aukaheyrnartól og tengikvísar eru gjöldin hin sömu og
23. nóv. við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B I, 5.—8. lið.)

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin. Sé hins vegar um 2 eða fleiri sjálfstæða aðila að ræða með síma á sömu línu, greiði hver þeirra venjulegt afnotagjald (sbr. lið B. I. 1 eða B. II. 1 þessa kafla) að frádregnum 15%, ef þeir eru í sama húsi, en annars að frádregnum 10%.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem símanotendafjöldinn er undir 10, færast símaafnotagjalðið ofan í kr. 440.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri og kr. 600.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í sama húsi og kr. 860.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í 2 hús-um (ef leyft verður).

Ofanefnd gjöld í 1.—4. lið undir B I og B II hækka um 50% hjá alls konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að áliti símastjóra nota símann mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

C. Gjald fyrir flutning á talsímataekjum.

- | | |
|--|------------|
| 1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri | kr. 400.00 |
| (Flutningsgjald borgist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.) | |
| 2. Innanhúss, milli herbergja | — 180.00 |
| 3. — í sama herbergi | — 115.00 |
| 4. — fyrir aukabjöllu | — 115.00 |

Ofanefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýrra jarðstrengja, nýs skiptiborðs eða rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, skal hann greiða viðtökugjald kr. 400.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhalld á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-stöð, skal greiða tengigjald, kr. 250.00 á ári í kaupþúnum og kr. 160.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Engin talsímataeki eru leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
2. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

II. KAFLI

199

23. nóv.

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 síma	kr. 1200.00
2. — 1 aukasíma í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 400.00
3. — 1 aukasíma í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 460.00
4. — 1 aukasíma í sama húsi með bjöllusnara (hægt að tala á milli)	— 500.00
5. — 1 aukasíma í sama húsi með sérstaklega útbúnum sínum	— 600.00
6. — aukabjöllu (þó hærra á rökum stöðum)	— 115.00
7. — tengil	— 200.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símaþúnaðar en að framan greinir.

Framangreind gjöld miðast við síma innan takmarka, sem liggja 1 km eftir aðalsímalínu utan Hringbrautar í Reykjavík, en þó lengist þessi fjarlægð upp í 1.5 km utan Hringbrautar til Skerjafjarðar. Í Hafnarfirði og á Akureyri gilda framangreind gjöld innan þéttbyggðra hluta þessara kaupstaða, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Utan þessara takmarka reiknast viðbótarstofngjald kr. 100.00 fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en kr. 150.00 fyrir hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir, enda reiknast fjarlægðirnar að jafnaði eftir lengd aðalsímalínu. Standi hús meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðalsímalínur liggja, greiðist aukagjald, sem símastjóri ákveður í hvert skipti.

Stofngjöld greiðast fyrir fram, áður en verkið er framkvæmt.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau við notkun símans næstsíðasta ársfjórðung á undan.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalfjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:
 - a. Fyrir heimilissíma kr. 200.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 30 aurar fyrir hvert samtál þar fram yfir.
 - b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 320.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 30 aurar fyrir hvert samtál þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalfjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem símastjóri ákveður.

Framangreind afnotagjöld miðast í Reykjavík við Reykjavíkurbæ og Sel-tjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossvogsvog beina leið í Fossvog. Í Hafnarfirði og á Akureyri gilda framangreind gjöld innan þéttbyggðra hluta þessara kaupstaða, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Utan þessara takmarka reiknast fjarlægðargjald, kr. 15.00 ársfjórðungslega, fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en kr. 20.00 fyrir hverja byrjaða 500 m þar fram yfir, enda reiknast fjarlægðirnar að jafnaði eftir lengd símalínu.

199
23. nóv.

Heimilt er símastjóranum að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra, sem að hans athugun og dómi hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símastöðvarinnar.

Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi símastjóra, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn bæti við sig línu.

Samtöl milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (eða Hf. og R.) geta varað allt að 5 mínútum og teljast sem 3 innanbæjarsamtöl.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá símastjóranum.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 aukasíma í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	kr. 50.00
— 1 aukasíma í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 55.00
— 1 aukasíma í sama húsi með bjöllusnara (hægt að tala á milli)	— 75.00
— 1 aukasíma í sama húsi með sérstökum sínum (hægt að tala á milli)	— 80.00
— 1 tengil	— 10.00
— 1 aukabjöllu (þó herra á rökum stöðum)	— 10.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtala fjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 20.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 35.00 fyrir sjálfvirk borð (PBAX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða. Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 50 fyrir hvert talfæri.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri	kr. 600.00
(Flutningsgjald borgist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)	
2. Innanhúss, milli herbergja	— 180.00
3. — í sama herbergi	— 120.00
4. — fyrir aukabjöllu	— 120.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, enda eru fjarlægðargjöld við flutning hin sömu og þar segir.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni, skal hann greiða viðtökugjald kr. 600.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

199

1. Engin talsímatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
2. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

23. nóv.

III. KAFLI**Notendasímar landssímans í sveitum.**

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1000.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans árlegt afnotagjald sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð	kr. 220.00
2. fl. —	— 320.00
1. fl. B. —	— 400.00
1. fl. A. —	— 480.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annast hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips-hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.

IV. KAFLI**Loftskeytastöðvar og firðtalstöðvar.****A. Stöðvar í skipum.**

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskýtastöð eða talstöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagns-uppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.

- 199 3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skírteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skírteini loftskýtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
23. nóv. 4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhírðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
6. Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu váttryggð á sinn kostnað gegn hvers konar tjóni, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins.
7. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innfalið í leiguupphæðinni.
8. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir stöðina áður en uppsetningu er lokið, svo og leigu til næsta gjalddaga. Leiga fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga fyrir loftskýtastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
- Séu ársleigur ekki greiddar fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleigur ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leigur ekki greiddar innan 1 mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.
9. Stofngjöld, leigur og váttryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiótækja eru sem hér segir:

Gerð B. Loftskýtasendir (250 wött, 600 m svið og stuttbylgjusvið) ásamt viðtæki 4 lampa (15—20000 m).

Stofngjald	kr.	1820.00
Ársfjórðungsgjald	—	640.00
Váttryggingarupphæð	—	18000.00

Gerð C. Loftskýtasendir (150 wött, 600 m svið).

Stofngjald	kr.	1090.00
Ársfjórðungsgjald	—	460.00
Váttryggingarupphæð	—	12000.00

Gerð D. Loftskýtasendir (400 wött, 600 m svið).

Stofngjald	kr.	1820.00
Ársfjórðungsgjald	—	640.00
Váttryggingarupphæð	—	18000.00

Gerð E. Talsendir (15 wött, 182 m svið).

Stofngjald	kr.	730.00
Ársleiga	—	1090.00
Vátryggingarupphæð	—	7400.00

199
23. nóv.

Gerð F. Talsendir (10 wött, 6 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	450.00
Ársleiga	—	870.00
Vátryggingarupphæð	—	6000.00

Gerð G-12. Talsendir (4 wött, 2 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	190.00
Ársleiga	—	620.00
Vátryggingarupphæð	—	4200.00

Gerð GV. Talsendir (10 wött, 3 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	370.00
Ársleiga	—	660.00
Vátryggingarupphæð	—	5000.00

Gerð M. Loftskeyta- og talsendir (60/25 wött, 600 m og 182 m sviðið).

Stofngjald	kr.	1090.00
Ársleiga	—	1310.00
Vátryggingarupphæð	—	10000.00

Gerð VE. Viðtæki fyrir tal og loftskeyti.

Stofngjald	kr.	370.00
Ársleiga	—	440.00
Vátryggingarupphæð	—	4000.00

Gerð VF. Viðtæki til að tengja við talsendi, gerð F eða GV.

Stofngjald	kr.	300.00
Ársleiga	—	300.00
Vátryggingarupphæð	—	2500.00

Gerð VEM-1. Miðunarbúnaður (með inniramma).

Ársleiga	kr.	220.00
Vátryggingarupphæð	—	1500.00

Gerð VEM-2. Miðunarbúnaður (með útiramma).

Stofngjald	kr.	370.00
Ársleiga	—	550.00
Vátryggingarupphæð	—	3300.00

Gerð VFF. Formagnari fyrir miðunarbúnað.

Ársleiga	kr.	150.00
Vátryggingarupphæð	—	1000.00

Stofngjöld, leigur, vátryggingargjöld o. þvl. fyrir aðrar gerðir radiótækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

- 199 10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.
23. nóv. 11. Taki landssíminn í sínar hendur að annast váttryggingu talstöðva þeirra, er hann lætur á leigu, ber leigutaka að greiða váttryggingar-iðgjaldið samtímis með leigunni og er lögtaksréttur á því eins og sjálfri leigunni.

B. Firðtalstöðvar, sem landssíminn lætur á leigu til afskekkttra bæja, þar sem símar ná ekki til.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirsögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslu-útbúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni sé haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef viðgerðar er þörf.
6. Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu váttryggð á sinn kostnað gegn hvers konar tjóni, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins.
7. Firðtalsstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landsímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst- og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða —, hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
8. Fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil eða hvert 10 orða talskeyti, önnur en þjónustuskeyti og veðurskeyti, milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, er gjaldið kr. 5.00, en 50 aurar fyrir hvert orð þar fram yfir, og skiptist til helminga milli leigutaka og landssímans, en auk þess greiðist venjulegt skeytagjald til landssímans, ef skeytið á að ganga lengra en til þeirrar landssímastöðvar, sem stöð leigutaka afgreiðir við. Af skeytum, sem tekið er við frá öðrum stöðvum landssímans, má ekkert gjald taka.
9. Ársleigan greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigu-tími er 2 ár.

10. Stofngjald, leiga og váttryggingarupphæð fyrir hinar ýmsu gerðir tækja er hið sama og fyrir sams konar tæki samkvæmt A. 9. lið þessa kafla. **199** 23. nóv.
11. Taki landssíminn í sínar hendur að annast váttryggingu talstöðva þeirra, er hann lætur á leigu, ber leigutaka að greiða váttryggingar-iðgjaldið samtímis með leigunni og er lögtaksréttur á því eins og sjálfri leigunni.

V. KAFLI

Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl:

Um	0— 25 km línulengd	kr.	3.00
—	25—100 — —	—	5.00
—	100—225 — —	—	7.00
—	225—350 — —	—	9.00
	Yfir 350 — —	—	11.00

2. Hraðsímtöl: 3-falt venjulegt símtalagjald.

3. Forgangshraðsímtöl: 10-falt venjulegt símtalagjald.

4. Kvaðning: kr. 1.50.

5. Boðsending: kr. 4.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður út simtalinu eða ekki.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og millríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandstöðvar er fyrir íslensk skip samanlagt:

- Venjulegt símtalagjald milli strandstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst 4.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
- Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandstöðvar.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

- Venjuleg símskeyti: 50 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 5.00.
- Innanbæjarskeyti: 30 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 3.00.
- Blaðaskeyti: 10 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
- Hraðskeyti. Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 10.00.
- Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.

- 199** 6. **Símapóstávisanir:** Gjald kr. 10.00 án tillits til orðafjölda.
23. nóv. 7. **Heillaskeyti:** Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 5.00—10.00 eftir gerð eyðublaðsins.
Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 10.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 8.00.
8. **Samúðarskeyti:** Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalásjóðs.
9. **Loftskeyti og talskeyti:** Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenskar strandstöðvar er samanlagt:
- Venjulegt innanlands símskeytagjald.
 - Strandargjald, 60 aurar fyrir orðið.
 - Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.
- Fyrir loftskeyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.
10. **Afhending símskeyta í talsíma** til eða frá talsímanotanda kostar kr. 2.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. **Afturköllun á símskeyti** kostar 75 aura, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. **Sendiferðir með símskeyti.** Símskeyti eru send ókeypiss allt að 1 kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 4.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. **Fyrirfram greitt svar (RP).** Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. **Margar nafnkveðjur (TM).** Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 3.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 1.50 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. **Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC).** Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. **Viðtökuskírteini símleiðis (PC).** Gjaldið er sama og fyrir 6 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
- Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu

koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákvík 23. nóv. keppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélasambönd.

I. Stofngjald.

1. 1 samband (2 fjarritvélar og lína á milli)	kr. 12000.00
2. 1 aukafjarritvél í sama húsi	— 6000.00
3. 1 aukafjarritvél í öðru húsi og lína þangað (ef leyft verður)	— 7500.00

II. Árlegt afnotagjald.

1. 1 samband (2 fjarritvélar og lína á milli)	kr. 8880.00
2. 1 aukafjarritvél í sama húsi	— 4280.00
3. 1 aukafjarritvél í öðru húsi og lína þangað (ef leyft verður)	— 4780.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulega gerð fjarritvéla (gerð nr. 14 eða nr. 15) og við línu allt að 1 km frá sírstöðinni, ef hún er til í jarðstreng á milli húsanna, sem fjarritvélar eru í, en sé um lengri línu eða nýlögð að ræða eða uppsetningin krefst að öðru leyti tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, verður stofngjald og afnotagjald ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Í afnotagjöldum er fölginn viðhaldskostnaður á fjarritvélum og línunum. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Leigutaki er skyldur að hafa hverja fjarritvél, sem er í hans vörzlu, váttryggða gegn hvers konar tjóni fyrir kr. 27500.00.

Stytztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

B. Jarðsímálínur.

Séu jarðsímálínur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en árleg leiga á hvern km vera þessi:

1. Fyrir 1 línu í langlínustreng 1.4 mm	kr. 540.00
2. Fyrir 1 línu í langlínustreng 0.9 mm	— 420.00
3. Fyrir 1 línu í innanbæjarstreng 0.6—0.7 mm	— 280.00

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu á símnefni greiðist kr. 165.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 sírstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 30.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

199

23. n.óv.

X. KAFLI

Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni og í einni línu í númeraskránni, þar sem hún er.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 12.00. Séu auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 30.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazzt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu, þó að auka-símanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Feitt letur í skrá, hver lína	kr. 25.00
2. Aukanafn í skrá	— 30.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 12.00
4. Aukanafn með feitu letri (1 lína) kr. 30.00 + kr. 25.00 =	— 55.00

Aukalínur eru taldar: ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 30.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk eða skrá fleiri en eitt símanúmer við nafn sitt, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 7.00. Ef nafnið óskast skráð með feitu letri, kostar það kr. 15.00. Skáletursauglýsingalínur við nafn kosta kr. 18.00 fyrir hverja línu.

XI. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Stofnun og rekstur landssímastöðva og samband þeirra við talsímanotendur o. fl. Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi almenn ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórnin sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.
3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.

4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta **199** fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venju- 23. nóv.
legu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðva verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 4.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, er ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.
Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 4.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu gera mánaðarlega reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

B. Skilmálar fyrir talsímanotendur landssímans.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða að fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynnir það forstjóra talsímastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og heimtað, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Enginn má sjálfur gera eða láta gera neinar breytingar á talsímasamböndum eða flytja talfærin úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kaптúnunum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataækjum og símalögnum.
4. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símataeki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og héra þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti. Notanda er enn fremur skylt að hafa símataeki og innanhússlagnir vátryggð á sinn kostnað fyrir eldshættu, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins. Vátryggingarupphæðin er kr. 1100.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúrir o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef

199
23. nóv.

- ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sötthreinsun talfæra.
5. Ef eitthað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá heimta endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin taka yfir meira en 10 sólarhringa á ári.
 6. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssíminn slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
 7. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 296. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

C. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á borguninni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um samtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafist.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi viku eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lög-taki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

D. Leigutími.

Engin símataeki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir, að símasambandið er fullgert. Þegar ræða er um samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landsíminn heimtað, að skemmstur leigutími sé lengri.

E. Uppsögn.

Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

F. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

G. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

XII. KAFLI

Gildistaka.

199

23. nív.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-skipti, og gengur í gildi 1. janúar 1952, nema ákvæði II. kafla B 1 í a- og b-lið um lækkun frísamtalafjöldans og gjaldhækkun umframsímtala, sem ganga í gildi 1. júlí 1952. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur landsímans frá 21. apríl 1950.

Póst- og símamálaráðherrann, 23. nóvember 1951.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hlíðdal.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorbjargar Páls-
dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. nóv. 1951. 21. nív.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóð Þorbjargar Pálsdóttur og er stofnaður til minningar um Þorbjörgu Pálsdóttur, sem var fædd 6. apríl 1849, gift í fyrra sinn 1872 Jóni Hjartarsyni, presti á Gilsbakka. Hann lézt 1881. Síðari maður Þorbjargar var Páll Helgason. Þuggu þau yfir 40 ár á Bjarnastöðum. Páll lézt 1924. Þorbjörg andaðist í Fljótstungu 1. júní 1951, og var jarðsett að Gilsbakka 11. s. m.

2. gr.

Stofn sjóðsins er eitt þúsund krónur, sem Jakob Guðmundsson á Húsafelli gaf til minningar um Þorbjörgu við jarðarför hennar. Við þá upphæð hafa börn Þorbjargar lagt fjögur þúsund eitt hundrað þrjátíu og sex krónur, er sveitungar og aðrir vinir Þorbjargar höfðu fært henni, er hún átti 100 ára afmæli.

Sjóðinn má auka með hvers konar gjöfum eða upphæðum, sem gefnar eru í sama tilgangi og tengdar við minningu hinnar látnu konu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gamalmenni í Hvítársíðuhreppi, sem ekki njóta styrks úr hreppssjóði.

4. gr.

Sjóðurinn er undir umsjá hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps og ræður hún úthlutun úr sjóðnum í hvert sinn og ber ábyrgð á varðveislu hans.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins smá aldrei skerða. Við hann leggjast allar gjafir, samkv. 2. gr., og $\frac{2}{3}$ árlegra vaxta. $\frac{1}{3}$ vaxta koma til árlegrar úthlutunar samkv. 3. gr. Telji hreppsnefnd ekki ástæðu til úthlutunar eitt ár eða fleiri, leggjast allir vextir við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn hefur vaxið að mun, getur hreppsnefndin, ef hún telur það heppilegt, hækkað útborgunarhlutfall vaxtanna.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

GJALDSKRÁ

um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

1. Burðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar				Til annarra landa			
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burðargj.aur.		Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.		Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	
			staðar	rikis								
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. I ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm. 2000 g Fyrir bréf yfir 500 g er ríkistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	75 150 300 500	125 250 500 750	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20 125 250 500 750	125 250 500 750	Sama og innanlands	20 40 60 80	20 40 60 80	150 240 330 420	
Bréfspjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm	50 100	50 100	60 120	Sama og innanlands		60 120	Sama og innanlands	hver 20 par yfir		90 180	
Verzlunar- skjöl	Stærð sömu og bréfa Þyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 par	75 75 100 125	125 125 125 150	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 par	125 125 125 150	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 par yfir		150 30	

Prent	Stærð sömu og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver 50 þar yfir	50 75	60 90	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 þar yfir	60 90	Stærð sömu og bréfa Þyngd 3000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfsþjöld	50 100 hver 50 þar yfir	60 90
Blindra- prent	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	15	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15
Sýnishorn	Stærð sömu og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	50 75	60 90	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 þar yfir	60 90	Stærð sömu og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	60 90
Blöð og tímarit	50×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóst- um. Það skal vegið allt í einu, sem látið er í póst í einu. Innritun- argjald er 20 kr., er greiðist í fyrsta sinn og blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs.	500	100	100	Böggjar: a. Með skipum á hafnarstaðina og með bifreiðum. b. Með landpóstum. Hámark þyngdar og stærðar: a. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm ³ 5 kg eða minna, 80 dm ³ yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm ³ yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm ³ yfir 15 kg. b. 40×24×24 cm.					
Póst- ávisanir	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar	75 aurar 150 — 100 kr. 50 —			Burðargjald: a. Sjóveg og með bif- reiðum b. Með landpóstum: Sumar ^{15/4} — ^{14/10} Vetur ^{15/10} — ^{14/4}	að 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg aurar 500 1000 1300 2200 3000 3700				
Póstkröfur	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar	175 aurar 250 — 100 kr. 50 —			Staðartaxti er halft burðargjald eins og undir a. Séu böggjar rúmfrækir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50%.					

2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Grænland), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	150 aurar	150 aurar	200 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal greiða bæði skrásetningargjald og ábyrgðargjald).	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna 270 aurar
Fyrir afturköllun, utanáskriftarbreytingu, afnám eða lækkingu um póströfuupphæðar	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Fyrir fyrirsöfnun um sendingu	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Hraðboðagjald	250 aurar, þar sem er daglegur bréfaúthurður 1 km frá pósthúsinu, annars 250 aurar fyrir hvern km	250 aurar	300 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	125 aurar 200 aurar	125 aurar 200 aurar	150 aurar 200 aurar
Kvittun fyrir tolli, borgaðri póströfu, frímerkja- eða eyðublaðakaupum	10 aurar		

Talning í verðbréfi	Fyrir 500 kr. 25 aurar, fyrir 1000 kr. 40 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 20 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda
Alþjóða-svarmerki	Söluverð 200 aurar, skiptiverð 150 aurar í frímerkjum	
Skilríkisþjöld	375 aurar	
Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	200 aurar	
Fyrir tollmeðferð	200 aurar	
Fyrir staðfestingu á innihaldi	20 aurar fyrir hverjar 10 línur, minnst 100 aurar	

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. jan. 1952. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 21. apríl 1950.

Póst- og símanálaráðherrann, 23. nóvember 1951.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

202

27. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerð nr. 152 1. ágúst 1951,
um stóreignaskatt samkvæmt 12. gr. laga nr. 22 1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði ríkisskattanefndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 31. janúar 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi síðasta málsgrein 1. gr. reglugerðar nr. 152 1. ágúst 1951.

Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

203

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, árið 1950.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1950, B. bls. 536):		
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 35900.20	
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 8448.67	
		kr. 64348.87
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini	kr. 1654.10	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1723.20	
c. — bankainnstæðu	— 282.51	
		— 3659.81
		Kr. 68008.68

G j ö l d :

1. Styrkur veittur	kr. 1450.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 36072.52
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 10486.16
	— 66558.68
	Kr. 68008.68

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 1951.

Jónas Guðmundsson.

G J A L D S K R Á**fyrir Rafveitu Búðakauptúns.****204**
26. nív.**I. RAFORKA**

Rafveita Búðakauptúns selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 75 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt gólfflatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélar.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Önnur notkun.

1. Raforku til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða skal selja um kwst.mæli á 75 auru hverja kwst., enda séu suðutækin fasttengd og notkunin mæld um sérmæli.
2. Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
3. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjórn þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjórn ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum allt að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 9.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 13.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

204

III. HEIMTAUGARGJALD

26. nóv.

Af sérhverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss á þann hátt, er hér segir:

Rúmmál húss m ³ :		Heimtaugargjald jarðstrengs:
Frá	0 allt að 100	kr. 500.00
—	100 — — 150	— 575.00
—	150 — — 200	— 650.00
—	200 — — 250	— 725.00
—	250 — — 300	— 800.00
—	300 — — 350	— 875.00
—	350 — — 400	— 950.00
—	400 — — 450	— 1025.00
—	450 — — 500	— 1100.00
—	500 — — 550	— 1175.00
—	550 — — 600	— 1250.00
—	600 — — 650	— 1325.00
—	650 — — 700	— 1400.00
—	700 — — 750	— 1475.00
—	750 — — 800	— 1550.00
—	800 — — 850	— 1625.00
—	850 — — 900	— 1700.00
—	900 — — 1000	— 1800.00
—	1000 — — 1200	— 2000.00
—	1200 — — 1500	— 2200.00
—	1500 og þar yfir	— 2400.00

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemi 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Standi sérstaklega á eða óvenjulegir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Raforkuverð samkvæmt I. kafla gjaldskrárinnar miðast við, að útsöluverð dieselolíu í Búðakauptúni sé 820 kr. tonnið, en fyrir hverjar 20 kr., sem verð á olíutonna hækkar eða lækkar frá því, skal orkuverðið hækka eða lækka um 1 eyri hver kwst. á öllum liðum.

VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

204

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

26. nóv.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar, nr. 86 16. október 1929, ásamt síðari breytingum, og bráðabirgðagjaldskrá nr. 147 13. júlí 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

205

28. nóv.

um vernd barna og ungmenna í Suðureyrarbornaskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Suðureyrarhrepps er bannað að selja börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Bannað er að selja börnum innan 12 ára aldurs:

- a. Öl og gosdrykki til neyzlu inni í verzlunum;
- b. spýtubrjóstsýkur;
- c. aðrar þær sөлgætisvörur, sem að dómi héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt óhollar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar, kvikmyndasýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á, að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börn á barnaskólaaldri mega ekki vera á almannaþæri eftir kl. 21 á tímabilinu frá 15. september til 15. apríl, og ekki eftir kl. 23 á öðrum tíma árs, nema í fylgd með fullorðnum. Unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki vera á almannaþæri eftir kl. 22 á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl og ekki eftir kl. 24 á öðrum tíma árs, nema með sömu skilyrðum og í 1. málsgrein segir. Foreldrum eða forráðamönnum ber að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má beita réttindasviptingu samkv. almennum hegningarlögum nr. 19/1940, ef miklar sakir eru.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. nóvember 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

206
4. des.

SAMPYKKT

fyrir Vatnafélag Mýrahrepps, Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Mýrahrepps. Heimili þess og varnarþing er Mýrahreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum, að veita Hólmsá að væntanlegu brúarstæði og varna henni að ganga á jarðir sveitarinnar að vestan og austan. Félagið getur aukið starfssvið sitt, ef meiri hluti félagsmanna er því samþykkur.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Borgar, Baldurshaga, Geirsstaða, Hólms, Lambleksstaða, Einhólts, Árbæjar, Brunnhóls og Digurholts, er liggja að vatnsvæði Hólmsár. Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar atvinnuáráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaganna.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn og aðrir 3 í varastjórn, er kosnir skulu til 3 ára í senn, og gengur einn úr á ári eftir hlutkesti fyrstu 2 árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga félagsins.

5. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar fram lagður endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meiri hluta mættra atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessar þarf $\frac{2}{3}$ hluta mættra atkvæða. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar ef þörf krefur, en skylt ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur framangreindra jarða og gildir 1 atkvæði fyrir hverja landareign. Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitarfunda. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Formaður kveður til stjórnarfunda svo oft sem honum þykir þurfa, svo og ef einhver meðstjórnandi óskar þess. Skylt er stjórninni að halda gerðabók. Þar skal rita fundargerðir félagsfunda.

6. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna, og einnig eftir hagsbótum þeim, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni eftir mati 3 manna, er félagið kýs til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skipting kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna, og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum. Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annars staðar að.

7. gr.

Formaður félagsstjórnarinnar hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Skal hann í samráði við meðstjórnendur sína annast um að gert verði við bilanir svo fljótt sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega af þar til hæfum manni, að tilhlutun formanns, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra). Félagsmenn skulu ávallt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu á vegum félagsins, fyrir verkamenn, hesta, bifreiðar og önnur vinnutæki.

206

4. des.

8. gr.

Allan sameiginlegan kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægjanlegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin lögtaki. Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar, er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama rekningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum ráðunautar ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til umbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en félagsstjórn hefur áformað, og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur og ástæður leyfa.

10. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum ráðunautar ríkisstjórnarinnar þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða allt að 500 kr. sektum, er renna í félagssjóð.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

207
5. des.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 44 5. apríl 1951, um söluskatt.

1. gr.

Aftan við C-lið 6. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við framleiðslu vara úr kjöti skal iðnaðarfyrtæki heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði varanna innkaupsverð kjötsins, sem notað hefur verið í framleiðsluna. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjótaleggi eða þess háttar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. desember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

208
6. des.

AUGLÝSING

um bann gegn innflutningi á jólatrjám, slátur- og mjólkurafurðum o. fl. vegna gin- og klaufaveikihættu.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berizt til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið að auk þeirra vara, sem bannaður er innflutningur á í lögunum og auglýsingu ráðuneytisins, dags. 21. f. m., þá skuli bannaður frá Evrópu innflutningur á trjám (jólatrjám), trjágreinum og trjákönglum, slátur- og mjólkurafurðum hvers konar, eggjum, svo og húðum. Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land má þó flytja inn, enda séu þær sótthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

209

7. des.

um breyting á reglugerð fyrir lendingarbótasvæðið á Sveinseyri við Tálknafjörð,
nr. 66 29. apríl 1947.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt 10., 12. og 15. gr. reglugerðarinnar skulu hækka um 100%, en gjald samkvæmt 11. gr. hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

210

10. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1952.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 91/1951 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1952.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á islenzkum kvikmyndum eru undanþegnar skattaúkanum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. desember 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

211

10. des.

fyrir Rafveitu Suðureyrar.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Suðureyrar er fyrirtæki, sem Suðureyrarhreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um Suðureyrarkauptún og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Suðureyrarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Suðureyrar, og skal hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Suðureyrar aflar raforku til almenningsþarfa á Suðureyri með því að vinna hana í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Suðureyrarkauptúns og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Suðureyrar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Suðureyrar er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála Suðureyrar.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Suðureyrar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborg-

unum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið full- **211**
nægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja 10. des.
öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Suðureyrar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar, sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera

211 meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuld-
10. des. bindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á Suðureyri, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er

á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. 211

10. des.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Suðureyrar.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrsskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $\pm 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda, miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið

211
10. des.

skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, **211** er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, **10. des.** svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsvéitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júni, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{1000}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf má-

211 aðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notk-
10. des. unarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að árangurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um meðferð og notkun rafmagns í Suður-eyrarhreppi, nr. 77 31. ágúst 1931.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

212

31. des.

um notkun heimildar laga frá 24. des. 1951, um að fella niður verðtoll af kornvörum og lækka tolla af sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga frá 24. des. 1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að á árinu 1952 skuli:

1. Fella niður verðtoll af:
 - a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
 - b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
 - c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
 2. Lækka um helming tolla af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.
- Eigi skal heimta verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING

213

31. des.

um breyting á reglugerð nr. 167 21. des 1946 um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. janúar 1952 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slysaþættu vera sem hér segir:

1. áhættuflokkur	120	aurar á viku.
2.	—	180	— — —
3.	—	240	— — —
4.	—	360	— — —
5.	—	600	— — —
6.	—	700	— — —
7.	—	800	— — —
8.	—	900	— — —
9.	—	1200	— — —
10.	—	1500	— — —

6. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 150 aurar“ komi: vikugjald 120 aurar.
 7. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 200 aurar“ komi: vikugjald 180 aurar.
 8. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 240 aurar.
 9. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 360 aurar.
 10. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 500 aurar“ komi: vikugjald 600 aurar.
 11. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 600 aurar“ komi: vikugjald 700 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á reglugerð nr. 167 1946, sem birtar voru með auglýsingum nr. 205 28. des. 1949 og nr. 1 3. jan. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

214
31. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951, um innheimtu ýmissa gjalda 1952 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951 og innheimta á árinu 1952 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1952.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

215
31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 185 22. okt. 1951 um breyting á reglugerð nr 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl. samkv. lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina breytist svo:

2. Í stað „kr. 5.60 á viku“ komi: kr. 6.70 á viku, og í stað kr. 4.22 á viku“ komi: kr. 5.05 á viku. Ákvæði þessi ná aðeins til lögskráðra sjómanna fyrir janúar og febrúarmánuð 1952, en að öðru leyti verða iðgjöld samkvæmt 112. gr. laga nr. 50 1946 ákveðin þegar kaupgjaldsvisitala marzmánaðar 1952 er kunn.
3. Í stað „kr. 200.00“ komi: kr. 280.00, og í stað „kr. 150.00“ komi: kr. 210.00 (1. verðlagssvæði). Enn fremur í stað „kr. 150.00“ komi: kr. 210.00, og í stað „kr. 120.00“ komi: kr. 170.00 (2. verðlagssvæði).

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 119 29. des. 1951, um breyting á lögum nr. 51/1951 um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1951.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum 26. sept. 1951, nr. 82.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 10. sept. 1951, nr. 83.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar mánuðaginn 1. október 1951, undirskrifað af forsetanum 17. sept. 1951, nr. 84.

Auglýsing um breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 9. október 1951, nr. 85.

Lög um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda, undirskrifuð af forsetanum 10. október 1951, nr. 86.

Lög um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar, undirskrifuð af forsetanum 13. október 1951, nr. 87.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag, nr. 88.

Auglýsing um bráðabirgða verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands og samkomulag um vernd höfundaréttar og einkaréttar í atvinnurekstri, undirskrifuð af utanríkisráðherra 8. nóvember 1951, nr. 89.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýskalands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. nóvember 1951, nr. 90.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 17. nóvember 1951, nr. 91.

Forsetabréf um breytingu á forsetabréfi nr. 114/1945, um starfsháttu orðunefndar, undirskrifað af forsetanum 13. október 1951, nr. 92.

Lög um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 27. nóvember, nr. 93.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 94.

Lög um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild), undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 95.

Lög um breyting á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 28. nóvember 1951, nr. 96.

Lög um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 97.

Lög um breyting á lögum nr. 47/1950, um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 3. desember 1951, nr. 98.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 99.

Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 7. desember 1951, nr. 100.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. desember 1951, nr. 101.

Fjárlög fyrir árið 1952, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1951, nr. 102.

Lög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og

annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, undirskrifuð af forsetanum 15. desember 1951, nr. 103.

Lög um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1951, nr. 104.

Lög um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1951, nr. 105.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 106.

Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1951, nr. 107.

